# Fjölnir

## ÁRSSKÝRSLA 2018




Þorgils G

# Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2018 var afmælisár hjá Ungmennafélaginu Fjölni en félagið varð 30 ára 11 febrúar 2018.

Árið byrjað á frábæru þorrablóti sem heldur áfram að vaxa  og hefur góð stemming og gleði einkennt viðburðinn. Áfram var unnið að eflingu á aðstöðu félagsins sem náði hámarki með vígslu á Fjölnishöllinni  í nóvember en æfingar í Fjölnishöllinni hófust í ágúst og er húsið að reynast vel og það styrkir starf félagsins að geta æft margar greinar á sama stað.

Uppgangur er í félagslífinu okkar sem sést best á frábæru starfi í getraunakaffinu sem er í Egilshöllinni og er orðin fastur liður hjá mörgum að koma við og fá sér kaffi, tippa og hitta aðra. Það virðist vera að ganga eftir. Færslan á skrifstofu og félagsaðstöðu í anddyri Egilshallar er að skila sér í meiri samstarfi og samstöðu á milli fólks í hinum ýmsu deildum félagsins en það er einmitt það sem gerir þetta félag öflugt og spennandi.   Í öllum deildum félagsins var unnið gott starf og margir sigrar unnust og margar góðar minningar urðu til í okkar fjölbreytta starfi sem félagið stendur fyrir,



*Guðmundur L Gunnarsson*

þar sem kraftmiklir, iðkenndur, stjórnarfólk, forráðamenn og foreldrar  draga vagninn með góðu fordæmi.  Varðandi nýliðun í starfi félagsins þarf að halda áfram að gera umhverfið spennandi fyrir fólk, til að koma að starfinu og taka þátt í gefandi verkefnum sem eru mörg og mjög fjölbreytt og við allra hæfi.

Í lok ársins var tekin stór ákvörðun um að taka yfir starfsemi Skautafélagsins


FJÖLNIR
FJÖLNIR
Tilda

Bjarnarins. Við það stofnuðust tvær nýjar deildir í Fjölni, *hokkideild* og *listskautadeild*. Við bjóðum allt skautafólk velkomið í Fjölni og hlökkum til að vinna með þessum nýju deildum í framtíðinni. Með þessari sameiningu verður Fjölnir með hátt í 4.000 iðkendur og orðið eitt stærsta félag landsins með fjölbreytt þjónustuúrval fyrir iðkendur á öllum aldri. Þetta þýðir líka að við erum komnir með mjög umfangsmikla starfsemi á okkar heimavelli í Egilshöll.

Samstarfið við Korpúlfa sem er félagsskapur eldri borgara í Grafarvogi hefur gengið mjög vel og hefur fjölgað verulega í þeim hópi sem kemur til okkar og sækir sér hreyfingu og félagsskap. Við vonumst til að þessi félagsskapur haldi áfram að vaxa og dafna á næstu árum.

Frístundaaksturinn hjá okkur hefur gengið vel og samstarf við frístundaheimilin hefur verið að aukast enda er fjöldi barna orðin um 500 sem ferðast með okkur í viku hverri. Vegna umfangsins er fjárhagslegur rekstur á þessu verkefni erfiður og hefur ÍBR ekki getað tryggt nægilega fjármuni í verkefnið. Munum við fara yfir verkefnið á vormánuðum 2019 og ákveða með framhaldið en við merkjum mikla ánægju hjá forráðamönnum og börnum með þessa þjónustu.

Enn er unnið að því að tryggja frjálsíþróttadeildinni pláss í austurenda Egilshallar en það tekur stundum langan tíma að klára svona verkefni, þó svo að þetta sé hagstæðasta lausnin fyrir þessa deild sem hefur litla aðstöðu í dag. Við bindum vonir við að okkur takist að ljúka þessu máli fyrir sumarið 2019. Við hófum framkvæmdir við nýja búningsklefa fyrir meistaraflokka félagsins í knattspyrnu í samstarfi við Reginn og er gert ráð fyrir að þeir verði vígðir í apríl 2019. Hugmyndavinna fyrir nýjan aðalvöll í Egilshöll fyrir knattspyrnu er komin í gang og vonumst við eftir að niðurstaða í því máli liggi fyrir í apríl 2019.

Á nýju ári verður áfram unnið af krafti við að gera félagið öflugt og spennandi fyrir alla aldurshópa enda eru verkefnin mörg og margvísleg og ættu flestir að finna sér eitthvað við hæfi, hvort sem það er í íþróttum eða félagsstarfinu.

Starfsfólk, iðkendur, stjórnarfólk og sjálfboðaliðar hafa allir staðið sig vel á árinu og sýnt að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni og vinna úr þeim félaginu og sér til sóma.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega vil ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir mikinn áhuga og metnað fyrir hönd félagsins.

Árið 2019 mun verða fjörugt og við munum einbeita okkur að því að hlúa að starfinu í félaginu og markaðs og kynningarmálum. ***#FélagiðOkkar***

*Guðmundur L Gunnarsson*
*Framkvæmdastjóri*

# Aðalstjórn

**STJÓRN KJÖRIN Á AÐALFUNDI 7. MARS 2018**

**Formaður**
Jón Karl Ólafsson

**Stjórnarmaður**
Ásta Björk Matthíasdóttir

**Stjórnarmaður**
Elísa Kristmannsdóttir

**Stjórnarmaður**
Hreinn Ólafsson

**Stjórnarmaður**
Jósep Grímsson

**Ritari**
Styrmir Freyr Böðvarsson

**Varaformaður**
Sveinn Ingvarsson

# Starfsmenn

**STARFSMENN EGILSHALLAR**
**SKRIFSTOFA FJÖLNIS**
**Framkvæmdastjóri**
Guðmundur L Gunnarsson
gummi@fjolnir.is / 578-2700
**Íþrótta- og félagsmálastjóri**
Málfríður Sigurhansdóttir
malfridur@fjolnir.is / 578-2702
**Íþróttafulltrúi**
Hermann Kr Hreinsson
hemmi@fjolnir.is / 578-2703
**Bókhald**
Ragnheiður G Jóhannesdóttir, 578-2704
bokari@fjolnir.is
Hjá þeim er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemi félagsins.

**STARFSMENN DALHÚSA - ÍÞRÓTTAHÚS**
**Rekstrarstjóri í Dalhúsum og vallarstjóri**
Zoran Stosic
zoran@fjolnir.is/862-6113
**Starfsmaður í Dalhúsum**
Boban Ristic
dalhus@fjolnir.is / 690-0242
**Starfsmaður í Dalhúsum**
Sigríður Rut
dalhus@fjolnir.is / 690-0242

**AÐRIR STARFSMENNN**
Berglind Bjarnadóttir,
**VERKEFNASTJÓRI FIMLEIKADEILDAR**
fimleikar@fjolnir.is

Gunnar Már Guðmundsson,
**yfirþjálfari knattspyrnudeildar**
gunnar@fjolnir.is

Halla Karí Hjaltested,
**rekstrarstjóri fimleikadeildar**
hallakari@fjolnir.is/661-6520

Jónas Valgeirsson,
**verkefnastjóri hópfimleika**
jonas@fjolnir.is

Þorgerður Ósk Jónsdóttir,
**verkefnastjóri fimleikadeildar**
gerda@fjolnir.is


*Málfríður Sigurhansdóttir*


*Sigríður Rut*


*Hermann Kr Hreinsson*


*Þorgerður Ósk Jónsdóttir*


*Ragnheiður G Jóhannesdóttir*


*Berglind Bjarnadóttir*


*Arnór Ásgeirsson*


*Halla Karí Hjaltested*


*Jónas Valgeirsson*


*Boban Ristic*

# Fjölnir skipulag




Notaðu
N1 punktana
...til að kaupa eldsneyti, gómsætan bita og kaffibolla eða til að lækka verðið á nýju dekkjunum enn meira.
Nesti
Alpin
MICHELIN
N1
Þú færð afslátt og punkta með N1 kortinu
N1 punktarnir eru inneign sem safnast hratt upp þegar þú verslar á N1 og gildir einn punktur sem ein króna í öllum viðskiptum við N1 um allt land. Ef þú ert ekki með N1 kort þá sækirðu einfaldlega um eitt í hvelli á N1.is.
Alltaf til staðar
N1
ENNEMM / SÍA / NM90814


Skýrsla aðalstjórnar




ÍÞRÓTTABANDALAG VESTMANNAEYJA


VELKOMIN
FJÖLNIR

# Skýrsla aðalstjórnar Fjölnis fyrir rekstrarárið 2018

Síðasta ár var afmælisár Fjölnis, þar sem félagið varð 30 ára gamalt í upphafi árs. Það má segja að afmælisárið hafi verið viðburðaríkt og eins og alltaf skiptust á skyn og skúrir í rekstrinum. Það er þó alveg ljóst, að félagið hefur áfram vaxið og stækkað og hefur styrkt stöðu sína sem stærsta íþróttafélag landsins. Skautafélagið Björninn sameinaðist Fjölni í lok ársins og bættust því tvær deildir við í fjölbreyttu starfi félagsins. Ég vil bjóða alla þessa nýju iðkendur og aðstandendur þeirra velkomna í Fjölni. Starfsemi Fjölnis er nú í 12 mismunandi deildum og það er því mjög fjölbreytt þjónusta sem iðkendum félagsins stendur til boða. Það hefur verið stefna félagsins að bjóða þeim sem kjósa að stunda íþróttir hjá Fjölni sem fjölbreyttasta þjónustu. Það er meginverkefni aðalstjórnar að byggja þannig grunn, að mögulegt verði að stunda þær íþróttir sem iðkendur kjósa. Það er þó alveg ljóst, að rekstrargrunnur allra deilda verður



að vera tryggður. Starf hverrar deildar byggist mest upp í kringum þá sjálfboðaliða, sem eru tilbúnir til að leggja á sig vinnu við rekstur og fjármögnun hverrar deildar. Það er mikill fjöldi aðila sem vinnur ómetanlegt starf fyrir félagið og það er seint hægt að fullþakka þeim sem leggja á sig slíka vinnu.

Rekstur og rekstrarumhverfi íþróttafélaga hefur nokkuð verið í umræðu undanfarin misseri og það er ljóst, að framundan eru nokkur tímamót. Við Fjölnismenn höfum reynt að taka virkan þátt í þeirri umræðu og að okkar mati er mjög mikilvægt að opinská umræða fari fram sem fyrst. Rekstur hefur verið að þyngjast og kemur það margt til. Kostnaður hækkar, en á sama tíma hafa tekjur staðið í stað og jafnvel lækkað. Við erum ekki að ná að fjölga áhorfendum á viðburði hjá félögum. Stuðningur fyrirtækja

er gríðarlega mikilvægur, en nú virðist sem hagkerfið standi frammi fyrir kólnun. Þeir fyrstu sem finna fyrir slíkum samdrætti eru oft íþróttafélög, þar sem fyrirtæki reyna nú að hagræða í rekstri og framlög til íþróttastarfs eru því miður oft framarlega í sparnaðaraðgerðum. Rekstrarkostnaður hefur haldið áfram að stíga uppávið. Þetta á bæði við um launa- og annan rekstrarkostnað. Kröfur hafa einnig aukist og aukin þjónusta kostar undantekningalaust meira.

Við Fjölnismenn höfum hvatt til þess, að opinská umræða eigi sér stað á milli forráðamanna íþróttafélaga um leiðir til að mæta þessum breyttu forsendum. Aðstæður íþróttafélaga eru mjög mismunandi og fer mikið eftir því neti stuðningsaðila, sem standa á bak við félög. Það er hins vegar nokkuð óumdeilt, að flest félög eru í nokkuð erfiðri stöðu. Það hefur verið skoðun okkar Fjölnismanna, að það hljóti að vera hagsælast að þessi umræða og stefnumótun verði tekin í þeim hópi sem best til þekkir í rekstri félaganna. Það er nær víst, að það gæti komið til alvarlegra rekstrarvanda hjá einhverjum íþróttafélögum og það væri ekki gott ef viðbrögð við slíku væru undirbúin. Staða Fjölnis er sterk, þar sem við erum með mjög stóran hóp iðkenda og höfum ekki safnað skuldum til að standa undir of dýrum rekstri. Þetta hefur þó einnig haft þau áhrif, að samkeppnisstaða okkar er á tíðum lakari í samkeppni við félög sem leggja meira undir, sérstaklega í rekstri meistaraflokka. Vandinn er hins vegar sá, að það eru mjög fá íþróttafélög sem geta staðið undir slíkum kostnaði og það styttist að erfiðar stöður geti komið upp. Ég held að það verði aldrei samþykkt, að það verði aðeins örfá félög sem geta staðið undir þeim rekstri sem þarf. Við verðum að finna leiðir til að tryggja eðlilega starfsemi í afreksstarfi.

Meginmarkmið okkar er að tryggja ungu fólki aðstöðu og tækifæri til að stunda íþróttir. Þetta er óumdeilt besta forvörn sem til er gegn því sem við köllum gjarnan skaðnautnir. Yfirvöld hafa almennt staðið ágætlega við bakið á íþróttafélögum í uppbyggingu mannvirkja og við rekstur yngri flokka starfs í sveitarfélögum. Frístundastyrkur hjá borginni er mjög vel nýttur og hvetur mjög til íþróttaiðkunar. Það er hins vegar ekki hægt að undanskilja afreksstarf í starfi íþróttafélaga. Við hjá Fjölni höfum nokkrum sinnum hætt afreksstarfi í nokkrum íþróttagreinum, þegar starfið hefur ekki staðist fjárhagslega. Þetta hefur nær undantekningalaust leitt til fækkunar iðkenda í yngri flokkum viðkomandi íþróttagreinar. Iðkendur okkar eru metnaðarfullir og vilja gjarnan ná langt í sinni íþrótt. Þá skiptir miklu að hafa fyrirmyndir, sem hvetja alla til dáða.

Fjölnir hefur áfram stækkað og með tilkomu skautadeilda eru nú um 4.000 iðkendur stunda íþróttir sínar í mismunandi íþróttagreinum hjá 12 deildum félagsins. Það er mikið starf að halda utan um daglegan rekstur íþróttafélags og eins og fram kom hér að framan, þá hefur rekstrarumhverfi félaganna ekki verið að batna. Iðkendur okkar, starfsmenn og síðast en ekki síst sjálfboðaliðar eru auðlegð félagsins, sem við

erum óendanlega stolt af. Fjölnir er stórveldi í íþróttum hér á landi og framtíð félagsins er björt. Við erum farin að sjá aðra kynslóð Fjölnismanna koma til starfa, aðila sem hafa verið Fjölnismenn allt sitt líf. Félagið hefur vaxið og dafnað og velta og umsvif hafa líklega aldrei verið meiri en á síðasta ári. Ég vil fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

Afkoma Fjölnis hefur áfram versnað á árinu 2018 eins og raunin var á árinu 2017 og varð nokkuð tap af heildarrekstri félagsins á árinu. Fjárhagsstaða félagsins er þó áfram traust, félagið skuldar mjög lítið og við erum vel í stakk búin til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Það hefur áður komið fram, að það er ekki sérstakt markmið að hagnast á rekstri íþróttafélaga. Það er staðreynd, að reksturinn getur verið mjög sveiflukenndur og afkoma sveiflast mjög á milli ára. Þetta sést vel í afkomu síðasta árs. Við verðum að geta mætt slíkum sveiflum og við lítum á það sem eitt af meginverkefni aðalsjóðs og aðalstjórnar félagsins, að jafna slíkar sveiflur og halda jafnvægi í heildarrekstri Fjölnis.

Fagleg vinna innan félagsins er að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar.

## Aðstöðumál

Það má með sanni segja, að bylting hafi átt sér stað í aðstöðumálum félagsins á síðustu 3-4 árum. Það verður líklega seint, sem aðstöðumál verða talin að fullu frágengin. Félagið okkar er að vaxa mjög hratt og það er ýmislegt sem enn á eftir að klára. Frjálsíþróttadeild er ekki með aðstöðu sem skyldi og við höfum einnig verið að ræða bætta aðstöðu fyrir tennisdeild félagsins. Nokkuð hefur verið rætt um framtíðaraðstöðu fyrir bardagalistir. Nú hafa einnig bæst við tvær skautadeildir og þrátt fyrir að aðstaða á skautasvelli í Egilshöll sé almennt nokkuð góð, þá eru ýmis ókláruð mál þar sem verið er að vinna í.

Bylting í aðstöðu hefur fyrst og fremst verið í fimleikum og í aðstöðu fyrir inniboltagreinar félagsins. Nýja fimleikahúsið hefur gjörbreytt starfsemi fimleikadeildar og deildin hefur vaxið og dafnað sem aldrei fyrr. Fimleikadeildin er nú stærsta deildin innan Fjölnis og það er mikil gróska bæði í ungmennastarfi og afreksstarfi hjá deildinni.

Nýtt alhliða íþróttahús var formlega tekið í notkun í lok síðasta árs og nú þegar hefur komið í ljós hvílík tækifæri tilkoma þess húss skapar fyrir handknattleik og körfubolta hjá félaginu. Þetta hefur einfaldlega gjörbreytt aðstöðumálum hjá iðkendum í körfu og handbolta, frá yngstu flokkum upp í afrekshópa. Stefnt er að því að stúkur verði settar í húsið strax á næsta ári og þá verður vonandi bætt keppnisaðstaða í því húsi. Aðalkeppnishús í inniboltagreinum verður þó áfram í Dalhúsum í það minnsta

fyrst um sinn. Það kom einnig berlega fram hvaða tækifæri þetta nýja hús skapar, þegar þorrablót Fjölnis var flutt í nýja húsið vegna mikillar eftirspurnar og um 1.200 gestir skemmtu sér konunglega í þessu glæsilega húsi. Þarna hefur skapast ný aðstaða, sem sárlega hefur vantað fyrir núverandi deildir og jafnvel munu skapast aðstaða fyrir fleiri íþróttagreinar í framtíðinni.

Eins og áður hefur komið fram, þá er það fasteignafélagið Reginn sem á og rekur Egilshöllina og félagið stendur fyrir byggingu þeirra mannvirkja sem hafa risið þar á síðustu árum. Reykjavíkurborg leigir aðstöðu í húsinu fyrir íþróttastarf, bæði í knatthúsi fyrir öll íþróttafélög í borginni og síðan einnig í þeim nýju mannvirkjum og skautasvell, sem mest nýtast í starfi Fjölnis. Samstarf Fjölnis og Regins hefur verið mjög gott og vil ég þakka Helga, Sunnu og öllu starfsfólki Regins fyrir frábært samstarf. Samningur er á milli Regins og Fjölnis um rekstrarfélag, sem sér um daglegan rekstur Egilshallar. Í því samstarfi felst meðal annars sala á auglýsingum í og við mannvirkin, sala á lausum tímum í íþróttamannvirkjum, auk þjónustu við þá sem leið eiga um húsið á hverjum degi. Egilshöllin er þegar orðinn samkomustaður fyrir mikinn fjölda borgarbúa og það eru mikil tækifæri í framtíðinni til uppbyggingar á svæðinu.

Í gildi er samningur á milli Fjölnis og Borgarholtsskóla um aukið samstarf á sviði íþróttamála. Skólinn nýtir nú í auknum mæli íþróttamannvirki Grafarvogs til kennslu fyrir sína nemendur. Fjölnir er í samstarfi við íþróttaakademíu skólans og mun þetta eflaust efla afrekstarf okkar til framtíðar. Þetta eru gríðarlega spennandi tækifæri, sem verður gaman að sjá þróast á næstu árum.

Því miður hefur enn ekki náðst endanleg niðurstaða í framtíðaraðstöðumálum knattspyrnu hjá Fjölni. Eins og áður hefur komið fram, þá uppfyllir Extravöllurinn við Dalhús ekki kröfur KSÍ um áhorfendaaðstöðu og því höfum við undanfarin ár starfað á undanþágum frá reglum KSÍ með aðstöðu. Sú staðreynd að knattspyrnulið okkar spila ekki á þessu ári í efstu deild skapar aðeins svigrúm, en við verðum að fá niðurstöðu í hvert við viljum stefna í framtíðinni með keppnisvöll fyrir félagið í knattspyrnu. Við stefnum að sjálfsögðu á lið í efstu deild, bæði í kvenna- og karlaflokki í framtíðinni. Það hefur verið horft til tveggja möguleika í þessu máli. Ein leið er að byggja stúku við Extravöllinn, þar sem við spilum flesta leiki í dag. Hinn möguleikinn er að horfa í framtíðinni til uppbyggingu keppnisvallar við Egilshöll. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál innan félagsins. Mikill hluti daglegs rekstrar okkar er nú í Egilshöll og mikill meirihluti iðkenda æfir sínar íþróttir þar. Saga félagsins er hins vegar mjög tengd Dalhúsum og svæðinu þar í kring. Það er reyndar nokkuð þröngt í kringum Dalhús, bílastæði eru takmörkuð og nálægð við íbúðarbyggð er aðeins áhyggjuefni. Þetta verður stóra verkefnið á nýju ári og það er ljóst að við höfum ekki lengri tíma til að móta endanlega stefnu okkar í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Almennt er aðstaðan til æfinga í

knattspyrnu nokkuð góð og það gleymist oft í daglegri umræðu. Æfingarsvæði félagsins við Dalhús er mjög gott og eitt það besta sem völ er á í borginni. Aðstaðan í og við Egilshöll er líka glæsileg. Nýtt gervigras er nú komið á báða knattspyrnuvellina í og við Egilshöll núna í vor, bæði á vellinum innandyra og utandyra. Nú er verið að klára byggingu tveggja glæsilegra búningsklefa í Egilshöll, þar sem meistaraflokkar okkar í knattspyrnu kvenna og karla munu hafa aðstöðu í framtíðinni.

Fjölnir er fjölgreinafélag samkvæmt þeirri stefnu sem við höfum mótað og við erum mjög stolt af þeirri stefnu. Við bjóðum iðkendum marga skemmtilega valkosti og við höfum það á stefnuskrá okkar að halda því áfram. Aðstaða stærstu deildanna er að verða nokkuð góð, en aðstaða sumra deilda er enn ekki viðunandi því að verkefni aðstöðumála verður seint tæmt. Karatedeild félagsins er með aðstöðu í Egilshöll, þar sem deildin kom sér fyrir á árinu 2009. Aðstaðan er í sjálfu sér ágæt, en það eru þó takmarkanir á stækkunarmöguleikum deildarinnar í núverandi sal.

Sunddeildin æfir í sundlauginni í Dalhúsum, þar sem aðstaða er þegar orðin mjög þröng. Afreksstarf deildarinnar fer sem fyrr allt fram í Laugardalslaug, þar sem iðkendur æfa með afreksmönnum frá öðrum íþróttafélögum í Reykjavík. Fjölnir hefur formlega farið fram á það, að félagið fái viðbótaraðstöðu í nýrri sundlaug sem fyrirhugað er að reisa í Úlfarsárdal.

Frjálsíþróttadeildin býr því miður áfram við mjög takmarkaða aðstöðu innan hverfis, en afreksfólk okkar æfir mest í Laugardal. Viðræður hafa nú staðið í nokkuð langan tíma um að nýta aðstöðu í austurenda Egilshallar, þar sem áður voru geymslur og síðan fimleikaaðastaða til nokkurra ára. Þar er fyrirhugað að koma upp aðstöðu, sem gæti nýst yngstu iðkendum félagsins til æfinga. Þessar viðræður hafa tekið allt of langan tíma og þolinmæðin er því miður að renna út. Þarna væri hægt að skapa nokkuð góða aðstöðu fyrir yngri iðkendur á mjög hagkvæman hátt. Það standa enn vonir til þess, að niðurstað fáist á næstu vikum.

Aðstaða tennisdeildar er áfram takmörkuð og hafa viðræður við Reykjavíkurborg um bætta sameiginlega aðstöðu til tennisiðkunar í Reykjavík ekki enn borið árangur. Æfingar eru mest í Sporthúsinu í Kópavogi, en hægt að setja upp tennisnet á ákveðnum völlum við Egilshöll. Skákdeildin er sem fyrr með sína öflugu starfsemi í frábæru samstarfi við Rimaskóla.

Eins og sagði hér að framan, þá bættust glæsilegir fulltrúar í félagið, þegar Björninn sameinaðist Fjölni í lok síðasta árs. Ég vil aftur sérstaklega bjóða iðkendur og alla velunnara skautaíþrótta velkomna í Fjölni. Skautasvellið í Egilshöll er glæsilegt og þar hafa skautadeildirnar góða aðstöðu. Það eru þó ýmis mál sem þarf að laga þar. Eins og á fleiri stöðum í Egilshöll þá vantar tilfinnanlega búningsaðstöðu og auk þess er aðstaða til geymslu á tækjum og búnaði af skornum skammti. Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg og Reginn um lausnir á þessum málum.

## Starfsemi félagsins

Skrifstofa félagsins sér sem fyrr um allan daglegan rekstur félagsins og er fjármálum allra deilda sinnt af starfsfólki þar. Innheimta iðkendagjalda og önnur innheimta fer í gegnum skrifstofuna og greiðslu reikninga allra deilda fer einnig þar í gegn. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins er eins og áður Guðmundur L. Gunnarsson, en hann hefur einnig sinnt stöðu fjármálastjóra félagsins. Auk þess starfa áfram á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er íþrótta- og félagsmálastjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi og Hermann Hreinsson, sem er í starfi íþróttafulltrúa, auk þess að vera þjálfari í yngri flokkum í knattspyrnu. Þorgerður Ósk Jónsdóttir, skrifstofustjóri fimleikadeildar, Gunnar Már Guðmundsson, yfirþjálfari knattspyrnudeildar og Arnór Ásgeirsson, sem nýlega hóf störf sem markaðsstjóri Fjölnis hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú ríkjum Zoran Stosic, rekstrar- og vallarstjóri, en þar vinna einnig Boban Ristic og Sigríður Rut Dubert við hússtjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum. Auk þeirra kemur ungt og efnilegt Fjölnisfólk til tilfallandi starfa, sem vinnur með okkar fólki í Dalhúsum við að manna „búrið“ í Dalhúsum og fleiri verkefni.

Hjá Fjölni starfa auk fastra starfsmanna reglulega yfir 150 manns við þjálfun hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Sjálfboðaliðar eru auk þess mikilvægir félagi eins og Fjölni. Það eru ótalin ársverk í mönnun stjórna deilda, mönnun hinna margvíslegu viðburða sem eru haldnir reglulega, mönnun ráða og vinnuhópa, sem taka að sér öll þó ótal verkefni sem til falla við slíkan rekstur. Ég vil persónulega þakka öllum starfsmönnum - og sjálfboðaliðum félagsins fyrir frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförnum árum.

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2018 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Sveinn Ingvarsson, varaformaður, Elísa Kristmannsdóttir, gjaldkeri, Styrmir Freyr Böðvarsson, ritari, Ásta Björk Matthíasdóttir, Hreinn Ólafsson, Jósep Grímsson og Pétur Veigar Pétursson. Pétur Veigar baðst undan stjórnarsetu á starfsárinu vegna anna og var því stjórnin skipuð sjö aðilum mestan hluta starfsársins. Stjórnarfundir voru venju samkvæmt haldnir mánaðarlega, fyrir utan það að frí er tekið í júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá var boðað til aukafunda ef nauðsyn var. Á starfsárinu voru haldnir 12 bókaðir stjórnarfundir. Ég vil fá að þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og ómetanlega vinnu á árinu.

## Fjármál

Afkoma Fjölnis á árinu 2018 var ekki góð, en þó heldur skárri en á árinu 2017. Allar sundurliðanir koma fram í reikningum félagsins, sem fylgja hér með. Reksturinn var þungur á síðasta ári og sem fyrr er helsta áskorun í afreksstarfi deilda. Þetta er því annað árið í röð sem við skilum félaginu með tilfinnanlegu tapi og við slíkt verður

að sjálfsögðu ekki unað til framtíðar. Markmið okkar er að afkoma sé sem næst núlli á hverju ári. Miklar sveiflur einkenna þó reksturinn og því hefur aðalsjóður verið einskonar sveiflujöfnun innan félags. Daglegur rekstur félagsins er mjög skilvirkur og vel er fylgst með tekjum og kostnaði.

Við höfum náð að halda kostnaði við rekstur meistaraflokka nokkuð stöðugum á síðasta ári, en tekjur hafa ekki verið að koma inn með þeim hætti sem vonast var til. Breytingar hafa orðið á samningum við aðalstyrktaraðila og það er ljóst, að endurskoða þarf í heildina tekjur af afreksstarfi. Við höfum undanfarin kallað eftir samtali við önnur félög og heildarsamtök okkar um þessi mál og við munum halda þeirri viðleitni áfram. Það hefur reynst erfitt að fá aðila til að ræða þetta nánar. Þegar á hólminn er komið eru tilfinningar sterkar og saga félaga er oftar en ekki ástæða slíkra tilfinninga. Þegar litið er til nágrannaþjóða okkar, þá hafa sameiningar mjög einkennt starf afreksíþrótta, sérstaklega á Norðurlöndunum. Það er í sjálfu sér mjög merkilegt að telja fjölda íþróttafélaga í Reykjavík, sem öll eru að berjast um að byggja upp öflugt afreksstarf. Það eru í raun allir sammála því, að núverandi rekstrarform muni ekki ganga til framtíðar, en það er erfiðar eins og áður segir að fá menn til að ræða þetta af einhverri alvöru. Við munum ekki gefast upp og vonandi náum við að hefja slíka umræðu á næstu mánuðum.

Samningar við Reykjavíkurborg hafa lagast á undanförnum árum og eru samningar nú verðbættir og endurspegla því kostnað félaga betur en áður. Við höfum þó bent á, að framlag borgarinnar til daglegs rekstur Fjölnis endurspeglar alls ekki stærð félagsins. Við erum með allt að helmingi fleiri iðkendur hjá Fjölni en næst stærsta íþróttafélagið í borginni, en framlag til okkar er í raun það sama og þeir meta sem stór íþróttafélög. Það hefur síðan dregið úr fjármagni til félagsins vegna félagaskipta Fjölnismanna sem hafa farið í atvinnumennsku erlendis. Það er að sjálfsögðu von okkar, að úr þessu rætist á næstu misserum, en það er ekki hægt að reikna með neinu slíku í þær áætlanir sem við erum að vinna. Karlalið okkar í knattspyrnu féll úr deild hinna bestu í lok síðasta keppnistímabils og því verður að reikna með að tekjur frá KSÍ verði minni en á undanförnum árum. Stjórn knattspyrnudeildar hefur brugðist við þessu og kostnaður hefur verið lækkaður til muna frá síðasta ári. Það er þó alveg ljóst, að við ætlum okkur hvergi annars staðar að vera en á meðal þeirra bestu og stefnum því beint upp aftur.

Afreksstarf allra deilda er fjárfrekasta starfið hjá félaginu og tekur mikinn tíma af stjórnarmönnum deilda félagsins. Þetta er oft mjög erfitt starf að sækja fjármagn og ég vil ítreka þakkir til stjórnarmanna og sjálfboðaliða fyrir þeirra störf og góðan árangur, oft við erfiðar aðstæður. Það er skýr stefna hjá Fjölni, að þar viljum við sýna ábyrga fjármálastjórn. Þetta hefur skilað því, að fjárhagsstaða félagsins er sterk þó að afkoma þessa árs hefði getað verið betri.

Rekstur deilda félagsins var sem fyrr mismunandi á árinu. Rekstur afreksstarfs stærri

deilda félagsins var almennt nokkuð þungur. Mikið af starfi stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða fer í fjáraflanir og þessi verkefni eru mjög misskemmtileg og það verður sífellt erfiðara að fá fólk til þeirra starfa. Það er einfaldlega erfitt að fá fyrirtæki til liðs við okkur og við stólum þar mikið á persónuleg tengsl og tengingar þeirra sem starfa fyrir félagið. Þetta er því miður gríðarlega mikilvægur þáttur í rekstri íþróttafélaga og hjá því verður einfaldlega ekki komist. Öll umsýsla eins og bókhald, greiðsla reikninga, innheimta félags- og iðkendagjalda fer fram á skrifsstofu félagsins. Við getum lítið annað en hvatt fólk enn til dáða og einnig beint því til fyrirtækja, að stuðningur þeirra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur.

Rekstur körfuknattleiksdeildar hefur verið mjög viðunandi síðustu tvö ár og hefur afkoma verið í járnum. Meistaraflokkar karla og kvenna eru í uppbyggingarstarfi og eru bæði að spila í 1.deild. Bæði liðin eru nú í dauðafæri með að tryggja sér sæti í deild hinna bestu á næsta ári. Bæði hafa unnið fyrstu leiki sína í úrslitakeppni 1.deildar og tryggðu sér bæði heimaleikjarétt í þeirri keppni með frábærum árangri og spilamennsku síðasta vetur. Það verður mjög áhugavert að sjá hvernig til tekst. Það er þó ljóst, að ef liðin tryggja sér sæti í efstu deild, þá bíða okkar verðug verkefni á næsta ári. Stefna okkar er klár, við erum stórveldi í íþróttum og eigum að vera í fremstu röð í öllum greinum. Ungmennastarfið hjá körfunni hefur gengið vel og við munum áfram eiga frábært afreksfólk í körfu á næstu árum.

Handknattleiksdeild hefur glímt við nokkuð þungan rekstur undafarin ár. Bæði karla- og kvennalið okkar féllu úr deild hinna bestu á síðasta ári og hafa því bæði lið spilað í 1.deild á þessu keppnistímabili. Karlaliðið hefur spilað mjög vel og hafa þeir þegar tryggt sér deildarmeistaratitil og þar með tryggt sæti í Úrvalsdeild á næsta keppnistímabili. Þeir náðu einnig glæsilegum árangri í bikarkeppni og það má segja að mjög umdeildur dómur hafi komið í veg fyrir að við næðum í úrslitaleik í þeirri keppni. Yngri flokkar okkar hafa einnig náð frábærum árangri og það má segja að framtíðin sé björt í handbolta hjá okkur. Kvennaliðið hefur ekki náð sér eins á strik á þessu ári og það er ljóst, að þær munu áfram spila í 1.deild á næsta keppnistímabili. Fjölnishöllin við Egilshöll hefur gjörbreytt aðstöðu til æfinga til hins betra, bæði hjá handbolta og körfu. Ungmennastarf gengur vel hjá deildinni og Fjölnir á nú marga efnilega landsliðsmenn í yngri landsliðum og æfingarhópum, sem verða örugglega burðarásar í liði okkar og landsliðum í framtíðinni. Það verður verðugt verkefni að vera aftur með lið í Úrvalsdeild, sérstaklega í ljósi þess að rekstrarstaða hefur verið erfið undanfarin ár. Þetta verður hins vegar fyrst og fremst skemmtilegt verkefni, sem við verðum öll að taka þátt í.

Rekstur knattspyrnudeildar var þungur á síðasta ári. Karlaliðið okkar var í neðri hluta úrvalsdeildar allt sumarið og endaði tímabilið með því að falla úr deild hinna bestu. Rekstur hefur verið endurskipulagður og samningum við erlenda leikmenn hefur

verið sagt upp. Ási er kominn aftur og við verðum með ungt og efnilegt lið í sumar, sem ætlar sér stóra hluti í Inkassodeildinni. Við stefnum ótrauð að endurkomu í efstu deild. Kvennaliðið okkar er áfram í 1.deild og við erum með mjög spennandi lið þar sem ætlar sér einnig stóra hluti. Það er ánægjulegt að sjá, að við erum að sjá fjölgun kvenna í knattspyrnu hjá okkur og er það árangur góðs starfs á undanförnum árum.

Stjórn knattspyrnudeildar hefur mætt erfiðri rekstrarstöðu með aðhaldi í rekstri og það verður stefnan á þessu ári að halda kostnaði í skefjum. Verkefnið er eins og hjá öllum deildum að auka tekjur deildarinnar. Núverandi tekjur frá áhorfendum, styrktaraðilum og öðrum styrkjum stendur ekki undir rekstri á liði í úrvalsdeild.

Rekstur fimleikadeildar hefur vaxið mjög á undanförnum árum með tilkomu fimleikahússins og er þessi deild nú stærsta deildin hjá félaginu. Aukið afreksstarf hefur hækkað rekstrarkostnað deildarinnar og afkoman var verri en vonast var til á árinu. Við erum hins vegar farin að sjá glæsilega fulltrúa félagsins vinna til verðlauna á mótum og við eigum marga mjög efnilega íþróttamenn, sem munu skara framúr í framtíðinni. Það verður að vinna að tekjuöflun fyrir deildina og því eru framundan mörg skemmtileg, en jafnframt krefjandi verkefni fyrir stjórn deildarinnar.

Sunddeild hefur verið lengi starfsrækt undir merkjum Fjölnis og eigum við marga frábæra afreksmenn, sem þar hafa stundað sínar íþróttir. Á síðasta ári kom nýr þjálfari til starfa hjá deildinni og með honum komu glæsilegt afreksfólk í sundi. Við gerum því ráð fyrir, að árangur okkar sundmanna verði áhugaverður á næstu árum. Afkoma deildarinnar var sem fyrr góð og reksturinn er í góðum farveg.

Frjálsíþróttadeild hefur einnig verið lengi innan okkar raða og starf þar er mjög blómlegt. Rekstur deildarinnar var í járnum og er það gott mál. Það hefur áður komið fram, að aðstöðumál deildarinnar eru enn ókláruð og við verðum að fá niðurstöðu í þau mál mjög fljótt.

Tennisdeildin hefur einnig starfað lengi hjá okkur. Aðstöðumál eru þar einnig ofarlega á baugi. Afkoma deildarinnar var í járnum á árinu. Karatedeild hefur vaxið undanfarin ár og rekstur þar er í góðu jafnvægi. Eins og áður hefur komið fram, hafa aðstöðumál takmarkað stækkunarmöguleika deildarinnar. Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Rimaskóla og er aðstaða deildarinnar í góðu yfirlæti þar.

Skautadeildir eru nýjar í rekstri félagsins og þar sem þær komu inn seint á síðasta ári, þá hefur rekstur þeirra ekki mikil áhrif á heildarreikning félagsins. Það er þó ljóst, að reksturinn hefur verið í góðum farvegi og mun ekki verða íþyngjandi fyrir rekstur Fjölnis.

Almenna deildin hefur verið að vaxa og þar hafa hlaupahópar, hjólahópar og eldri hópar skjól innan Fjölnis. Rekstur á þessari deild er í jafnvægi. Til að fá frekari upplýsingar um starf einstakra deilda er vísað í ársskýrslur stjórna deildanna, sem fylgja

hér með, þar sem helstu atriði eru dregin fram.

Afkoma aðalsjóðs var áfram góð á síðasta ári og hefur rekstur hans verið nokkuð góður undanfarin ár. Það hefur áður komið fram, að hlutverk aðalsjóðs er fyrst og fremst að jafna sveiflur í rekstri deilda og það er því mikilvægt að við höfum aðeins borð fyrir báru í rekstri hans. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

## Styrktaraðilar

Eitt af stóru verkefnum framundan er að fara yfir styrktarmál félagsins. Fyrirtæki hafa verið að endurskoða styrki til íþróttastarfs og við höfum ekki farið varhluta af því. Nú er svo komið, að allir helstu styrktaraðilar Fjölnis hafa sagt upp samningum sínum við félagið. Bónus og N1 munu þó áfram styðja myndarlega við starf, en þeir hafa lækkað sín framlög og munu í framtíðinni styrkja sérstakra deildir og flokka innan félagsins. Þeir verða því ekki aðalstyrktaraðilar eins og áður var. Landsbankinn hefur sagt upp öllum beinum styrktarsamningum við Fjölni, þó að við höldum öllum okkar viðskiptum áfram við bankann. Ég vil þakkir forráðamönnum þessara fyrirtækja fyrir frábært samstarf á undanförnum árum og góðan hug þeirra til Fjölnis. Við erum þakklát þeim fyrir alla aðstoð og vonandi náum við aftur að auka samstarf á næstu árum. Það hefur reynst erfitt verkefni að fjölga aðalstyrktaraðilum frá því sem nú er. Mikil samkeppni er á milli íþróttafélaga um það fjármagn, sem fyrirtæki leggja í slíka styrki. Við vitum að fleiri íþróttarfélög eru að glíma við sama vanda og þetta hefur verið ein af þeim ástæðum sem við höfum tilgreint fyrir því að endurskoða verði rekstraform íþróttafélaga til framtíðar.

Deildir félagsins hafa verið öflugar í að ræða við ýmis fyrirtæki sem stutt hafa vel við bakið á hinum mismunandi deildum félagsins og færum við þeim öllum okkar bestu þakkir. Ég vil sérstaklega Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem hefur verið góður samstarfsaðili félagsins í nokkrum deildum. Tryggingarfélagið TM hefur einnig komið nokkuð að starfi hjá knattspyrnudeild og þökkum við að sjálfsögðu einnig fyrir þann stuðning. Verkefnið er áfram að fá fleiri til liðs við okkar, því að án stuðnings fyrirtækja er afreksstarf félagsins mun erfiðara í rekstri.

## Daglega starfið

Faglegu starfi allra deilda er samkvæmt skipulagi stýrt af stjórnum þeirra og þær eru einnig ábyrgar fyrir daglegu starfi deildanna. Við höfum á að skipa frábæru fólki, sem leggur á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Í skýrslum formanna deilda er fjallað nánar um deildirnar og ég vísa í þessar skýrslur til frekari upplýsinga um daglegt starf og ætla ekki að fjalla nánar um það hér.

Þorrablót Fjölnis var sem fyrr haldið núna í janúar. Þorrablótið hefur nú endanlega fest sig í sessi og það er ánægjulegt að segja frá því, að það er orðið langstærsti fjáröflunaraðili Fjölnis. Til stóð að vera

með blótið í Dalhúsum eins og undanfarin ár, en það er skemmst frá því að segja, að miðar seldust upp á örfáum klukkutímum. Við brugðumst við með því að fá leyfi til að færa þorrablótið í Fjölnishöllina við Egilshöll og allir miðar þar seldust einnig upp. Úr varð líklega stærsta þorrablót Íslandssögunnar og því væntanlega í heimi. Þorrablótið heppnaðist gríðarlega vel og rúmlega 1.200 matargestir skemmtu sér mjög vel í glæsilegri umgjörð. Þorrablótsnefndin á mikinn heiður skilinn fyrir framkvæmdina og ég vil þakka þeim sérstaklega fyrir frábært starf. Ég vil líka þakka öllum þeim sem komu á þorrablótið fyrir að koma og styðja við starfsemi félagsins með þessum hætti. Þetta er ómetanlegt í reksturinn og ekki er verra að allir virðast hafa gaman af.

Herra- og konukvöld Fjölnis hafa verið að styrkja stöðu sína undanfarin ár. Að frumkvæði yngri Fjölnismanna og kvenna var nú ákveðið að breyta til og því var blásið til sameiginlegs hausfagnaðar Fjölnis í október á síðast ári. Það tókst mjög vel til og rúmlega 400 manns komu og skemmtu sér saman í Dalhúsum og lögðu þar með félaginu lið. Ég vil sem fyrr hvetja ykkur til að halda áfram að koma að þessum viðburðum og öðrum á vegum félagsins á næstu misserum. Auk þess er það seint rætt að stuðningur allra með mætingu á leiki og mót á vegum félagsins er gríðarlega mikilvægur fyrir iðkendur okkar og félagið. Ég segi bara – Grafarvogsbúar og aðrir velunnarar – koma svo – mæta svo.

Við erum ennþá stoltir meðlimir í UMFÍ og erum þar með beina aðild eitt félaga í Reykjavík. Umræður eru enn í gangi á milli Íþróttabandalags Reykjavíkur og UMFÍ um möguleika á beinni aðild ÍBR að sambandinu. Á nýafstöðnu ársþingi ÍBR var þessi vilji áréttaður. Stjórn UMFÍ hefur einnig líst áhuga á því að láta reyna enn frekar á inngöngu ÍBR og annarra íþróttabandalaga í UMFÍ. Við höfum setið hjá í atkvæðagreiðslum um málið, enda með hagsmuni báðum megin borðs. Þó höfum við bent á, að það þurfi að liggja fyrir stefna um hvaða breytingar gætu orðið á starfsemi UMFÍ með inngöngu þessara sterku aðila. Áhugi aðildarfélaga innan ÍBR er vægast sagt mismikill og því verður að leggja vinnu í slíka stefnumótun. Við teljum, að UMFÍ geti orðið sterkara til lengri tíma, ef þessir stóru meðlimir koma inn í starfið á þeim forsendum að efla það og jafnvel endurskoða verkaskiptingu á milli sambanda innan hreyfingarinnar. Við reiknum með að þetta mál verði tekið aftur fyrir á næsta þingi UMFÍ. Ef inngang ÍBR verður samþykkt, þá mun bein aðild Fjölnis að UMFÍ falla niður.

## Viðurkenningar

Í lok hvers árs höldum við skemmtilegan viðburð þegar við heiðrum afreksmenn deilda, afreksfólk Fjölnis og Fjölnismann ársins. Félagið hefur á að skipa miklum fjölda frábærra íþróttamanna og kvenna og það er ánægjulegt að heiðra þá sérstaklega, sem eru fremstir meðal jafningja hverju

sinni. Fjölnismenn ársins koma iðulega úr þeim frábæra hópi sjálfboðaliða sem vinna gríðarlega mikilvæg og í raun ómetanleg störf fyrir félagið.

## Viðurkenningar fyrir árið 2018 hlutu:

| | |
|---|---|
| Íþróttakona Fjölnis: | Hera Björk Brynjarsdóttir, tennisdeild |
| Íþróttakarl Fjölnis: | Kristinn Þórarinsson, sunddeild |
| Fjölnismenn ársins: | Forsvarsmenn Getraunakaffis Fjölnis: Geir Kristinsson, Grétar Atli Davíðsson, Hallgrímur Andri Jóhannsson, Hjörleifur Þórðarson,Kolbeinn Kristinsson og Marinó Þór Jakobsson |

Hera Björk Brynjarsdóttir hefur æft tennis með Fjölni frá 6 ára aldri og hefur haldið tryggð við félagið alla tíð. Hún hefur náð gríðarlega miklum árangri í tennis og hefur verið ein fremsta tenniskona Íslands í áraraðir. Hera varð Íslandsmeistari í einliðaleik utanhúss 2018 og einnig í tvíliðaleik utanhúss. Hera hefur æft og spilað tennis með Valdosta State University í Georgiu, USA á 100% námsstyrk. Hún hefur verið mikil afrekskona í tennis og hefur unnið til margra titla bæði innanhúss sem utan á undanförnum árum. Hera er mikil og góð fyrirmynd fyrir aðra íþróttamenn.

Kristinn Þórarinsson kom til baka til Fjölnis á árinu eftir nokkur ár hjá öðru íþróttafélagi og er það mikið gleðiefni. Kristinn varð á árinu Íslandsmeistari í 50 og 100 metra baksundi og einnig í 100 og 200 metra fjórsundi. Kristinn náði lágmörkum og tók þátt í heimsmeistaramótinu í 25 metra sundlaug og keppti þar í 50 metra baksundi og einnig í 100 og 200 metra fjórsundi.

Það hefur verið mjög gefandi að sjá ungt fólk koma í auknum mæli að rekstri og starfi félagsins. Þessir ungu menn sem hafa tekið að sér Getraunakaffi Fjölnis eru fulltrúar alls þessa unga fólks, sem okkur langar til að heiðra og þakka fyrir þeirra framlag. Þeir hafa á stuttum tíma náð að gera Getraunakaffi Fjölnis að einu stærsta slíku hér á landi. Á laugardagsmorgnum kemur saman stór hópur fólks úr öllum deildum í Egilshöll og spjallar og fær sér kaffi um leið og það styrkir félagið með þátttöku í Getraunum. Það eru allir velkomnir og þetta er orðið fastur þáttur í helgum hjá mörgum Fjölnismönnum. Það eru glæsilegi fulltrúar sem munu á næstu misserum taka yfir stjórn á félaginu okkar og við viljum hvetja þá til frekari dáða.

Það var fjölmenni þegar viðukenningar voru veittar þann 27.desember s.l. og var mjög gaman að sjá hve margir komu til að samfagna með okkar glæsilegu iðkendum. Samkoman var flutt í hluta fimleikasalar, þar sem fundaraðstaða á skrifstofum félagsins dugði einfaldlega ekki til. Auk þess að velja þau þrjú sem að framan getur voru afreksmenn og konur allra deilda félagsins sérstaklega heiðraðir. Lista yfir þetta frábæra afreksfólk okkar er að finna á heimasíðu Fjölnis.

## Verkefnin framundan

Við erum ákaflega stolt af Fjölni og því hversu mikið stórveldi á sviði íþrótta á

Íslandi félagið er orðið. Það eru um og yfir 4.000 iðkendur sem velja að stunda sínar íþróttir undir merkjum félagsins. Mjög stór hluti ungra Grafarvogsbúa eru í íþróttum hjá Fjölni og við erum líka stolt af því hve víðtækt starf okkar er í hverfinu. Íþróttir eru mesta forvörn sem til er gegn því sem við almennt köllum skaðnautnir. Við höfum skilgreint okkur sem íþróttafélag Grafarvogsbúa og ég vil enn og aftur ítreka hvatningu til alla íbúa hverfisins að koma og styðja enn frekar við félagið með því að koma á viðburði og styðja félagið okkar til dáða. Það er mjög mikilvægt fyrir iðkendur að finna stuðning og áhuga á þeirri vinnu sem þeir leggja á sig, en ekki síður er mikilvægt fyrir félagið að fá stuðning frá nærumhverfi sínu, bæði andlegan og fjárhagslegan. Þetta er okkar fólk, okkar börn, okkar ættingjar sem eru að æfa og keppa undir merkjum Fjölnis og þetta fólk á stuðning okkar svo sannarlega skilinn.

Þó að margt hafi áunnist í aðstöðumálum, þá verður sá málaflokkur seint tæmdur að fullu. Stóra verkefnið framundan er að klára endanlega uppbyggingu á keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu hjá Fjölni. Flest félög eru að breyta sínum keppnisvöllum yfir í gervigrasvelli. Þetta hefur verið nokkuð umdeilt meðal félaga og áhugamanna um knattspyrnu. Við verðum að klára þetta samtal innan Fjölnis. Ég er þeirra skoðunar, að við verðum að feta í fótspor annarra félaga. Nýting á slíkum knattspyrnuvöllum er mun betri en á náttúrulega grasi. Það þarf líka að ákveða endanlega hvar þessi völlur verður staðsettur.

Kröfur til íþróttafélaga eru sífellt að aukast og við verðum að mæta því. Menntun þjálfara er sífellt að aukast og batna og er það vel. #METOO umræðan hefur haldið áfram að þróast og félög hafa gripið til aðgerða til að tryggja öll mál fái eðlilega og hlutlausa meðferð. Þessi umræða er af hinu góða og hún mun leiða til betra umhverfis. Við höfum þó bent á, að þetta leiðir einnig til aukins álags á starfsmenn félaga og aukins kostnaðar sem fylgt hefur í kjölfarið. Við viljum ræða þetta við Reykjavíkurborg og fleiri, því að þessi verk þarf að vinna vel og af kostgæfni og það verður öllum að vera ljóst að kröfur til félaganna leiða til þess að framlög verða einfaldlega að hækka til að standa undir hærri rekstrarkosnaði.

Eins og fram hefur komið eru mörg og margvíslega verkefni sem bíða þeirra sem taka að sér rekstur íþróttafélags. Rekstrarumhverfi íþróttafélaga er flókið og fjármögnun þeirra er ekki einfalt mál. Við verðum sem fyrr að treysta á samstarfsaðila, sem eru ómetanlegir í daglegum rekstri okkar. Það er gott að tengjast félagi eins og Fjölni. Við erum fjölgreinafélag, sem býður mikla þjónustu til iðkenda, sem stunda íþróttir í nafni félagsins. Fjölnismenn og konur er glæsilegur hópur og þar að auki búum við í besta hverfinu í Reykjavík. Framtíð Fjölnis er björt – áfram FJÖLNIR.

*Jón Karl Ólafsson*
*formaður Fjölnis*


GYMNOVA

# Fimleikadeild

**Aðalfundur fimleikadeildar**
**Skýrsla stjórnar**
**Aðalfundur fimleikadeildar var haldinn í Egilshöll mánudaginn 30 janúar 2017.**

**Jarþrúður H. Jóhannsdóttir, formaður**
**Svava Þorsteinsdóttir, gjaldkeri**
**Stefán H. Stefánsson, ritari**
**Elva Möller, meðstjórnandi**
**Heiða Björg Tómasdóttir, meðstjórnandi**
**Hrefna Hjördís Guðnadóttir, meðstjórnandi**
**María Garðarsdóttir, meðstjórnandi**
**Valgerður Sigurðardóttir, meðstjórnandi**

## Ávarp formanns

Þá er enn eitt árið liðið og starf fimleikadeildar Fjölnis heldur áfram. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur haldist svipaður milli ára en reynt var að gæta þess að fjölga iðkendum jafnt og þétt en ekki í stórum stökkum. Þetta ár hefur verið svona millibils ár eftir mikla stækkun



deildarinnar undanfarin ár, eða frá því að nýja fimleikahúsið var tekið í notkun.

Samsetning starfsmanna- og þjálfarahóps deildarinnar hefur breyst nokkuð frá síðasta ári þar sem fækkun varð í hópi þeirra þjálfara sem eru í fullu starfi hjá deildinni en bætt við lausráðum í staðinn. Engu að síður er hópurinn einstaklega samhentur og ákveðinn í að halda vel utan um iðkendur deildarinnar og skapa andrúmsloft sem einkennist af ánægju, áhuga og metnaði þar sem allir fá að njóta sín á sínum forsendum.

Iðkendur okkar náðu miklum árangri á mótum ársins og á það jafnt við um allar fimleikagreinarnar, áhaldafimleika, hópfimleika og stökkfimi. En það eru ekki allir sem leggja stund á fimleika sem keppnisíþrótt heldur sem líkamsrækt og félagslega samveru í góðum hópi.

Vorsýning ársins var stórkostleg að vanda en að þessu sinni var farið í heimsreisu um mismunandi lönd, þar sem iðkendur sýndu sýningargestum atriði við tónlist frá hinum ýmsu löndum. Stemningin á sýningunum var frábær og var nánast fullt á allar sýningarnar.

Um leið og ég þakka iðkendum, þjálfurum, stjórn og öðrum starfsmönnum fyrir þetta frábæra ár vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem hafa lagt okkur lið við undirbúning og framkvæmd móta og vorsýningar á árinu, án ykkar væri þetta ekki hægt.

Ennfremur vil ég nota tækifærið og þakka fyrir mig en ég hef nú ákveðið að láta af störfum í stjórn fimleikadeildar. Ég hvet alla til að taka þátt í starfi deildarinnar því eins og áður sagði er þetta mjög gefandi starf og frábær vettvangur til að taka þátt í starfi deildarinnar með börnunum sínum. Börnin hafa mjög gaman af því að skottast í kringum foreldrana þegar verið er að vinna að málefnum deildarinnar.

Áfram fimleikar – Áfram Fjölnir

*Stefán H. Stefánsson*
*Formaður*





Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningsdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin er nú fjölmennasta deildin innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda. Árangur iðkenda var glæsilegur og eignuðumst við Íslandsmeistara í áhaldafimleikum, hópfimleikum og stökkfimi árið 2018. Þjálfarar unnu mikið uppbyggingastarf með yngri hópa deildarinnar og verður ánægjulegt að fylgjast með þeim í framtíðinni. Fyrirkomulag skráninga í deildina gafst vel á seinasta ári og við veittum foreldrum og iðkendum meira frelsi til þess að velja fjölda æfinga og æfingatíma. Þetta skráningarfyrirkomulag tókst gríðarlega vel og er stefnt að því að halda því áfram á komandi árum ásamt því að bjóða fleiri iðkendum upp á svipað fyrirkomulag.

## Fimleikar fyrir alla

**Sunnudagshópar**

Sunnudagsmorgnar voru áfram tileinkaðir yngstu kynslóðinni. Bangsar, kríli, og stubbar eru krakkar á aldrinum 2 - 4 ára sem gera fjölbreyttar fimleikaæfingar með stuðningi foreldra sinna. Frábært utanumhald þjálfara með góðu skipulagi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og ánægju foreldra með starfið fyrir þennan aldurshóp.

**Byrjendahópar**

Áfram voru teknir inn iðkendur í svokallaða byrjendahópa. Með þessu fyrirkomulagi náum við að bjóða iðkendum 8 ára og eldri fyrr pláss hjá deildinni. Þessir iðkendur geta síðan valið sér fimleikagrein að loknu einu ári í byrjendahóp.

**Æfingahópar**

Áfram viljum við fjölga í æfingahópum okkar. Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.

**Parkour**

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Boðið er upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir sem er ánægjulegt. Þjálfarnarnir hafa haldi vel utan um hópana.

## Fullorðinsfimleikar

Fimleikaæfingar fyrir fullorðna héldu áfram tvisvar sinnum í viku.

**Leikfimi 60+**

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram enda gefist mjög vel. Fjölgað hefur í hópnum og mikil ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins.

**Grunnfimleikar**

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5-7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra

að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingatíma og hraðari yfirferð.

**Grunnhópar 5-6 ára**
**Framhaldshópar 6-7 ára**
**Undirbúningshópar 7-8 ára**
**Hraðferð 5-8 ára**

## Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið.  Góður árangur var áberandi á síðasta ári og unnu Fjölniskrakkar til verðlauna á flest öllum mótum sem tekið var þátt í á keppnistímabilinu. Þeim árangri má þakka frábæru þjálfarateymi sem hefur unnið markvisst með hópana á tímabilinu.

## Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hópfimleika og kepptu eftir reglum TeamGym á ýmsum fimleikamótum yfir árið. Fjölda iðkenda sem vilja stunda hópfimleika fjölgar enn sem er ánægjulegt. Sami þjálfarhópur hefur haldist og hefur mikil samvinna þjálfarateyma skilað mjög góðum árangri.

## Sumaræfingar

Iðkendum deildarinnar í áhalda- og hópfimleikum stóð til boða að stunda æfingar í júní og ágúst. Skráning var góð og voru margir iðkendur sem bættu færni sína á sumarmánuðum, en þá gefst oft tækifæri til þess að prufa nýjar æfingar. Þjálfarar voru duglegir að breyta hefðbundnum æfingum í skemmtilega útiveru, sundferðir og fleira.

Sumarfrístund

Samstarf við Gufunesbæ hélt áfram og var boðið upp á heilsdagsnámskeið í frístund og fimleikum fyrir 6-8 ára börn. Frístundaheimilin voru með dagskrá fyrir hádegi og fimleikadeildin með æfingar eftir hádegi.

Æfingaferð erlendis

Góður hópur iðkenda í áhaldafimleikum lögðu leið sína til Norður Írlands í æfingabúðir um miðjan ágúst. Þetta var mikið ævintýri fyrir bæði börn og fullorðna og lukkaðist ferðin mjög vel í alla staði.

## Afrekaskrá

Iðkendur unnu til fjölda verðlauna á hinum ýmsu mótum í ár.  Of langt mál yrði að telja upp öll afrekin hjá okkar gæsilegu iðkendum, en hér fyrir neðan er árangur iðkenda á Íslandsmeistaramótum á árinu:








## Íslandsmót í stökkfimi

Verðlaunasæti hjá Fjölni fyrir samanlagðan árangur:

**5. flokkur**

C1 –1. sæti

C2 – 3. sæti

**4.flokkur**

C1 – 3.sæti

**3.flokkur**

B1 – 2.sæti

B2- 3.sæti

**1.flokkur**

B1 – 1. Sæti

**Strákar**

Kkeldri – 1. Sæti

## Íslandsmót í þrepum

Verðlaunasæti fyrir samanlagðan árangur

**Stúlkur**

5.þrep 12 ára og eldri

2. sæti - Helenda Ísabel Helgudóttir King

3.sæti - Alexandra Sól Bolladóttir

**4.þrep**

2.sæti - Bryndís Lilja Björnsdóttir Bender



**3.þrep**
1.sæti - Leóna Sara Pálsdóttir

**1.þrep**
1.sæti - Iðunn Ösp Hlynsdóttir

**Drengir**
3.þrep
2.sæti - Sigurður Ari Stefánsson

## Íslandsmót í hópfimleikum

Verðlaunasæti fyrir samanlagðan árangur Fjölnis:

**Drengjaflokkur - yngri**
1. sæti

3.flokkur C
3.sæti

3.flokkur A
2.sæti

4.flokkur A
1.sæti

## Landsliðsverkefni

EM í hópfimleikum 2018 var haldið í Portúgal í október 2018. Þar átti fimleikadeildin þrjá fulltrúa. Það voru þær Aníta Lív Þórisdóttir í blönduðu landsliði unglinga, Kristín Sara Stefánsdóttir í landsliði stúlkna og Ásta Kristinsdóttir í landsliði kvenna. Blandað lið unglinga endaði í fjórða sæti og rétt missti af verðlaunum. Kristín Sara og stelpurnar í stúlknaliðinu komu heim með bronsverðlaun og Ásta og stelpurnar í kvennaliðinu kemu heim með silfurverðlaun og rétt misstu af gullinu með aðeins 0.2 stigum til Svía. Glæsilegur árangur hjá okkar fólki.

Að auki átti fimleikadeildin þrjá þjálfara





í landsliðunum í hópfimleikum. Þar voru Jónas Valgeirsson - landsliðsþjálfari stúlkna, Katrín Pétursdóttir - landsliðsþjálfari stúlkna og Bjarni Gíslason - landsliðsþjálfari kvenna. Fimleikadeildin er mjög stolt af þeirra framlagi og ekki síður að hafa svona glæsilega þjálfara innan okkar raða.

## Íþróttakona fimleikadeildar

Fimleikadeild Fjölnis tilnefndi Ástu Kristinsdóttur. Ásta hefur stundað fimleika frá unga aldri hjá fimleikadeild Fjölnis og er nú í fremstu röð fimleikastúlkna á Íslandi í hópfimleikum. Hún er aldursforseti og frumkvöðull í hópfimleikadeild Fjölnis. Á árinu var hún lykilmaður í meistarflokki Fjölnis þegar liðið keppti á danska meistaramótnu. Þar keppti hún með tvö erfiðustu stökkin bæði í fram og aftur umferð. Ásta keppti fyrir hönd Íslands á Evrópumótinu í hópfimleikum þar sem liðið endaði í 2.sæti.

## Íþróttamaður fimleikadeildar

Fimleikadeild Fjölnis tilnefndi Sigurð Ara Stefánsson. Sigurður Ari hefur stundað áhaldafimleika frá 7 ára aldri, hann hefur ávallt verið með þeim bestu og hefur unnið til fjölda verðlauna í gegnum árin og er árið 2018 engin undantekning. Sigurður varð í 2.sæti á Íslandsmóti í 3.þrepi, hann keppti í fyrsta skipti í frjálsum æfingum á GK meistaramótinu og jafnframt sá fyrsti í Fjölni í áhaldafimleikum kk til að keppa á þessu móti og lenti í 2.sæti. Í lok árs var hann svo valinn í úrvalshóp drengja fimleikasambandsins fyrir árið 2019 .

## Fimleikasambandsmót

Mótaskrá fimleikasambandsins var þéttskipuð af mótahaldi. Keppnistímabilið hófst að hausti og lauk með Íslandsmótum í maí. Deildin átti iðkendur á flestum mótum sem stóðu sig gríðarlega vel á tímabilinu. Deildin hélt nokkur mót á árinu, Íslandsmótið í stökkfimi, Íslandsmótið í áhaldafimleikum (efstu þrep) og GK meistarmótið í maí sem gengu öll mjög vel. Gaman var að sjá allt okkar fremsta fimleikafólk í áhaldafimleikum keppa í húsinu okkar í Egilshöll.

## Millifélagsmót

Hópar frá deildinni tóku þátt í svokölluðum millifélagamótum eða vinamótum. Á flestum þessum mótum er lagt upp með liðakeppni og myndast góð stemmning í hópn-

um. Deildin átti iðkendur á Hello Kitty móti Gróttu, Mínervumóti hjá Björk og Aðventumóti Ármanns.

## Innanfélagsmót

Ákveðið var að halda innanfélagsmótið 15.-16. desember. Iðkendur í grunnfimleikum og fimleikum fyrir alla tóku þátt í mótinu og fengu allir þáttökuverðlaun. Almenn ánægja var með tímasetningu á mótinu þar sem að þetta gaf foreldrum tækifæri til þess að koma og fylgjast með framförum barna sinna á haustönn.

## Vorsýning

Eins og alltaf erum við í skýjunum með vorsýninguna okkar sem heppnaðist frábærlega. Undirbúningur hófst í febrúar en sjálfar sýningarnar fóru fram 1.- 2. júní. Þemað þetta árið var ferðalag um heimin. Þær Arna Jónsdóttir og Vaka Vigfúsdóttir sem sáu um uppsetningu að þessu sinni. Gleði og metnaður lýsti upp fimleikasalinn og var gaman að kveðja iðkendur og foreldra með þessum hætti í lok vetrarstarfsins.

## Keppnisferð erlendis

Í apríl 2018 hélt flottur hópur frá Fjölni til Danmerkur til að taka þátt sem gestir á danska meistaramótinun í hópfimleikum. Þar sem þær kepptu sem gestir voru þær ekki að keppa til verðlauna en voru dæmdar til stiga eins og hin liðin. Stelpurnar stóðu sig frábærlega og kepptu margar með ný stökk sem gekk vonum framar. Þær komu heim reynslunni ríkari eftir skemmtilega ferð.

## Skrifstofa og þjálfarar

Þetta var fyrsta árið í langan tíma sem Halla Karí var ekki að stýra deildinni, hún var í barneignarfríi og vill deildin óska henni til hamingju með soninn Tómas. Halla mun koma aftur til starfa í apríl 2019. Í hennar stað voru Þorgerður Ósk Jónsdóttir og Berglind Bjarnadóttir á skrifstofunni og stóðu sig frábærlega þrátt fyrir að hafa hoppað út í djúpa enda sundlaugarinnar þar sem það er mikil vinna að stýra stórri deild eins og fimleikadeildinni.

Að auki hlaut Þorgerður starfsmerki FSÍ í byrjun janúar 2018. Þorgerður Ósk Jónsdóttir hefur unnið fyrir fimleikadeild Fjölnis í 14 ár. Á þeim tíma hefur hún unnið sem þjálfari og starfsmaður á skrifstofu. Hún á gríðarlega stóran þátt í þeim árangri sem hefur náðst á undanförnum árum hjá deildinni. Þorgerður á auðvelt með að vinna með fólki og öllum líkar vel við hana. Takk fyrir þann metnað, áhuga og einstöku vinnu sem þú hefur lagt á þig til að gera starf deildarinnar betra. Vonum að fimleikahreyfingin fái að njóta krafta þinna áfram til fjölda ára.

Að lokum vill stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllu starfsfólki deildarinnar fyrir frábært starf á árinu. Það er greinilegt að víðtæk reynsla þeirra og menntun er að skila sér í glæsilegum árangri iðkenda í öllum greinum fimleika. Sjálfboðaliðum sem hafa aðstoðað okkur við mót og sýningar erum við einstaklega þakklát og hvetjum fleiri til þess að bjóða fram krafta sína árið 2019. Skrifstofu Fjölnis þökkum við samstarfið ásamt starfsfólki Egilshallar.







# Frjálsíþróttadeild

**Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Fjölnis fyrir starfsárið 20182017.**

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 21. febrúar 2018 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

Þorgrímur H. Guðmundsson formaður
Greta Jessen varaformaður
Unnur Sigurðardóttir gjaldkeri
Auður Ólafsdóttir ritari
Hreinn Ólafsson meðstjórnandi
Hjörvar Pétursson meðstjórnandi
Ágúst Jónsson meðstjórnandi
Eyrún Baldvinsdóttir meðstjórnandi

Þær breytingar urðu á stjórninni að Unnur Sigurðardóttir tók við sem gjaldkeri af Guðrúnu Hrefnu Elliðadóttur sem féll frá á árinu eftir erfiða baráttu við krabbamein. Frjálsíþróttadeildin vottar aðstandendum Guðrúnar innilegrar samúðar. Hjörvar Pétursson kom nýr inn í stjórnina og einnig Eyrún Baldvinsdóttir sem kom inn í stjórnina fyrir hönd hlaupahópsins. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti þetta árið eins og undanfarin ár. Fyrsta verkefni ársins var að halda Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum. RIG fór fram 3. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Eins og á síðasta ári var umsjón mótsins á vegum FRÍ og fengu þeir reynsluboltann okkar Guðlaugu Baldvinsdóttur til að vera mótsstjóra. Í mars sá deildin síðan um Bikarkepni FRÍ 15 ára og yngri. Gekk framkvæmd mótsins vel og var okkur Fjölnismönnum til sóma. Fyrir yngstu iðkendurna var haldið páskamót og buðum við Aftureldingakrökkunum að koma og keppa. Voru krakkarnir mjög ánægðir að koma í Frjálsíþróttahöllina og prufa þar alvöru aðstöðu.

Farið var í æfingaferð til Alicante dagana 26. mars til 2. apríl með iðkendur 15 + hópsins. Þetta var 30 manna hópur og var ferðin hin skemmtilegasta og heppnaðist ákaflega vel.

Fjölnishlaupið var haldið í 30. sinn fimmtudaginn 10. maí. Hlaupið var hluti af 30 ára afmælisdagskrá félagsins. Framkvæmd hlaupsins var að mestu í höndum Hlaupahóps Fjölnis. Framkvæmd og umgjörð hlaupsins þótti takast afar vel og var deildinni til mikils



sóma. Þetta er tíunda árið í röð þar sem Fjölnishlaupið er hluti að Powerade sumarhlauparöðinni. Sú nýjung var gerð í ár að bæta við 5 km vegalengd í hlaupið. 105 tóku þátt í 10 km hlaupinu, 65 tóku þátt í 5 km og 110 voru í skemmtiskokkinu. Fjölnishlaupið er í samstarfi við Gaman Ferðir og er hlaupið kallað Fjölnishlaup Gaman ferða. Samningur við Gaman Ferðir var endurnýjaður til næstu tveggja ára.

Þann 14. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára á Laugardalsvelli. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 148 keppendur.

Samhliða Vormótinu héldum við MÍ í 5.000 og 10.000 m hlaupi. Þann 30. nóvember var gerð önnur tilraun til að halda boðhlaupsmót í Laugardalshöll þar sem myndaðist góð stemning og þátttakan heldur betri en árið áður. Í desember var svo haldið jólamót fyrir 6-9 ára hópinn og aftur var krökkum í Aftureldingu boðið að vera með. Milli jóla og nýárs var svo Áramótið okkar þann 28. des. Góð þátttaka var á mótinu, alls mættu til leiks 135 þátttakendur. Góður árangur náðist í mörgum greinum.

Að auki kom Fjölnir að mótshaldi Reykjavíkurmeistaramóta ásamt öðrum félögum í Reykjavík. Einnig stóð deildin að Grunnskólamóti í frjálsum í samstarfi við hin Reykjavíkurfélögin. Mótið var haldið í Laugardalshöll dagana 1., 4. og 5. sept. Mótið var fyrir krakka í 6.-9. bekk. Deildin hélt bikarkeppnir FRÍ bæði úti og inni ásamt fleiri félögum.

Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár.

Hópurinn 10 ára og yngri var undir umsjón Matthíasar Más Heiðarssonar og Hafdísar Rósar Jóhannesdóttur. Helga Þóra Sigurjónsdóttir, Elísa Sverrisdóttir og Signý Hjartardóttir aðstoðuðu við þjálfun. Hópurinn æfði tvisvar í viku í Rimaskóla og á laugardögum í Laugardalshöll.

11-14 ára hópurinn hafði aðstöðu í Rimaskóla og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þjálfarar voru Matthías Már Heiðarsson og

Hafdís Rós Jóhannesdóttir. Aðstoðarþjálfarar voru Helga Þóra Sigurjónsdóttir, Signý Hjartardóttir og Elísa Sverrisdóttir. Æfingar voru fjórum sinnum í viku, tvisvar í Rimaskóla og tvisvar í Laugardalshöll. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Á haustönninni voru æfingar aðeins 3 á viku.

Unglingaflokkur 15 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Voru æfingar sameiginlegar með Aftureldingu, en þjálfari þar er Hlynur Chadwick Guðmundsson. Á veturna fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinnni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Theódór Karlsson er tækniþjálfari á fimmtudögum á veturna. Matthías Már Heiðarsson er aðstoðarþjálfari hópsins.

Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku, sá hópur hefur vaxið mikið og eru iðkendur um 20 talsins.

Samningur er við ÍR um þjálfun langhlaupara deildarinnar og æfa þeir undir stjórn Mörtu Ernstdóttur.

Starfsemi hlaupahóps Fjölnis var með hefðbundnu sniði. Óskar Jakobsson var þjálfari hlaupahópsins fram í nóvember, þá óskaði hann eftir lausn frá störfum vegna anna á öðrum vettvangi. Þakkar deildin Óskari fyrir hans framlag til hlaupahópsins. Birna Varðardóttir tók við þjálfarastarfinu um miðjan nóvember. Tvö byrjendanámskeið voru haldin á árinu hjá hlaupahópnum og sáu Ingólfur Björn Sigurðsson um þjálfun á þeim.

**Íslandsmeistarar á árinu 2018:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| MÍ öldunga | Inni | 200 metra hlaup karla 55-59 ára | 26,51 | Óskar Hlynsson |
| MÍ öldunga | Inni | 200 metra hlaup kvenna 45-49 ára | 37,59 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ öldunga | Inni | 60 metra hlaup karla 55-59 ára | 7,97 | Óskar Hlynsson |
| MÍ öldunga | Inni | 60 metra hlaup kvenna 45-49 ára | 10,64 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ öldunga | Inni | 800 metra hlaup karla 35-39 ára | 2:15,49 | Garðar Hauksson |
| MÍ öldunga | Inni | 800 metra hlaup karla 40-44 ára | 2:19,79 | Jósep Magnússon |
| MÍ öldunga | Inni | Hástökk kvenna 45-49 ára | 1,25 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ öldunga | Inni | Kúluvarp (4,0 kg) kvenna 45-49 ára | 6,65 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ öldunga | Inni | Langstökk kvenna 45-49 ára | 3,57 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ öldunga | Inni | 400 metra hlaup karla 40-44 ára | 61,61 | Jósep Magnússon |
| MÍ öldunga | Inni | Þrístökk kvenna 45-49 ára | 8,07 | Sigríður Sara Sigurðardóttir |
| MÍ 15-22 | Inni | 400 metra hlaup stúlkna 20-22 ára | 59,38 | Vilhelmína Þór Óskarsdóttir |
| MÍ 15-22 | Inni | 800 metra hlaup pilta 16-17 ára | 2:09,00 | Kjartan Óli Ágústsson |
| MÍ 15-22 | Inni | 800 metra hlaup pilta 18-19 ára | 2:01,28 | Daði Arnarson |
| MÍ 15-22 | Inni | Hástökk pilta 16-17 ára | 1,81 | Bjartur Gabríel Guðmundsson |
| MÍ 15-22 | Inni | Hástökk Stúlkna 18-19 ára | 1,68 | Helga Þóra Sigurjónsdóttir |
| MÍ 15-22 | Inni | 1500 metra hlaup pilta 16-17 ára | 4:40,55 | Kjartan Óli Ágústsson |
| MÍ öldunga 2018 | Úti | 100 metra hlaup karla 40-44 ára | 13,70 | Ágúst Jónsson |
| MÍ öldunga 2018 | Úti | 400 metra hlaup karla 40-44 ára | 64,83 | Ágúst Jónsson |
| MÍ 11-14 | Úti | 600 metra hlaup Stúlkna 13 ára | 1:55,43 | Sara Gunnlaugsdóttir |
| MÍ öldunga 2018 | Úti | 200 metra hlaup karla 40-44 ára | 27,95 | Ágúst Jónsson |
| MÍ 15-22 | Úti | 1500 metra hlaup Pilta 16-17 ára | 4:23,94 | Kjartan Óli Ágústsson |
| MÍ 15-22 | Úti | Hástökk Stúlkna 18-19 ára | 1,74 | Helga Þóra Sigurjónsdóttir |
| MÍ 15-22 | Úti | 110 metra grind pilta 18-19 ára | 17,37 | Styrmir Dan Hansen Steinunnarson |
| MÍ 15-22 | Úti | 800 metra hlaup Pilta 16-17 ára | 2:00,62 | Kjartan Óli Ágústsson |

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2018 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Vilhelmína Þór Óskarsdóttir fyrir góðan árangur í 400 m hlaupi og Hugi Harðarson fyrir góðan árangur í 800 m hlaupi.

## Aðstöðumál:

Innanhússaðstaðan okkar í Laugardalnum er góð en okkur vantar aðstöðu í hverfið til að





geta verið í einhverri samkeppni við önnur félög í Reykjavík varðandi yngri iðkendur. Þetta er orðið mjög aðkallandi og ætti að vera forgangsatriði þegar við horfum fram á við. Stjórnin kallar eftir umræðu um þetta mál og vonast eftir einhverri lausn fyrir næsta vetur.

Á árinu 2017 átti deildin í viðræðum við ÍBR um áframhaldandi aðkomu deildarinnar að Miðnæturhlaupinu. Þær viðræður enduðu með því að ekki náðist samkomulag og þótti okkur þar halla verulega á okkar hlut. Þann 7. maí 2018 sendi frjálsíþróttadeildin bréf til framkvæmdastjóra Fjölnis og óskaði eftir liðsinni aðalstjórnar í þessu máli. Stjórninni hefur ekki borist nein svör um afdrif þessarar beiðni og þykir það miður.

## Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2018

Æfingar eru fjórum sinnum í viku. Á mánudögum og miðvikudögum hleypur hópurinn frá Foldaskóla kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að íþróttahúsi skólans efir hlaup fyrir teygjur og styrktaræfingar.

Á fimmtudögum yfir vetrartímann hittist hópurinn kl. 17:20 og hitar upp fyrir brautaræfingu í Frjálsíþróttahöllinni. Þegar höllin lokar á vorin hleypur hópurinn frá Grafarvogslaug kl. 18.

Á laugardögum eru síðan löng hlaup frá tækjunum við Gullinbrú, kl. 9:30 yfir sumartímann en kl. 10 yfir dimmustu vetrarmánuðina.

Tvær nýliðakynningar voru haldnar, sú fyrri í apríl og seinni á haustmánuðum.

Nýr þjálfari, Birna Varðardóttir, tók við hópnum í nóvember þegar Óskar Jakobsson sem verið hefur þjálfari sl. 2 ár lét af störfum og þökkum við honum vel unnin störf um leið og við bjóðum Birnu velkomna til starfa.

Við upphaf ársins 2018 samþykkti ferðanefnd Hlaupahópsins að næsta utanlandshlaupaferð hópsins yrði á Helsinki City Marathon þann 19. maí. Þessu var vel tekið og æfðu margir af kappi fram eftir vori. Alls fóru 36 manns í ferðina og þar af voru fjórir gestahlauparar úr öðrum hlaupahópum.

Í heilt maraþon voru skráðir 13 hlauparar og þar af var einn gestahlaupari.

Í hálft maraþon voru skráðir 17 hlauparar og þar af voru þrír gestahlauparar.

Í stuðningsliðinu voru 7 makar sem hvöttu hlauparana áfram á götuhornum.

Ferðin tókst í alla staði frábærlega og Helsinki skartaði sínu fegursta vorveðri daganna sem hópurinn var þar í heimsókn.

Amsterdam, Berlin, Boston, Chicago, Dublin, Frankfurt , Kaupmannahöfn og París eru allt borgir sem meðlimir hlaupahópsins hlupu á erlendri grundu þetta árið. Oftast var um heilmaraþon að ræða. Gaman er að segja frá því að dæmi eru um að önnur kynslóð úr sömu fjölskyldu hlaupi með hópnum.

Margir tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í þeim vegalengdum sem í boði voru. Nokkrir tóku þátt í Laugavegshlaupinu auk margra annarra hlaupa. Gamlárshlaup ÍR er alltaf vinsælt og er hefð fyrir því að hópurinn hittist eftir hlaup og skáli fyrir árinu sem er að líða. Í gegnum árin hafa margir tekið þátt í Powerade hlaupunum en enginn hefur tekið þátt eins oft og Þórey Gylfadóttir sem hljóp sitt 100. hlaup núna í janúar.

Lífið er ekki bara hlaup og á hópurinn sér líka aðrar gleðistundir. Hópurinn finnur sér oft tilefni til skemmtana og var nú árinu borðað saman eftir Reykjavíkurmaraþon. Hið árlega Áslákshlaup hlaupahópsins var haldið þann 3. október. Þá bregða meðlimirnir sér í betri fötin og hlaupa upp í Varmárlaug þar sem þeim er góðfúslega veittur klukkutíma aðgangur að lauginni og pottinum eftir almennan opnunartíma laugarinnar. Að laugarferð lokinni var farið með rútu í Golfskálann við Korpu þar sem kvöldverður beið.



Diskótekið Dísa hélt síðan fjörinu uppi fram á nótt.

*F.h. stjórnar, Þorgrímur H.Guðmundsson*
*formaður*


Auto Service
19
BAUER

# Hokkídeild

**Skýrsla Stjórnar veturinn 2018 – 2019**
**Stjórn skipuð á vormánuðum 2018:**
**Marcin Maciej Formaður**
**Helgi Þór Jóhannsson Varaformaður**
**Gunnar Örn Gunnarsson Gjaldkeri**
**Stefán Örn**
**Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Vordís Baldursdóttir**
**Laufey Sigurbjörnsdóttir**

Starf stjórnar hefur heilt yfir gengið vel í ár. Fundir hafa verið haldnir mjög reglulega yfir árið og að meðaltali 3-4 fundir á mánuði. Samstarf innan stjórnar hefur líka verið með ágætum. Starf stjórnar er ósérhlífið, sérstaklega þegar mikið gengur á innan félagsins og í umhverfi þess og er ekki laust við að stjórnarmenn hafi fundið fyrir því á sl. ári. Nær undantekningarlaust hefur samhljómur verið um ákvarðanir sem stjórn hefur tekið.

Óhætt er að segja að að árið sem slíkt hafi verið ár breytinga hjá félaginu því talverðar breytingar urðu á þjálfarateymi ásamt sameiningu við Fjölni. Verkefnalistinn fyrir árið var stór og eitthvað mjatlaðist af honum en eins og alltaf er í svona starfi þá er verkefnin oft ótæmandi.

Síðast liðið ár var óvenju þungt vegna sameiningar við Fjölni, breytinga í þjálfaramálum ásamt samskiptum við sérsamband Íshokkí á Íslandi. Út af fyrir sig er ærið verkefni að byggja upp íshokkí deild innan félagsins en að gera það oft á tíðum í mótvindi frá sérsambandinu er staða sem gengur ekki til lengdar. Nokkrar tilraunir voru gerðar til að leysa ágreiningsmál við sambandið á árinu án árangurs. Ljóst er að stilla þarf betur saman strengi, uppbygging á svona starfi á að vera unnin í samstarfi við sérsamband, önnur aðildarfélög íshokkís á Íslandi ásamt iðkenndum og aðstandendum Fjölnis-Bjarnarins.

Með sameiningu við Fjölni er ljóst að komin er meiri slagkraftur á starfið hjá okkur. Slagkraftur sem setja þarf meiri orku í að nýta með það að markmiði að auka vegsemd deildarinnar og íþróttarinnar á Íslandi. Einnig er vert að hafa í huga þegar svona sameining á sér stað að ofmeta ekki skammtímaáhrifin og vanmeta ekki heldur langtímaáhrifin. Því miður náðum við ekki að leggja til kosninga um sameiningartillöguna fyrr en eftir að vetrarstarf okkar hófst. Það olli því að innleiðing dróst í kjölfarið og segja má að hún hafi átt sér stað núna um áramót þegar Fjölnir tók



formlega við skráningu iðkennda, bókhald o.þ.h. Mikil áhersla hefur verið lögð á aðstöðuna okkar og munu iðkenndur verða varir við breytingar strax á árinu 2019. Fjölnir er í dag eitt stærsta félag á Íslandi og heldur áfram að stækka og mótast. Sífellt meiri kröfur eru lagðar á rekstur íþróttafélaga í dag, kröfur sem erfitt er fyrir lítil félög að standa undir. Mikil þekking er til staðar innan Fjölnis sem nýtist í starf íshokkídeildar varðandi þessar kröfur ásamt framþróun deildarinnar.

Nýrrar stjórnar býður að mörgu leyti spennandi verkefni að halda áfram uppbyggingunni og auka samvinnu okkar við önnur aðildarfélög, sérsamband, móðurfélag og iðkenndur.

Sjálfboðaliðastarfið í kringum klúbbinn hefur verið með svipuðu sniði og sl. ár. Íshokkí er frekar mannfrek íþróttagrein þegar leikir eru annars vegar og heilt yfir mættu foreldrar / forráðamenn vera öflugri við að aðstoða við starfið í kringum leikina en heilt yfir hefur þetta sloppið ágætlega til hjá okkur og ljóst að við stöndum okkur ágætlega miðað við önnur félög í þeim efnum. Vert er að nefna öflugan foreldrahóp sem safnast hefur saman í 5-7 flokk, mikil nýliðun hefur verið í þeim hópi og hefur orðið „hokkífjölskylda“ verið notað yfir

hópinn sem hefur verið að þjappast saman í vetur. Að vanda hefur sjoppan okkar verið í góðum höndum hjá Kristínu, Heiðrúnu, Hafdísi og Guggu og er nú orðið að félagsheimili fyrir iðkenndur og aðstandendur þeirra á meðan æfingar / leikir standa yfir.

Reksturinn er og verður alltaf frekar þungur, styrkir og almennur fjárhagsstuðningur hafa verið að skornum skammti í kringum deildina og þar er verk að vinna. Þeir sem hafa styrkt klúbbinn með einum eða öðrum hætt er þakkað sérstaklega fyrir sín framlög.

Um 20% aukning hefur verið á iðkenndum hjá deildinni og stendur um áramót í um 180 iðkenndum sem eru góð tíðindi. Við getum ennþá bætt við okkur iðkenndum og höfum möguleika á m.a. í krafti Fjölnis að sækja í fleiri iðkenndur úr Grafarvogi og nágrenni.

## Yngri Flokkar Bjarnarins

Þjálfarastarf vetrarins í yngri flokkum var að mestu í höndum Alexander Medvedev.

Í upphafi árs var þjálfarastarfið í höndum Alexanders og Gullu sem tók við um áramót og var ráðin fram á vormánuði. Því miður gengu samningaviðræður á milli Bjarnarins og Gullu ekki upp og því ljóst að við þurftum að gera breytingar. Gullu er sérstaklega þakkað hér fyrir gott starf í þágu félagsins í gegnum árin. Til að sinna stjórnunarhlutanum og skrifstofustörfum stökk Jóhanna Guðmundsdóttir inn í verkin og hefur sinnt þeim síðan.

Alexander hefur síðan snert á þjálfun allra yngri flokka og ljóst er að hans reynsla og þekking á íshokkí er að skila sér í betri einstaklingum innan Bjarnarins. Einnig viljum





við þakka sérstaklega aðstoðarþjálfunum sem hafa verið okkur mikilvægir í vetur, Mikael Skúli, Unnur María, Helga Guðrún, Valtýr, Viggó og Sölvi sem hafa lagt hönd á plóginn okkar.

## Meistaraflokkur kvenna

Áframhaldandi samstarf var á meistaraflokki kvenna fyrir tímabilið og fór sumarið í að leita eftir spilandi leikmanni og þjálfara. Sú leit gekk því miður ekki upp og á endanum var finnskur þjálfari að nafni Jouni Sinikorpi ráðin. Breytingar voru einnig gerðar á aðstöðumun á milli karla og kvenna innan deildarinnar þar sem stjórn ákvað að gefa iðkenndum Mfl. Kvenna Fjölnis-Bjarnarins sama tækifæri á að æfa endurgjaldslaust líkt og er karla megin. Strax var vel tekið í þessa ákvörðun stjórnar af hálfu iðkennda meistaraflokks en aftur á móti vorum við gagnrýnd af sérsambandinu vegna þessa.

Liðið hefur sýnt ágæta spretti í leikjum á móti liði SA. SA sameinaði liðin sín tvö fyrir þetta tímabil og voru því feiki sterkar fyrir veturinn. Oft vill það vera þannig að vinna og nám trufla ástundum iðkenndur Mfl. okkar og má segja að það hafi átt við um Mfl. kvenna. Margir mjög flottir og spennandi leikmenn sem tilheyra Fjölni-Birninum í kvennaflokknum og gaman verður að fylgjast með þeim í framtíðinni.

## Meistaraflokkur karla

Alexander Medvedev tók sitt annað ár með Mfl. Karla og naut hann aðstoðar Trausta Bergmann framan af. Sjaldan höfum við mætt með

eins spennandi hóp til leiks á íslandsmóti og voru væntingar miklar. Liðið mætti gríðarlega sterkt til leiks á undirbúningsmóti og leit vel út. Það er sérstakt að líta á stigatöfluna þar sem ljóst er að okkar menn verma botninn að þá er markatala samt betri heldur en hjá liðinu í öðru sæti og gerist það nú ekki oft. Ekki er hægt að segja að við höfum verið með vindinn í seglin í vetur og hefur aganefnd ÍHÍ verið dugleg að ryðja brautina í tímamótaúrskurðum í vetur ásamt því að botnnýta sínar refsingar í garð Bjarnarins.

Þó svo að margir séu með beyskt bragð í munni eftir þennan vetur þá er staðan einfaldlega þannig að liðið sýndi margoft skemmtilegt íshokkí og á vægast sagt mikið inni. Það var einstaklega ánægjulegt að sjá gamla Bjarnarstráka aftur í rétta búningnum, þetta eru drengir sem eiga mikið eftir ennþá og vonandi fáum við að njóta þeirra lengur. Auk þessa eigum við kjarnahóp tryggra og ungra leikmanna sem vonandi munu mynda öflugan hóp sem mæta til leiks næsta vetur og taki dolluna sem þeir eiga skilið.

Framundan er úrslitakeppni á milli SR og SA, vonandi verður um spennandi keppni að ræða og vert að óska SR, SA og ÍHÍ til hamingju með að koma sínum liðum í úrslitakeppni 2019.

## Þátttaka í mótum:

Sjöundi, sjötti og fimmti flokkur tóku, eins og áður, þátt í fjórum mótum á þessu tímabilinu. Tvö mót fóru fram á Akureyri og tvö í Reykjavík og tókust með ágætum. Þarna eru flottir og efnilegir krakkar að stunda sportið sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.

4. flokkur tók þátt í Íslandsmóti, greinilegt var að þar eru leikmenn sem eru búnir að bæta sig mikið. Íslandsmótinu er lokið og lentu bæði A og B liðin okkar í 2.sæti.

3. flokkur lenti í þriðja sæti og áttu fínt tímabil síðasta vetur. Íslandsmót þessa tímabils er enn í gangi og eiga krakkarnir 4 leiki eftir.

2. flokkur varð íslandsmeistrar á síðasta timabili og getum við ekki verið stolltari af flokknum. Íslandsmót þessa tímabils stendur ennþá yfir og á flokkurinn 2 leiki eftir.

Auk þess vorum við með lið „heldri“ leikmanna í 1. Flokki sem kalla sig Game Björninn. Voru þeir öflugir í mótum vetrarins og mikil og flott þátttaka á æfingum hjá þeim.

## Framundan:

Uppbygging er sennilega best lýsandi orðið fyrir verkefni næstu stjórnar. Taka þarf stjórar ákvarðanir um ráðningu þjálfara, samstarf í meistaraflokki kvenna og áframhaldandi uppbyggingu deildarinnar innan Fjölnis. Björninn getur vel bætt við sig fleiri iðkenndum og hefur tækifæri til þess ef vel er haldið á spilum. Nýjir stjórnarmenn munu taka við deild sem stendur ágætlega og hefur bakland í sterku móðurfélagi með vilyrði um ýmsar umbætur á aðstöðu á árinu 2019. Það eru því spennandi tímar framundan hjá Fjölni-Birninum.

Áfram Björninn.

*F.h. Stjórnar*
*Helgi Þór Jóhannsson*


hummel
N1
N1
4
BÓNUS

# Handknattleiksdeild

**Á aðalfundi sem haldinn var 26. febrúar 2018 í Egilshöll var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:**
**Jarþrúður H. Jóhannsdóttir, formaður**
**Aðalsteinn Leifsson, meðstjórnandi**
**Andrés Gunnlaugsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna – gekk úr stjórn á haustdögum 2018**
**Brynjar Þór Friðriksson, meðstjórnandi**
**Hans Liljendal Karlsson, formaður BUR**
**Karlotta Ósk Óskarsdóttir, gjaldkeri**
**Rúnar Tómasson, formaður meistaraflokksráðs karla**
**Sveinn Ingvarsson, meðstjórnandi**

Rekstur deildarinnar var mjög þungur á síðasta ári eins og sjá má á rekstrarreikningi og ljóst að mikilla breytinga er þörf á næstu misserum til að unnt verði að ná jafnvægi í fjármálunum að nýju. Kostnaður sem lagt var út í vegna veru meistaraflokka deildarinnar í Olísdeildinni leiktíðina 2017-2018 var allnokkur og ekki tókst að ná inn nægum tekjum á móti til að standa straum af þeim kostnaði. Talsverðan hluta hallarekstrar ársins 2018 má rekja til þessa. Ennfremur stóðu væntingar til þess að fjöldi iðkenda í yngri flokkum myndi haldast að mestu óbreyttur á milli tímabila en í ljós kom að heldur fækkaði í ákveðnum flokkum á milli vor- og haustannar og náðu æfingagjöld yngri flokka því ekki að standa að fullu undir launakostnaði vegna þeirra á haustönn en útlit er fyrir að yfirstandandi vorönn muni ganga betur hvað það varðar.

## Húsnæðismál

Síðastliðið haust hófust æfingar í Fjölnishöllinni en húsið var formlega vígt í nóvember. Ljóst er að með tilkomu þessa húss hefur aðstaða fyrir deildina batnað til mikilla muna bæði húsnæðislega séð og ekki síður hvað varðar þá æfingatíma sem unnt er að bjóða upp á.

## Yngri flokkar

Starf yngri flokka á síðasta ári gekk að venju mjög vel. Iðkendafjöldi var svipaður á vorönn 2018 og verið hafði árin á undan en heldur fækkaði á haustönn. Ráðinn var nýr yfirþjálfari 5. – 8. flokks, Andri Sigfússon en hann er jafnframt þjálfari 4. og 5. fl. karla.

Það er stjórn deildarinnar nokkuð áhyggjuefni hversu fáir iðkendur hafa verið í 8. flokki




á yfirstandandi vetri en hins vegar hefur náðst talsverð fjölgun í 7. flokki sem er mjög jákvætt. Ljóst er að áfram þarf að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum í yngri flokkum félagsins til að tryggja starfið enn betur í sessi.

## Meistaraflokkar

Eins og kunnugt er léku báðir meistaraflokkar deildarinnar í Olís-deildinni síðastliðið keppnistímabil en í lok tímabils var ljóst að liðin myndu bæði leika í Grill 66 deildinni nú á yfirstandandi leiktíð. Meistaraflokkur karla lauk tímabilinu með 10 stig í næstneðsta sæti en aðeins munaði tveimur stigum á liðinu og næsta liði fyrir ofan sem hélt sæti sínu í deildinni. Meistaraflokkur kvenna lauk leik í neðsta sæti með 6 stig eða jafnmörg stig og liðið í næstsíðasta sæti og aðeins þremur sætum frá því að tryggja sér áframhaldandi veru í Olís-deildinni. Fall um deild hafði talsverð áhrif á leikmannamál hjá báðum liðum, allnokkrar breytingar urðu sem telja má nokkuð eðlilegt við slíkar aðstæður. Ennfremur urðu þjálfaraskipti karlamegin en þar tók Kári Garðarsson við keflinu af Stefáni Arnari Gunnarssyni sem verði hafði þjálfari liðsins í fjögur ár.

Í haust mættu liðin svo til leiks staðráðin í að tryggja sér að nýju sæti í deild hinna bestu. Sem stendur þegar 14 umferðum er lokið af 18 karla megin situr liðið í efsta sæti með 25 stig en aðeins fjögur lið spila í Grill 66 deildinni sem möguleika eiga á að færast upp um deild. Stúlkurnar sitja sem stendur í 9. sæti þegar þær hafa leikið 18 leiki af 20 og því ljóst að liðið mun áfram leika í Grill 66 deildinni að ári.

Sá merki áfangi náðist á nú á dögunum að meistaraflokkur karla náði að tryggja sér sæti á bikarúrslitahelgi HSÍ sem haldin verður í Laugardalshöll um næstu helgi en félagið hefur aldrei áður átt meistaraflokkslið í Final 4. Föstudaginn 8. mars nk. mun liðið mæta Val, sem situr sem stendur í 2. sæti Olís-deildarinnar, í undanúrslitum en úrslitaleikir í bæði kvenna og karlaflokki verða svo leiknir á laugardeginum. Enn sem stendur er ekki ljóst hvort félagið mun eiga lið í bikarúrslitum yngri flokka sem spiluð verða í Laugardalshöll á sunnudag.

## Ungmennalið karla

Ungmannalið karla lék veturinn 2017-2018 í 2. deild og lauk þar keppni í 3. sæti með 24 stig, þremur stigum á eftir liðunum í 1. og 2. sæti. Liðið er sem stendur í 4. sæti deildarinnar með 16 stig en á þrjá leiki til góða á liðin í 1.-3. sæti en aðeins tvö stig skilja 2. og 4. sætið að.

## Barna- og unglingaráð

Náðst hefur að blása miklu lífi í barna- og unglingaráð að nýju og var unnið þar mjög öflugt starf á síðasta ári og hefur yfirstandandi ár farið mjög kröftuglega af stað.

## Fjölnir Cup

Dagana 9. – 11. ágúst var í fyrsta sinn haldið alþjóðlegt handknattleiksmót sem spilað var á gervigrasvellinum við Egilshöll. Á mótinu tóku þátt lið frá Íslandi, Svíþjóð og Noregi og var stemningin góð. Veðurguðirnir ákváðu að ganga í lið með okkur og fengum við frábært

veður sem gerði það að verkum að upplifun þátttakenda varð enn betri fyrir vikið. Mótið mun næst verða haldið dagana 8. – 10. ágúst nk.

## Fjölnir Invitational

Dagana 30. ágúst – 1. september fór fram í fyrsta skipti alþjóðlegt æfingamót í meistaraflokkum karla og kvenna þar sem þátt tóku auk Fjölnis, Neistin frá Færeyjum í bæði kvenna- og karlaflokki, Fram í karlaflokki og HK í kvennaflokki. Mældist mótið mjög vel fyrir og lauk því með sigri Fjölnis í karlaflokki en þeir sigruðu mótið á innbyrðis markatölu liðanna þriggja. En HK sigraði hins vegar kvennaflokkinn með fullt hús stiga.

## Landsliðsverkefni

Fjölnir átti fjölmarga fulltrúa í landsliðsverkefnum á árinu 2018.

xxxxxxx

## Sjálfboðaliðar

Stjórn handknattleiksdeildar vill þakka sjálfboðaliðum kærlega fyrir þeirra störf á síðasta ári. Eins og svo oft hefur komið fram væri starfið ekki mögulegt nema fyrir dugnað sjálfboðaliða.




hummel
BÓNUS
TVG-ZIMSEN

# Knattspyrnudeild

**Skýrsla stjórnar**
**Árið 2018 í hnotskurn**

Árangur meistaraflokks kvenna var viðunandi og endaði liðið í 6. sæti í 1. deild eftir erfiða byrjun á tímabilinu.

Meistaraflokkur karla með erfitt ár. Eftir að hafa orðið Reykjavíkurmeistarar í fyrsta skipti og átt áæta byrjun í deildinni varð niðurstaðan sú að liðið hafnaði í 11. sæti og féll í 1. deild með 19 stig, 6 sætum á eftir liðunum í 9. og 10. sæti.

## Engar stórar leikmannasölur í ár.

- Yngri flokka starfið gengur áfram vel.
- Stúkumálin komin í biðstöðu.
- Nýir klefar í Egilshöll nánast tilbúnir. Gjörbylting á aðstöðu meistaraflokka félagsins.
- Fjölnismenn ársins 2018 – unga kynslóðin sem hefur stýrt getraunastarfinu og byltingu Fjölnis í þátttöku á samfélagsmiðlum.
- Mikill viðsnúningur í rekstri en áfram botnlaus baraátta og svefnlausar nætur!
- Lítilsháttar tap á öllum deildum.
- Þurfum að greina innheimtu æfingagjalda – tap á rekstri BUR er ekki ásættanlegt.
- Krefjandi verkefni að koma rekstrinum á jákvæða afkomu.
- Nauðsynlegt að afla nýrra tekjustofna.
- Engar leikmannasölur til útlanda 2018 náum vonandi að snúa því við árið 2019.




BÓNUS

- Torfi Tímóteus Gunnarsson lánaður
- Allir útlendingarnir farnir

Ætlum okkur stóra hluti í sumar með mjög marga uppalda Fjölnismenn innanborðs.

Margir leikmenn að spila með yngri landsliðum.

Torfi Tímóteus knattspyrnumaður ársins 2018.

Öflugt þjálfara- og liðsstjórarteymi.

Meistaraflokksráðið er öflugt og sterkt.

Helstu verkefni ársins 2018

## Barna og unglingastarfið

Viðhalda gæðum í þjálfun og allri umgjörð.

Efla eftirlit með innheimtu æfingargjalda.

Festa áfram í sessi og fjölga mótum á vegum Fjölnis.

Halda áfram að fjölga stelpum hjá Fjölni, þar liggur enn stærsta sóknartækifærið.

Halda áfram að stuðla að heilbrigðu líferni ungs fólks, vinna gegn notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna og um leið stuðla að betri lýðheilsu.

Efla afreksstarfið sem er lykill að frekari árangri meistaraflokka félagsins og stuðlar að því að við eignumst fleiri atvinnumenn sem er grunnur að því að fjármagna félagið.

Meistaraflokkur kvenna

Stefna sett á komast upp í úrvalsdeild á næstu árum.

Styrkja áfram innviði.

Stofnuðum okkar 3. flokk árið 2017 og höfum náð mjög góðum árangri með þennan flokk 2017 og 2018.

Þessar stelpur verða lykilleikmenn meistaraflokks kvenna hjá Fjölni næstu árin ef rétt verður haldið á málum.




Klúðruðum 2. flokki í haust – reynum að gera betur í ár.

Umgjörð okkar um leiki meistaraflokks kvenna er með því besta sem gerist kvennaboltanum en eins og hjá öllum öðrum liðum þá þarf að stór auka aðsóknina á völlinn.

Fjölga styrktaraðilum og leita nýrra tekju-



stofna. Nýir og öflugir einstaklingar að koma inn í meistarflokksráð.

Krefjandi verkefni að hafa viðunandi rekstrarafkomu.

Þurfum fleiri tekjustrauma.

Fjölnir - Bakland

http://www.fjolnir.is/knattspyrna/bakland=fjolnis/?fbclid-IwAR1WY77mxw15JPE5jGHK8xRx5sr7Op6E-JlI8KKF-zGns_RvRYJGcZR39DQ

## Starfið almennt

Halda áfram að stækka hópinn sem kemur að starfinu á öllum sviðum.

Þurfum að ná betur utan um daglegan rekstur í samvinnu við skrifstofuna.

Halda hinu frábæra getraunastarfi áfram sem byrjaði sem hefur nú verið í gangi í á annað ár.

Efla félags- og keppnisaðstöðu

Skrifstofa hefur lyft félagsaðstöðunni á nýtt plan.

Klefar í Egilshöll á lokametrunum.

Stúka og framtíðarleikvöllur í lausu lofti!

Bestu þakkir til

Allra sjálfboðaliða.

Styrktaraðila.

Þjálfara.

Starfsfólks á skrifstofu, Egilshöll og Dalhúsum.

Samstarfsmanna í stjórn og aðalstjórn.




FJÖLNIR

# Karatedeild

**Skýrsla stjórnar Karatedeildar Fjölnis fyrir starfsárið 2018**

Árið 2018 leið með ágætum, starfsemi deildarinnar var með hefðbundnu móti, þar sem skiptust á æfingar og þátttaka í mótum fyrir alla aldursflokka.

Karatedeildin tók virkan þátt í mótum bæði innanlands og utan og eignaðist meðal annars Íslandsmeistara í bæði í Kumite og Kata auk þess að eignast Grand Prix meistara. Því til viðbótar unnu keppendur deildarinnar til fjölda verðlaunapeninga á hinum ýmsu mótum innanlands sem utan. Deildin hélt einnig Kobe Osaka International - Iceland mót fyrir yngri iðkendur.

Haldnar voru æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris í apríl. Þetta er 13. árið í röð sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda. Þá bættum við met fyrra árs í fjölda einstaklinga sem þreyttu próf fyrir svart belti um tvo þegar 13 iðkendur þreyttu og stóðust próf með sóma.

Karatekona og -maður ársins voru valin Eydís Magnea Friðriksdóttir og Baldur Sverrisson.

Eins og fyrr var lögð áhersla á samstarf aðstandenda iðkenda og deildarinnar. Haldin var vorsýning þar sem u.þ.b. 60 þátttakendur tóku þátt ásamt aðstandendum. Jafnframt var unnið markvisst að því að fjölga í hópi eldri byrjenda, bæði með því að bjóða í *mömmu- og pabbatíma,* foreldratíma með börnum og kynningartilboðum.

Stjórn hefur unnið að þeim markmiðum sem sett voru fyrir deildina og þann árangur sem ætlunin er að ná fram til ársins 2020. Þessi markmið snúa að félagsstarfinu, árangri í íþróttinni og rekstri deildarinnar.

## Stjórn

Ný stjórn tók við störfum að loknum aðalfundi þann 21. febrúar 2018. Hana skipa: Þorsteinn Yngvi Guðmundsson formaður, Esther Hlíðar Jensen gjaldkeri og Valborg Guðrún Guðjónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Willem Cornelis Verheul yfirþjálfari deildarinnar, Friðrik Magnússon, Sif Ólafsdóttir og Kristján Valur Jónsson. Þetta er annað árið í röð sem þetta fólk situr í stjórn og skiptir með sama hætti niður verkum.

Megináhersla stjórnarinnar á árinu var markmiðasetning fram til ársins 2020. Að jafnaði er framganga markmiða metin mánaðarlega og er þannig reynt að halda þétt utan






*Þátttaka og frammistaða á mótum árið 2018*

um þá þrjá meginþætti sem lögð var áhersla á í markmiðssetningunni; Árangur í íþróttinni, félagsstarfið og rekstrarniðurstöður.

## Þjálfarar

Yfirþjálfari er sem fyrr Willem Cornelis Verheul, 3. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar.

Honum til halds og trausts eru:
*Snæbjörn Willemsson Verheul, 3. dan.*
*Pathipan Kristjánsson, 1. dan.*
*Magnús Willemsson Verheul, 1. dan.*
*Baldur Sverrisson, 1. dan.*
*Guðbjörg Rún Torfadóttir, 1. dan.*

Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að tryggja framgang iðkenda sem áhuga hafa á að koma að þjálfun iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á karatetæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.

Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglinganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá íþróttinni.

## Starfsárið

Starfsárið hefur verið deildinni gott. Skiptir þá ekki hvern þeirra þriggja meginþátta starfseminnar litið er á. Starfið innan deildarinnar hefur verið farsælt, þar sem unnið hefur verið í átt að settum markmiðum. Ný stjórn hóf í apríl vinnu við setningu markmiða fyrir deildina.

Síðan þá hefur verið unnið að því að útfæra þau nánar og hefur starfsemin tekið mið af því að uppfylla þessi markmið. Þau lúta að karate tæknilegri framþróun iðkenda, félagsstarfinu sem og rekstrarlegum niðurstöðum. Að jafnaði metur stjórnin framgöngu verkefna á mánaðarlegum fundum auk þess sem ákveðin eru skref sem stíga á næsta mánuðinn og hver ber ábyrgð á hverju þeirra.

## Þátttaka og árangur í keppnum

Blandaður hópur yngri og eldri iðkenda tók þátt í æfingabúðum í Grangemouth í Skotlandi. Æfingabúðirnar voru haldnar af Kobe Osaka International - Scotland og fóru fram undir stjórn Sensei Steven Morris. Um var að ræða æfingabúðir á laugardegi auk þess sem að á sunnudegi var haldið  KOI mót bæði í Kumite og Kata. Það er skemmst frá því að segja að íslensku iðkendurnir náðu frábærum árangri og komu heim með mikinn fjölda, gull, silfur og brons verðlaunapeninga.

Á árinu náði Fjölnisfólk 5 gullverðlaunum, 11 silfurverðlaunum og 20 bronsverðlaunum á mótum innanlands.

Á mótum erlendis náði Fjölnisfólk 2 gullverðlaunum, 2 silfurverðlaunum og 1 bronsverðlaunum.

Deildin eignaðist Íslandsmeistara í Kata 13 ára stúlkna þegar Ylfa Sól Þorsteinsdóttir sigraði sinn riðil á íslandsmeistaramótinu í apríl.

Jafnframt eignaðist deildin Grand Prix meistara í kata þegar Eydís Magnea Friðriksdóttir sigraði í samanlögðum árangri á Grand Prix mótum.

Stærsta alþjóðlega mót ársins sem haldið var á Íslandi var svo Reykjavik International Games (RIG), en þangað kemur að jafnaði hópur mjög frambærilegra erlendra iðkenda sem gefur okkar fólki færi á að auka keppnisreynslu til muna. Bestum árangri á RIG18 náði Baldur Sverrisson sem náði öðru sæti í Kata pilta.

Á árinu efldi Karatesamband Íslands landsliðsstarfsemi sína í Kata. Nýráðinn landsliðsþjálfari bauð Eydísi Magneu Friðriksdóttur þátttöku í A landsliði og Ylfu Sól Þorsteinsdóttur í Unglingalandsliðshópi.

Í lok árs hélt Karatesamband Íslands upp-



*Kjartan, Eydís Magnea, Baldur og Ylfa Sól á uppskeruhátíð Karatesambandsins*



*Frá vorsýningu Karatedeildar-innar*

skeruhátíð þar sem veitt voru verðlaun fyrir frammistöðu á Grand Prix mótaröð ársins. Þeir af okkar iðkendum sem fengu verðlaun voru:

*Kjartan Bjarnason, brons, Kata 12 ára piltar.*

*Eydís Magnea Friðriksdóttir, gull, Kata 13 ára stúlkur.*

*Ylfa Sól Þorsteinsdóttir, silfur, Kata 13 ára stúlkur.*

*Baldur Sverrisson, silfur, Kata 16-17 ára piltar.*

*Eydís Magnea Friðriksdóttir, brons, Kumite 13 ára stúlkur.*

*Baldur Sverrisson, brons, Kumite 16-17 ára piltar.*

## Félagsstarfið

Innan deildarinnar störfuðu að jafnaði rúmlega 90 iðkendur á hverri önn.

Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfing-

um sex daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði tvær kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá þrjár kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir iðkendur sem eru í afrekshópi, sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar, þrjár aukaæfingar á viku.

Sú nýjung varð í ár að fyrirkomulagi sumaræfinga var breytt. Lögð var áhersla á einstaklingsmiðaðar styrktaræfingar með það að markmiði að iðkendur yrðu á hápunkti æfinga þegar að mótahaldi kæmi. Úr varð þriggja mánaða námskeið með þremur vikulegum æfingum.

Aðrar æfingar utan hefðbundinnar dagskrár fóru fram til að undirbúa enn betur þá sem tóku svartbeltisgráðun í apríl. Haldnar voru aukaæfingar eftir þörfum á tímabilinu febrúar til apríl.

Deildin eignaðist tvo nýja Katadómara árið 2018 þegar Valborg Guðrún Guðjónsdóttir og Þorsteinn Yngvi Guðmundsson luku prófi til B-réttinda.

Þá hlutu þau hjónin Willem C. Verheul yfirþjálfari deildarinnar og Valborg G Guðjónsdóttir stjórnarmeðlimur og iðkandi Gullsmerki Fjölnis fyrir framlag sitt til deildarinnar. Enda höfðu þú þá starfað fyrir deildina frá því árið 2004.

Haldin var vorsýning þann 20. maí í Egilshöll. Þar komu fram tugir iðkenda og sýndu aðstandendum hvað þeir hafa lært undanfarinn vetur auk þess sem aðstandendur voru drifnir út á gólfið til að taka þátt í sýningunni. Veittar voru viðurkenningar fyrir besta ástundun í hverjum aldursflokki.

Afrekshópur deildarinnar kom svo að sjálfsögðu fram og sýndi leikið atriði.

Í heimsókn Sensei Steven Morris í apríl hlutu eftirfarandi dangráðun:

*Arnór Már Atlason, Shodan (junior)*
*Gústaf Karel Karlsson, Shodan-ho (junior)*
*Hákon Bjarnason, Shodan (junior)*
*Rán Ægisdóttir, Shodan-ho (junior)*
*Sunna Rut Guðlaugardóttir, Shodan-ho (junior)*
*Ylfa Sól Þorsteinsdóttir, Shodan-ho (junior)*
*Ívan Sær Davíðsson, Shodan-ho (junior)*
*Páll Haraldsson, Nidan*
*Esther Hlíðar Jensen, Shodan*
*Kristján Valur Jónsson, Shodan*
*Liney Björg Sigurðardóttir, Shodan*
*Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, Shodan*
*Thorsten Alexander Roloff, Nidan*

## Karateiðkendur ársins voru valin þau:

**Baldur Sverrisson.** Baldur hefur í gegnum langan feril í deildinni unnið ötullega og verið öðrum góð fyrirmynd. Það hefur svo sýnt sig í að hann er í dag vinsæll þjálfari yngri iðkenda og stuðningsmaður þeirra á mótum þar sem hann tekur jafnan að sér liðsstjórahlutverkið. Baldur lauk á árinu 1. stigs þjálfararéttindum ÍSÍ eftir að hafa starfað sem aðstoðarþjálfari um árabil.
Baldur er einn Afreksiðkenda deildarinnar og hefur sýnt góðan árangur sem keppnismaður í greininni. Enda kemur hann að jafnaði heim með verðlaun þegar hann tekur þátt. Þannig náði hann 2. sæti í Kata á Reykjavík International Games, 3. sæti á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata og á Grand Prix móta-

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Heildartekjur | 7.068 | 5.985 |
| Heildarkostnaður | 5.584 | 5.119 |
| Heildarhagnaður | 1.484 | 866 |






röðinni (3 mót) náði hann samanlagt 2. sæti í Kata og samanlagt 3. sæti í Kumite.
Metnaður og Virðing eru þau gildi sem Baldur hefur staðið fyrir í starfi sínu innan karate-deildarinnar

**Eydís Magnea Friðriksdóttir.** Eydís hefur, þrátt fyrir ungan aldur, sýnt mikið keppnisvilja. Árið í ár var henni gott, hún náði 3. sæti í Kata á Reykjavík International Games, 2. sæti á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kata. Á Grand Prix mótaröðinni náði hún samanlagt 1. sæti í Kata og varð þar með Grand Prix meistari og í Kumite varð hún í 3. sæti.
Eydís er auk þess meðlimur í Afrekshópi deildarinnar og var valin til að taka þátt fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum í San Marino fyrr á árinu.
Metnaður er það gildi sem Eydís hefur lifað eftir í starfi sínu innan deildarinnar.

Markvisst var unnið að því að auka samstarf og samheldni deildarinnar og aðstandenda iðkenda saman ber námskeiðshald um það að vera karateforeldri, mömmu- og pabbatíma og vinatíma. Marksókn á eldri byrjendur þar sem þar fer hópur sem mætti stækka hjá deildinni.

## Rekstrarárangur

Rekstrarárangurinn á árinu hefur verið með ágætum. Þannig náði núverandi stjórn að byggja á þeirri stefnumótun og þeim árangri sem fyrri stjórn lagði upp með. Jukust heildartekjur deildarinnar um rúm 18% á árinu á meðan kostnaður jókst um 9%. Munar þar mestu um að æfingagjöld sem lítið sem ekkert höfðu hækkað um árabil voru hækkuð. Þannig varð stærsti einstaki tekjuliður deildarinnar 23% hærri milli ára. Laun og verktakagreiðslur þjálfara eru stærsti útgjaldaliður deildarinnar og fór það svo að með auknum fastráðningum sem og því að hafa fleiri aðstoðarþjálfara á æfingum yngri hópa jókst sá liður um 18%.

Helstu rekstrarniðurstöður ársins urðu svo (í þúsundum króna):

Af ofangreindu leiðir að niðurstaða í rekstri deildarinnar varð um 1,5 milljónir í rekstrarafgang eða um 21% af heildartekjum deildarinnar.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar. Ljóst er að það styttist í að endurnýja þurfi hluta af búnaði deildarinnar. Jafnframt hyggst deildin efla enn frekar hæfni iðkenda með ákveðnum átaksverkefnum eftir því sem við á. Það er deildinni því nauðsynlegt að sníða reksturinn þannig að hún geti mætt þeim verkefnum sem framundan eru.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar:

*Þorsteinn Yngvi Guðmundsson*
*Formaður*




32
SAMSUNG
BÓNUS

# Körfuknattleiksdeild

**Skýrsla stjórnar fyrir aðalfund**
**4. mars 2019**

Körfuboltastarf Fjölnis er blómlegt með iðkendur á öllum aldri og metnaðarfullt meistaraflokkastarf. Starfið skiptist upp í yngri flokka og meistaraflokka. Samtals eru 287 iðkendur skráðir hjá deildinni og með stuðningsmönnum erum við 310 sem erum skráð í iðkendaskráningarkerfinu. Yngstu iðkendurnar frá 3-5 ára eru í Íþróttaskóla Fjölnis sem við erum með í samstarfi við handboltadeildina. Í haust byrjuðum við æfingar í nýja íþróttahúsinu okkar, Fjölnishöllinni í Egilshöll. Fjölnishöllin er frábær miðjupunktur í stóra hverfinu okkar og liggja strætóleiðir hverfisins þangað. Því var tilvalið að bjóða upp á fylgd í strætó úr frístundarheimilum og aftur til baka fyrir 6-7 ára börnin. Mjög góður kostur fyrir foreldra til að sleppa við skutl í eftirmiðdaginn. Þessi aldurshópur hefur stækkað milli ára hjá okkur sem er frábært bæði fyrir tilstuðlan fylgdarinnar og fyrir hið frábæra þjálfarateymi hópsins. Iðkendur frá 6-9 ára aldri æfa 2-3 í viku og fara á a.m.k. 4 skemmtileg mót sem hin ýmsu íþróttafélög halda. Þó er alltaf hápunktur hjá okkur þegar við höldum okkar stóra og skemmtilega körfuboltamót fyrstu helgina í nóvember ár hvert. SAMbíómótið, eins og við höfum kallað mótið undanfarin ár, er frábær vettvangur fyrir iðkendur að byrja að keppa þar sem gleði og skemmtun ræður ríkjum og fyrstu merki um liðsanda byrja að mótast. Frá 10 ára aldri er æft fjórum sinnum í viku og iðkendur byrja að keppa á Íslandsmóti KKÍ auk þess að mæta á önnur körfuboltamót eins og þá langar til. Á Íslandsmóti er getuskipt í lið og keppt í riðlum þar sem efsti riðilllinn keppir um Íslandsmeistaratitil undir vor. Undanfarin ár hefur starf deildarinnar verið árangursríkt hvað varðar getu á Íslandsmótum. Strákaflokkarnir hafa meira og minna verið að keppa í efstu riðlum og státum við af mörgum Íslandsmeistaratitlum undanfarin á og er útlitið áfram bjart ef vel er haldið utan um flokkana. Stelpuflokkarnir eru að bæta sig en þar hefur vantað upp á fjölda stúlkna. Í fyrsta skiptið núna í nokkur ár náum við að skrá lið í öllum stúlknaflokkum til keppni í Íslandsmóti KKÍ. Við höfum reynt að ýta meira við stelpum að koma og prófa körfubolta auk þess sem við erum með frábæra þjálfara sem hjálpa til við að fá fleiri stelpur til að koma að




æfa. Við erum mjög stolt af því að hafa náð að styrkja stelpustarfið svo um munar og teljum við að góður árangur meistaraflokks kvenna undanfarin ár hjálpi einnig til við árangurinn. Við teljum að gott starf meistaraflokka sé mjög mikilvægur þáttur í starfi yngri flokka félaga. Iðkendur yngri flokka hafa fyrirmyndir í meistaraflokkunum sem þeir geta litið upp til og leikmenn meistaraflokka aðstoða við starf yngri flokka með ýmsum hætti og eru þar með fyrirmyndir. Erlendir leikmenn meistaraflokka setja gjarnan skemmtilegan svip á starfið fyrir yngri flokkana auk þess sem þeir hjálpa til við að auka samkeppni og gæði meistaraflokkanna.

Þær gleðifréttir bárust svo nú um helgina að meistaraflokkur kvenna urðu deildarmeistarar. Liðið er búið að vera sannfærandi í vetur og vonandi mæta stelpurnar einbeittar til leiks í úrslitakeppnina í vor til að tryggja veru liðsins í Dominos deildinni næsta haust en það er búið að vera markmið liðsins í allan vetur.

Árangur af starfi deildarinnar má einnig mæla með fjölda iðkenda sem valdir hafa verið í landsliðsæfingahópa en þennan veturinn voru 4 stelpur og 16 strákar, samtals 20 iðkendur okkar valdir til að æfa um jólin í landsliðsæfingahópum KKÍ, U15 upp í U20. Við erum afar stolt af þessum ungmennum sem við vitum að leggja meira á sig til að ná svona langt enda er það vilji hvers og eins þeirra.

Það er svigrúm fyrir öll börn að æfa hjá deildinni. Það hafa ekki allir það að markmiði að komast í landslið. Sumir sækjast einfaldlega eftir því að vera í hópíþrótt og hafa gaman af félagsskapnum og það er frábært. Við

viljum geta boðið upp á körfubolta fyrir alla. Bæði þá sem vilja vera með og þá sem hafa elju og metnað til að fara alla leið. Stundum fara þessir hópar ekki alltof vel saman og því er mikilvægt að fjölga iðkendum til að geta skipt í tvö lið eða fleiri þannig að hver iðkandi geti keppt á því getustigi sem hentar honum hverju sinni. Við þurfum og viljum gera enn betur hvað varðar fjölgun iðkenda hjá deildinni því við teljum það fara saman með hagsmunum deildarinnar til framtíðar. Við viljum geta viðhaldið þeim frábæra árangri sem náðst hefur í yngri flokkum undanfarin ár en viljum einnig að árangurinn komi ekki niður á heildarstarfi deildarinnar. Með þessum orðum er áskorun til hvers og eins iðkanda og forráðamanns að hjálpa til við að auka hróður deildarinnar og fá fleiri iðkendur á æfingar.

Við höfum reynt með reglubundnum hætti að fá fleiri forráðamenn að starfinu t.d. með því að bjóða upp á opna stefnumótunarfundi um starfið. Stefnumótunarnefnd skilaði af sér góðum skrifum s.l. haust þar sem tekið er á ábyrgð iðkenda, forráðamanna og stjórnar á starfinu. Skrifin eru í handbók deildarinnar og hvetjum við alla til að kynna sér þau skrif.

Í haust var haldið dómaranámskeið í Dalhúsum fyrir iðkendur 10.flokks og eldri. KKÍ hefur lagt af stað í þetta verkefni að reyna að fjölga dómurum og var Fjölnir fyrsta félagið til að sækjast eftir að fá slíkt námskeið. Skemmst er frá því að segja að um 50 manns tóku þátt, iðkendur, forráðamenn og þjálfarar. Námskeið þetta er grunnnámskeið sem gefur réttindi til dómgæslu á leikjum yngri flokka. Alltof oft lenda félögin í dómaraskorti og því hið besta mál að reyna að fjölga dómurum eins og unnt er. Við munum klárlega reyna að gera þetta að árvissum viðburði.

Við héldum Litlu-Jól fyrir yngri flokkana þar sem jólasveinninn kíkti í heimsókn og lék á alls oddi og atti kappi við körfuboltakrakkana okkar.

Jólaæfingabúðir fóru fram milli jóla og nýárs. Fengnir voru að láni leikmenn og þjálfarar úr Fjölni og öðrum klúbbum. Búðirnar voru ágætlega sóttar og vonumst við til enn meiri aðsóknar þegar við náum að gera þetta að reglulegum aukaæfingum sem krakkarnir okkar sækjast í. Við erum alltaf að vinna í að gera körfuboltann að skemmtun á sama tíma og við vitum að aukaæfingin skiptir öllu máli fyrir þá sem vilja ná árangri í íþróttinni. Skotæfingar Dóra á þriðjudagsmorgnum kl. 6:30 fyrir 7.flokk og eldri eru hluti af auka æfingunni sem og sunnudagsæfingin kl. 9 fyrir 8-11 ára krakka sem nýverið var sett á laggirnar, í umsjón mismunandi þjálfara hverju sinni.

Bikarkeppni KKÍ fór fram helgina 15-17. febrúar sl. Fjölnir átti tvö lið í úrslitunum í ár, 10.flokk drengja fæddir 2003 og Drengjaflokk fæddir 2001-2002. Þetta var hátíðleg stund fyrir unga drengi að standa á stóra sviðinu, vera í beinni útsending í sjónvarpinu, hlýða á þjóðsönginn og fara svo í keppnisgírinn. Í báðum leikjum þurftum við að láta í minni pokann gegn Stjörnunni, en þetta fer klárlega í reynslubankann hjá frábærum framtíðarleikmönnum okkar. Á síðasta ári áttum við eitt lið í úrslitum, drengir fæddir 2002 sem þá urðu




Bikarmeistarar með sigri á Stjörnunni.

Við erum stolt af því að hafa náð að gefa loks aftur út tímaritið Fjölnir Karfa sem kom út á dögunum og borið var út í öll hús í Grafarvogi. Síðast kom blaðið út árið 2013. Í blaðinu gerum við leikmönnum okkar í öllum flokkum góð skil og segjum frá uppöldu Fjölnisfólki sem haldið hefur á önnur mið. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan okkar nýja liðsstyrks, Heiðrúnar Kristmundsdóttur sem þessi draumur varð að veruleika, en Heiðrún kom til starfa hjá deildinni í hlutastarfi í október s.l. Heiðrún



aðstoðar okkur við markaðssetningu yngri flokka, kemur að þjálfaramálum og öðrum tilfallandi verkefnum. Heiðrún kemur úr Vesturbænum en hefur m.a. spilað í Bandaríkjunum og þjálfað á Spáni.

Með reglulegu millibili höfum við fengið fyrirlesara til að flytja erindi fyrir iðkendur okkar. Þeir fyrirlestrar snúa oftar en ekki að geðheilbrigði því við vitum að íþróttafólk þarf að hafa sjálfstjórn og aga. Sjálfstraust er íþróttafólki jafn mikilvægt og líkamleg geta.

Þjálfarar okkar eru metnaðarfullir í körfuboltaþjálfun sinni þar sem þrek, körfuboltatækni, liðsheild og leikurinn sjálfur fær mestan hjómgrunn enda tíminn gjarnan af skornum skammti. Í fyrsta skiptið í ár þá fengum við styrkarþjálfara til liðs við okkur sem kennir eldri iðkendum styrktaræfingar. Þær æfingar hafa vakið mikla lukku meðal iðkenda og þjálfara. Við vitum að sérstaklega stelpumegin er styrk almennt séð ábótavant og því erum við afar ánægð að geta boðið upp á þennan kost samhliða körfuboltaæfingum.

Við erum full tilhlökkunar að renna inn í seinni helming þessa tímabils þar sem uppskera hvers flokks eftir veturinn mun skýrast í vor. Að venju verða sumaræfingar í sumar enda teljum við einn af árangursþáttum okkar að iðkendur geti æft yfir sumartímann, bæði viðhaldið þreki og tekið tækniæfingar sérstaklega fyrir. Körfuboltabúðir Fjölnis með Ægi og Heiðrúnu fóru fram s.l. sumar og aðsóknin aldrei verið meiri.  Við bjóðum alla krakka velkomna í sumarstarfið okkar, ekki bara Fjölnis krakka þótt vissulega séu þau í meirihluta. Ekki hafa öll félög kost á að halda úti sumarstarfi og því bara skemmtilegt að fá börn úr öðrum félögum til okkar.




Einhverjir flokkar eru búnir að setja stefnuna á keppnis- eða æfingaferðir, annað hvort um páskana eða í sumar. Slíkar ferðir eru mjög mikilvægar fyrir iðkendur bæði hvað varðar árangur og ekki síst hvað varðar félagsskapinn og til að styrkja liðsheildina. Körfubolti er liðsíþrótt og því er góð liðsheild lykilþáttur að árangri og ánægju í íþróttinni okkar góðu.


H
G
22:46
ctavis

# LISTSKAUTADEILD

Frá 1. janúar 2019 má segja að Ungmennafélagið Fjölnir hafi tekið formlega við rekstri listskautadeildar, og þar sem aðalfundur er í febrúar en ekki í apríl eins og venjan er, þá mun þessi skýrsla byggjast á starfsemi deildarinnar frá apríl 2018 til lok árs 2018. Á næsta aðalfundi í febrúar 2020, mun því vera gefin skýrsla fyrir allt árið 2019.

Í apríl síðastliðnum tók ný stjórn við stjórn listskautadeildar og hélt áfram að byggja á því ágæta starfi sem fyrri stjórn hafði gert. Vorönn Skautaskólans lauk með glæsilegri vorsýningu og Bangsamóti en eldri hóparnir luku sinni önn með vorsýningu í lok maí. Í júní var svo boðið upp á 3ja vikna sumarbúðir í samstarfi við Skautafélag Akureyrar og þóttu þær heppnast mjög vel og stelpurnar náðu miklum framförum. Eftir sumarbúðirnar fóru svo nokkrir iðkendur í æfingabúðir til Tartu í Eistlandi. Á meðan þessum æfingabúðum stóð þá fjárfesti félagið með aðstoð foreldrafélagsins í "spinner" sem búið er að setja upp við norðvesturhluta svellsins. Halldór Torfi Pedersen og Sæmundur Þórarinsson buðu sig fram til að byggja pallinn og setja upp sem þurfti og er þeim þakkað kærlega fyrir veitta aðstoð. Eftir er að teppaleggja pallinn og mála stoðir. Við vonumst til að "spinnerinn" sá eini sinnar tegundar á landinu, muni efla íþróttina enn frekar.

Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að klára ráðningarsamninga þeirra Christinu Phipps og Gennady Kaskov. Christina var fastráðin við félagið sem skautastjóri og þjálfari og Gennady fastráðinn við félagið sem yfirþjálfari. Eva Björg hélt svo áfram sem yfirþjálfari Skautaskólans á haustönn 2018.

Hópaskipulagi var breytt á vorönn og einfaldað þannig að það yrðu hópar 1, 2 og 3, en kristalsnafnið tekið út. Iðkendum var skipt í sex hópa eftir getustigi. Einnig var byrjað með fullorðinshóp í tilraunaskyni og var mjög ánægjulegt að sjá að 12 skráðu sig fyrir haustönnina. Liggur því ljóst fyrir að þetta sé eitthvað sem við viljum efla enn frekar.

Mótahald fyrir áramót hefur gengið ágætlega og leggjum við áherslu á hversu mikilvægt það er að foreldrar taki þátt í starfinu svo vel gangi. Nauðsynlegt er að hafa sjálfboðaliða úr röðum foreldra í hin ýmsu verk sem þarf að sinna á mótum. Í samstarfi við foreldrafélagið var gerð tilraun með að raða iðkendum niður á viðburði út árið og að foreldrar/forráðamenn myndu þá vinna ákveðin verk á þeim viðburð-






um. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega en alltaf má gera betur og fyrir næsta tímabil mun það án efa ganga mun betur þar sem ýmsir hnökrar komu í ljós en þá á að vera auðvelt að leysa.

Í nóvember sl. staðfesti stjórn Skautasambands Íslands uppfærslu á viðmiðum afreksnefndar og tóku breytingarnar gildi þann 1. janúar 2019. ÍSS gefur út þessi viðmið fyrir val á keppendum í landslið og þátttöku íslenskra keppenda á opnum ISU mótum. Það kemur svo í hlut valnefndar að fara yfir árangur keppenda sem koma til álita til þátttöku á ISU mótum erlendis fyrir Íslands hönd.

Skautasamband Íslands gerði einnig breytingar á keppniskerfi félaganna fyrir áramót. Rétt er að taka fram að þessar breytingar ullu ákveðnum vandræðum við að staðsetja suma iðkendur í rétta keppnisflokka en þetta á núna að vera orðið skýrt og komið í lag.

Eva Dögg Sæmundsdóttir var valin skautakona ársins 2018 af stjórn Skautasambands Íslands og keppir hún í Senior Ladies. Þetta er í fyrsta sinn sem hún hlýtur þessa tilnefningu og er mjög vel að henni komin, enda einstaklega dugleg og fær íþróttakona. Við óskum henni innilega til hamingju með þennan árangur.

Sólbrún Erna Víkingsdóttir var valin íþróttakona listskautadeildar Fjölnis 2018. Hún hefur lagt mikið af mörkum til að auka gæði listskauta hér á landi með vinnu sinni að þjálfun yngri kynslóða skautara og hefur tekið þátt í þremur alþjóðlegum búðum í

Rússlandi, í Eistlandi og hér á Íslandi. Mikilvægt er að styðja við þjálfun íslenskra þjálfara í greininni og efla þá í starfi sínu.

Ein helsta breytingin fyrir félagið var innganga í Ungmennafélagið Fjölni sem var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða á framhaldsaðalfundi Bjarnarins þann 27. september 2018. Mikil vinna er búin að liggja að baki þessari sameiningu og stendur enn yfir. Mörg verk þarf að vinna áður en það verkefni klárast en við vitum og vonum að þetta samstarf verði mikil lyftistöng fyrir félagið og verður spennandi að sjá hverju við náum að áorka á árinu 2019.

Við þökkum foreldrafélaginu fyrir gott samstarf fyrir áramót og fyrir að halda áfram að styrkja iðkendur í þjálfun sinni eins og t.d. með styrk við fjármögnun á “spinnernum”. Við minnum foreldra á að margar hendur vinna létt verk og að taka þátt í foreldrastarfinu er ekki bara skemmtilegt heldur einnig góður vettvangur til að fræðast um íþróttina.

Í stjórn Listskautadeildar sátu frá apríl 2018 til lok árs 2018:

*Kristel Björk Þórisdóttir, formaður.*
*Stefán Hjaltalín, varaformaður og mótstjóri*
*Dagrún Þórný Marínardóttir, gjaldkeri.*
*Ingibjörg G. Jónsdóttir, ritari*
*Halldór Torfi Pedersen, meðstjórnandi*

Öllum stjórnarmönnum og öðrum sjálfboðaliðum er þakkað gott starf í þágu deildarinnar á liðnu ári.

F.h. stjórnar Listskautadeildar Fjölnis
Kristel Björk Þórisdóttir, formaður

## Fjármál

Rekstur 2018 gekk ágætlega. Deildin rekur sig á tekjum frá iðkendagjöldum, rekstri Skautaskólans, styrkjum frá Aðalstjórn Bjarnarins (2018) og öðrum styrkjum þegar svo ber við.

Uppgjör fyrir árið 2018 er nú lagt fram til samþykktar á þessum aðalfundi.

Deildin er rekin með 102.422 kr. tapi og jákvætt eigið fé uppá rúmar 2.784.045 m. kr.

### STYRKTARAÐILAR

Styrktaraðilar sumarbúða voru Krumma, Macron og Subway. Þökkum við þeim kærlega fyrir veittan stuðning.

## Starfsemi listskautadeildar

**Iðkendur, þjálfarar og keppnistímabilið**

Alls voru 171 iðkendur skráðir á haustönn 2018 sem var töluverð fjölgun frá vorönn 2018 þegar 137 iðkendur voru í deildinni. Þar af voru 81 iðkandi í hópum 1 – 3 og 78 í skautaskólanum. Boðið var upp á fullorðinsnámskeið sem mæltist vel fyrir. Æfingar fóru fram tvisvar í viku og voru 12 skráðir á námskeiðið.

## Skautaþjálfarar deildarinnar apríl - desember 2018 voru

**Gennady Kaskov, yfirþjálfari listskautadeildar,** sem hefur 25 ára reynslu sem skautaþjálfari og hefur starfað lengst af í Kanada. Hann hefur þjálfað skautara á ýmsum stigum, allt frá áhugaskauturum til atvinnuskautara. Hann er tæknisérfræðingur og er með þjálfararéttindi frá Kanada. Hann er með BA

macron TECHNICALSPORTSWEAR
KRUMMA®
SUBWAY®



gráðu í íþróttasálfræði og meistaragráðu í hreyfingarfræði (kinesiology). Gennady hefur unnið til ýmissa verðlauna, meðal annars var hann heimsmeistari 1987, World University meistari 1990, tvöfaldur Basel Cup meistari en einnig hefur hann unnið yfir 20 verðlaun á ISU mótum. Hann var í landsliði Sovétríkjanna í 12 ár.

**Christina Phipps, þjálfari og skautastjóri,** byrjaði að æfa skauta árið 1986 og æfði með bandarískum og rússneskum ólympíuförum og -þjálfurum. Hún æfði af kappi þar til hún varð fyrir bakmeiðslum árið 1998 og varð að hætta keppni. Þá hóf hún störf sem skautaþjálfari og hefur 20 ára reynslu sem slíkur. Hún hefur þjálfað skautara á öllum aldri og unnið að uppsetningu umfangsmikillla skautasýninga. Hún er með þjálfararéttindi frá Bandaríkjunum og er einnig menntaður einkaþjálfari. Christina hefur unnið til ýmissa verðlauna, meðal annars er hún tvöfaldur USFS gullhafi.

**Eva Björg Bjarnadóttir, yfirþjálfari Skautaskólans,** hefur verið þjálfari hjá Listskautadeild Bjarnarins síðan haustið 2011 og tók við sem yfirþjálfari Skautaskólans haustið 2016. Hún hefur mikið kennt í Skautaskólanum og einnig þjálfað lengra komna iðkendur. Hún er fyrrum skautari frá Birninum og skautaði einnig með synchro liði Bjarnarins. Eva Björg hefur lokið 1., 2., og 3. stigi þjálfararéttinda frá ÍSÍ og einnig hlutum 1a, 1b og 1c frá Skautasambandi Íslands. Ásamt kennslunni stundar hún nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík.

## Gestaþjálfarar frá apríl - desember 2018 voru:

**Adelina Sotnikova,** kom í sumarbúðirnar í júní og var að þjálfa þar í tvær vikur. Hún er Ólympíumeistari í listskautum frá Ólympíuleikunum í Sochi 2014 og hannaði prógröm fyrir skautara.

**George Kenchadze,** fyrrum yfirþjálfari SA þjálfaði í sumarbúðunum í júní en var auk þess með æfingar í eina viku í lok júlí.

**Kevin Curtis,** danshöfundur og þjálfari var í eina viku í sumarbúðunum og kom einnig í eina viku í ágúst. Hann hefur þjálfað fyrir félagið áður og aðstoðað við gerð nýrra prógrama. Hann er US National Technical Specialist og hefur unnið með Ólympíukeppendum og þátttakendum í heimsmeistaramótum.

## Þátttaka í innlendum mótum apríl - desember 2018:

Haustmót ÍSS 2018 var haldið á Akureyri. Tuttugu keppendur frá listhlaupadeild Fjölnis tóku þátt á haustmótinu en þar var keppt í 8 keppnisflokkum og átti deildin keppendur í öllum flokkum. Í Intermediate Ladies var Hildur Hilmarsdóttir í 2. sæti og í Intermediate Novice var Harpa Karin Hermannsdóttir í 1. sæti og Valdís María Sigurðardóttir í því 2. Í Advanced Novice var Júlía Sylvía Gunnarsdóttir í 3. sæti, í Junior var Herdís Birna Hjaltalín í 3. sæti og í Senior var Eva Dögg Sæmundsdóttir í 1. sæti.

Bikarmót ÍSS 2018 var haldið í Laugardal helgina 13. - 14. október. Deildin átti keppendur í öllum 8 keppnisflokkum en 22 keppendur

frá deildinni tóku þátt á mótinu. Í Intermediate ladies voru Berglind Óðinsdóttir í 2. sæti og Hildur Bjarkadóttir í því 3. Í Advanced Novice var Júlía Sylvía Gunnarsdóttir í 3. sæti og í Senior var Eva Dögg Sæmundsdóttir í 2. sæti.

Kristalsmót 2018 var haldið í Egilshöll helgina 3. - 4. nóvember. Deildin átti 38 keppendur þar sem kepptu í öllum keppnishópum nema unglingaflokki. Í 12 ára og yngri var Sandra Hlín Björnsdóttir í 1. sæti og Andrea Marín Einarsdóttir í 2. sæti.

Íslandsmótið 2018 var haldið í Egilshöll helgina 30. nóvember til 2. desember. Í Intermediate Novice var Valdís María Sigurðardóttir í 1. sæti og Harpa Karin Hermannsdóttir í 2. sæti. Í Intermediate Ladies var Berglind Óðinsdóttir í 1. sæti og Sólbrún Víkingsdóttir í 3. sæti. Í Senior var Eva Dögg Sæmundsdóttir í 2. sæti.

## Þátttaka í mótum erlendis apríl - desember 2018:

Þær Eva Dögg Sæmundsdóttir og Júlía Grétarsdóttir tóku þátt á Autumn Classics International sem haldið var í Oakville í Kanada. Mótið er hluti af ISU Challenger series mótaröðinni og voru þær fyrstu íslensku keppendurnir sem tekið hafa þátt á þessari mótaröð. Margir af bestu skauturum heims tóku þátt og öttu íslensku stúlkurnar meðal annars kappi við Evgeniu Medvedeva sem vann til tvennra silfurverðlauna á Ólympíuleikunum fyrr á árinu. Eva og Júlía stóðu sig með mikilli prýði og hafnaði Eva Dögg í 21. sæti og Júlía í því 22.




## Æfingabúðir 2018

Æfingabúðir voru haldnar í júní 2018 en voru þær á vegum listhlaupadeildar Fjölnis og Skautafélags Akureyrar. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi tvö félög hafa farið í samstarf með æfingabúðir og má með sanni segja að vel hafi tekist til. Góð þátttaka var frá skauturum beggja félaga á öllum stigum og skemmtileg stemming myndaðist milli iðkenda félaganna.

Dagana 9.- 20. júlí tók hópur af skauturum úr listhlaupadeild Fjölnis þátt í æfingabúðum Mishin í Tartu, Eistlandi. Æft var á svelli í verslunarmiðstöð í útjaðri Tartu, Lõunakeskus. Meðal þess sem gert var voru tvær æfingar á ís og tvær afísæfingar á dag.



## Framundan

Það er ýmislegt framundan í deildinni. Það eru þrjú mót eftir á þessu tímabili, Reykjavíkurmótið sem haldið verður í Egilshöll helgina 2. - 3. mars en þar munu iðkendur allra flokka taka þátt. Því næst mun Vinamótið verða haldið á Akureyri helgina 15. - 17. mars þar sem keppnishópar félaganna taka þátt og að lokum verður Vormót ÍSS haldið í Laugardal helgina 26. - 28. apríl.

Grunnpróf verða haldin í Egilshöll helgina 15.- 17. mars. Þar sem Vinamótið á Akureyri er sömu helgi munu einhverjir iðkendur deildarinnar taka prófið á Akureyri að þessu sinni.

Í vor verða haldnar tvær vorsýningar. Fyrst verður Skautaskólinn með vorsýningu þann 4. maí en vorsýning hópa 1 - 3 verður síðan haldin þann 31. maí.

Frá 10. – 21. júní munu verða haldnar sumarbúðir í Reykjavík fyrir hópa 1-3 en gestaþjálfarar í búðunum verða Kevin Curtis og Yulia Lipnitskaya sem er yngsti skautari sem unnið hefur til gullverðlauna á Ólympíuleikum. Sumarbúðir verða einnig fyrir iðkendur Skautaskólans. Að auki munu iðkendur geta farið á æfingar í ágúst áður en haustönnin hefst.

Sumarbúðir munu einnig verða haldnar í Tampa Flórída frá 24. júní til 12. júlí. Gestaþjálfarar í búðunum verða m.a. Alexei Mishin, Alexie Urmanov, Alexei Yagudin, Evgeni Plushenko og Sofia Samodurova.

Verið er að vinna í nýrri heimasíðu Fjölnis en hún mun fara í loftið fljótlega. Allar upplýsingar deildarinnar munu verða aðgengilegar á nýju heimasíðunni og í framhaldinu mun gömlu heimasíðu Bjarnarins verða lokað.







# Skákdeild

**Ársskýrsla fyrir árið 2018**
**Í stjórn skákdeildar Fjölnis árið 2018 voru kjörin Helgi Árnason formaður, Erlingur Þorsteinsson varaformaður, Margrét Cela ritari, Vignir Bjarnason gjaldkeri og Gunnlaugur Egilsson meðstjórnandi. Varamaður stjórnar var kjörinn Davíð Hallsson. Virkir félagar deildarinnar eru 97. Engin félagsgjöld eru innheimt.**

Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglinga á fimmtudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember.Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku að sér litla hópa í skákþjálfun en umsjónarmaður sá um 5 - 6 umferða skákmót.Veitt voru 10 - 17 verðlaun og happadrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákmótunum og undantekningarlaust var börnunum boðið upp á veitingar á miðri æfingu, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni. Yngri þátttakendur og stúlknahópar skiptu æfingatímanum að hálfu í skákmót og skákkennslu.

Á hverja æfingu mættu 30 – 40 börn og unglingar og hefur þátttakan verið jöfn og góð allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Æfingarnar eru ókeypis og einstaklega skemmtilegar. Þær höfða til allra aldurshópa. Áberandi er hversu margir þátttakendur á skákæfingum finna sig betur í skákinni en í hefðbundnum íþróttum. Í skákinni er tekið tillit til hvers og eins einstaklings með þeim hætti að finni sig nokkuð jafna miðað við möguleika á viðurkenningu og virðingu í fjölmennum hópi. ”Skák fyrir alla” er höfuðmarkmið skákdeildar Fjölnis. Umburðarlyndi og þolinmæði er mikilvægt gagnvart öllum sem mæta enda margir ”óþekktarangar” í skóla fastagestir á skákæfingum, að gera góða hluti við taflborðið, oft ólíkt því sem gerist í skóla. Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2018 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar. Að skákþjálfun komu auk Helga þau Jóhann Arnar Finnsson, Bragi Kristjánsson, Sigríður Björg Helgadóttir og Leó Jóhannesson. Ríkharð Skorri Ragnarsson 7. bekk Rimaskóla var kjörin æfingameistari vetrarins fyrir góða æfingasókn og árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Sara Sólveig Lis í 5. bekk Rimaskóla var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2017 – 2018 fyrir að sýna miklar framfarir og vinna Íslands-og




Reykjavíkurmeistaratitla með stúlknasveitum Rimaskóla.

Skákárið 2018 hófst með látum hjá Skákdeild Fjölnis. Metþátttaka var á TORG skákmóti Fjölnis sem deildin hélt á Skákdegi Íslands 26. janúar, afmælisdegi Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Það voru 115 grunnskólanemendur sem streymdu á þetta áhugaverða mót. Heiðursgestur mótsins var sjálft afmælisbarnið Friðrik Ólafsson sem fagnaði 83. ára afmæli með ávarpi auk þess að leika fyrsta leik mótsins. Hann færði Helga formanni skákdeildarinnar að gjöf áritaða bók um skákmeistarann Keres sem Friðrik skrifaði sjálfur formála að. Afmælisbarnið þáði veislukaffi á mótsstað og fylgdist með unga fólkinu að tafli. Það voru Hagkaup, Emmessís og fyrirtækin á Torginu í Grafarvogi sem að styrktu þetta mót með því að gefa 40 vinninga og veitingar.

Á Norðurlandamótinu í skólaskák sem haldið var í Finnlandi dagana 8. - 11. febrúar vann Oliver Aron Jóhannesson Fjölni A flokkinn og hampaði Norðurlandameistaratitli í efsta flokki. Jöfn keppni og glæsileg frammistaða hjá Oliver Aroni á hans síðasta Norðurlandamóti í skólaskák.

Í lok febrúar varð Sæmundur Árnason Fjölni unglingameistari Reykjavíkur og kom þar sjálfum sér og öðrum keppendum á óvart því að hann var skv. Skráningu 6. sterkasti skákmáður mótsins.

Íslandsmóti skákfélaga 2017 - 2018 lauk dagana 1. - 3. mars, þegar tefldar voru 6. - 9. umferðir mótsins. Teflt var í Rimaskóla líkt og í fyrri hlutanum.

A sveit Fjölnis sem tefldi í 1. deild náði mjög örugglega 3. sæti mótsins þriðja áríð í röð. Verðlaunasæti sem gaf Fjölnismönnum þátttökurétt á EM skákfélaga. A sveitin hlaut 44 vinninga sem er besti árangur sveitarinnar í 1. deild frá upphafi. Sem fyrr var Fjölnissveitin yngsta sveit 1. deildar. Í A - sveitinni tefldu Jesper Thybo, Pontus Carlsson, Robert Ris, Davíð Kjartansson, Dagur Ragnarsson, Sigurbjörn Björnsson, Oliver Aron Jóhannesson, og Tómas Björnsson.

B sveit Fjölnis sem var í 2. sæti 3. deildar eftir fyrri hluta mótsins, tókst með góðum endaspretti að endurheimta sæti sitt í 2. deild næsta keppnisár. Loks tefldi C sveit Fjölnis í 4. deild og endaði þar aðeins fyrir neðan miðju. C sveitin var að mestu skipuð skákkrökkum á grunnskólaaldri sem öðluð-

ust dýrmæta reynslu að tefla lengri keppnisskákir.

Miðgarðsmótið í Grafarvogi var haldið þrettánda árið í röð í hátíðarsal Rimaskóla. Mótið er sveitakeppni, skákmót grunnskólanna í Grafarvogi, sem Skákdeild Fjölnis heldur í samstarfi við Fjölskylduþjónustuna Miðgarð. Góð þátttaka var á mótinu, tólf skáksveitir, sex krakkar í hverri sveit, eða alls um 75 keppendur. Rimaskóli mætti með 5 skáksveitir og vann sveit 7. bekkjar skólans Miðgarðsmótið þriðja árið í röð. Sveit unglingadeildar Rimaskóla lenti í 2. sæti. Þess má geta að skáksveitir Rimaskóla hafa unnið Miðgarðsmótið öll 13 árin. Landsbankinn gaf vegleg verðlaun til mótsins sem 5 efstu skáksveitirnar hrepptu. Skákstjórar voru þau Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar og Sara Ósk Rodriguiz frá Miðgarði.

Dagana 6. - 14. mars var 33. alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið haldið í tónlistarhúsinu Hörpunni. Þátttakendur voru alls 248 skákmenn. Fimm félagar frá skákdeild Fjölnis tefldu á mótinu. Dagur Ragnarsson náði bestum árangri þeirra, hlaut 5,5 vinninga af 10 mögulegum. Aðrir þátttakendur Fjölnis á mótinu voru Erlingur Þorsteinsson, Sveinbjörn Jónsson, Nansý Davíðsdóttir, og Magnús Hjaltason.

Skákdeildin stóð fyrir fjölmennri undankeppni Barna-Blitz mótsins um tvö laus sæti á Barna Blitz mótinu í Hörpunni, hliðarviðburði Reykjavíkurskákmótsins. Mótið var hluti af skákæfingu Fjölnis 7. mars. Það voru þeir Kristján Dagur Jónsson og Adam Ómarsson sem hrepptu þessi eftirsóttu sæti og tefldu á úrslitamóti BB sunnudaginn 11. mars. Páskaskákæfing skákdeildarinnar var líka afskaplega fjölmenn og þar voru vinningar í boði, allt páskaegg, auk þess sem allir þátttakendur fengu skúffuköku og páskaegg nr. 1.

Sigurbjörn J. Björnsson Fjölnis hlaut 6,5 vinninga af 7 á Íslandsmóti Öðlinga sem lauk í byrjun maí. Sigur Sigurbjarnar var mjög verðskuldaður og varð þar með sá 17. til að bera titil öðlingameistara. Mótið var að þessu sinni haldið í 26. sinn. Keppendur voru alls 37.

Sumarskákmót Fjölnis var haldið í 14. skipti laugardaginn 28. apríl. Aðsóknin var góð að venju og tóku 44 grunnskólakrakkar þátt og tefldu 6 umferðir. Mótið var haldið í Rimaskóla og að vanda var teflt um mörg áhugaverð verðlaun, pítsur, bíómiða og 66°N húfur. Í skákhléi var þátttakendum boðið upp á drykk og Prins póló. Rótarýklúbburinn Reykjavík-Grafarvogur gaf verðlaunabikara að vanda. Vignir Vatnar Stefánsson Hörðuvallaskóla stóð uppi sem sigurvegari annanð árið í röö með 5,5 vinninga úr sex skákum. Gunnar Erik Guðmundsson Salaskóla vann yngri flokkinn og afreksmeistari Fjölnis, Sara Sólveig Lis Rimaskóla, sigraði í stúlknaflokki. Þau þrjú hlutu glæsilega eignarbikara sem formaður Rótarý-klúbbsins Theodór Blöndal afhenti.

Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason og Gunnlaugur Egilsson frá Skákdeild Fjölnis með skákaðstoð frá Þóri Benediktssyni og Kristjáni Erni Elíassyni.

Norðurlandamótið í skólaskák stúlkna 2018 fór fram í Borgarnesi dagana 27. – 29. apríl. Tveir þátttakendur komu frá Skákdeild Fjölnis. Nansý Davíðsdóttir Rimaskóla stóð sig frábær-



lega og sigraði B flokkinn (2001 – 2003) með 3,5 vinninga eftir afar jafna keppni þar sem mótsstig réðu úrslitum fimm efstu stúlknanna í B flokki. Ylfa Ýr Welding Hákonardóttir Foldaskóla tefldi í C flokki. Keppnin í C flokki var einnig afar jöfn. Ylfa Ýr hlaut 2,5 vinninga, endaði í miðjum hópi 16 þátttakenda og hækkaði heilmikið á skákstigum.

Á fjölmennu og opnu Íslandsmóti í skák 2018, minningarmóti um Hemma Gunn, áttu Fjölnismenn tvo fulltrúa sem urðu meðal efstu manna að móti loknu. Héðinn Steingrímsson stighæsti skákmaður Íslands varð að gera sér 3. sætið að góðu. Hann hlaut 7 vinninga af 10 mögulegum. Öðlingameistarinn Sigurbjörn J. Björnsson hélt áfram sinni góðu taflmennslu og endaði í 4. sæti Íslandsmótsins, jafn Héðni að vinningum eða 7 af 10 mögulegum.

Sjöunda árið í röð bauð Skákdeild Fjölnis ungum og efnilegum skákmönnum deildarinnar að taka þátt í alþjóðlega skákmótinu í Västerås í Svíþjóð, fjölmennasta helgarskákmót sinnar tegundar á Norðurlöndum. Í ár voru þátttakendur 250 og þar af 13 frá Fjölni.

Nú gerðist það ótrúlega að okkar maður, hinn efnilegi 21 árs gamli skákmaður Dagur Ragnarsson (2241) sigraði í opna flokknum ásamt stórmeistaranum Yuri Solodovnichenko (2554) en báðir hlutu þeir 7 vinninga af 8. Hreint frábær árangur hjá Degi. Einungis heimsmeistarinn fv. og stórmeistarinn Pia Cramling náði að leggja Dag á þessu öfluga skákmóti. Í opna flokknum tefldu auk Dags þau Oliver Aron Jóhannaesson, Hrund Hauksdóttir, Sigríður Björg Helgadóttir og Jóhann Arnar Finnsson. Í yngri flokki, undir 1600 ELO létu Fjölnisungmenni aldeilis til sín taka. Joshua Davíðsson náði örðu sæti mótsins, Sæmundur Árnason 3. sæti og Kristján Dagur 6. – 11. sæti. Auk þeirra tefldu í yngri flokki Ylfa Ýr H. Welding, Embla Sólrún Jóhannesardóttir, Anton Breki Óskarsson, Arnór Gunnlaugsson og Ríkharð Skorri Ragnarsson. Þeir Dagur, Joshua, Sæmundur og Jóhann Arnar hækkuðu mikið á stigum og unnu allir til peningaverðlauna fyrir verðlaunasæti og „ratings“ alls um 200.000 kr íslenskar. Fjölnismenn flugu með WOW og gistu á Stadtshótelinu í miðbæ Västerås við bestu aðstæður. Ferðirnar til Västerás hafa jafnan verið krökkunum fríar. Skákdeild Fjölnis fékk stuðning frá Sænsk íslenska samstarfssjóðnum, Íslandsbanka,

Jafnréttissjóði og Skáksambandi Íslands við fjármögnun þessarar ævintýraferðar. Skákdeildinni til aðstoðar öll árin hefur Andre Nilsson formaður skákdeildarinnar í Västerås og mótsstjóri. Fararstjóri var Helgi Árnason og naut hann aðstoðar Sigurbjargar Guðmundsdóttur, móður Ylfu Ýrar.

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga 2018 – 2019 fór fram í Rimaskóla dagana 8. – 11. nóvember. Fjölnir sendi til keppninnr fjórar skáksveitir í 1., 2. og 4. deild. A sveit Fjölnis virkaði nokkuð kunnugleg frá fyrra ári þegar sveitin landaði 3. sæti, þriðja árið í röð. Spá Gunnars Björnssonar forseta gerði áfram ráð fyrir A sveitinni í bronssætinu en þar sem Héðinn Steingrímsson reyndist fjarri góðu gamni var þessi unga skáksveit komin niður í 4 sæti á styrkleikalistanum. Allir liðsmennirnir átta komu greinilega vel stemmdir til leiks og nutu þess að tefla saman allar 5 umferðirnar. Góðir sigrar í fyrstu þremur umferðunum. Í 4. umferð kom loks fyrsta tapskákin. Eftir lok fyrri hlutans, fjóra sigra og eitt tap,reyndist óþekkt staða komin upp í sögu skákdeildarinnar því A sveitin stóð í 1. sæti í 1. deild með 31 vinning af 40 mögulegum. Sveitin var ung með danska U18 Evrópumeistarann Jesper Thybo á 1. borði. Sjö liðsmenn af átta hækkuðu á stigum í þessari lotu, mest þó „Rimaskólaljónin“ Dagur, Oliver Aron og Jón Trausti. Svíinn Pontus Carlsson var á 2. borði og stóð sig frábærlega. Hann og Jesper skiluðu 90% vinningshlutfalli. Aðrir í sveitinni voru þeir Davíð Kjartansson, Sigurbjörn J. Björnsson og Tómas Björnsson, allir í banastuði.

B sveit Fjölnis á það sammerkt með öllum



skáksveitum Fjölnis að núverandi og fyrrverandi Rimaskólanemendur eru þar helmingur eða rúmlega það í hverri skáksveit. Skákdeildinni er það mikill heiður að hafa öll þessi glæsilegu ungmenni innan félagsins. Samheldni einkennir hópinn og krakkarnir oft ferðast saman til Västerås í Svíþjóð, staðið sig þar vel við skákborðið og sem frábærir ferðafélagar. Í 2. deild er keppnin hörð og jöfn




að loknum fyrri hluta mótsins og skáksveitirnar átta eiga allar möguleika á að ná 1. deildar sæti. Markmið Fjölnis eru tvö fyrir síðari hluta Íslandsmótsins, að halda 2. deildar sætinu og halda í möguleikann á 1. deildar sæti að ári. Þeir Jón Árni Halldórsson, Erlingur Þorsteinsson, Hörður Aron Hauksson og Jóhann Arnar Finnsson tefldu allar fjórar skákirnar. C-og Ung-A sveit Fjölnis tefldu í 4. deild. Á mótinu gafst grunnskólakrökkum allt frá 9 ára aldri gott tækifæri á að tefla langar keppnisskákir við verðuga andstæðinga. Skákdeild Fjölnis, stofnuð 2004, heldur því áfram að taka skref fyrir skref upp á við á Íslandsmóti skákfélaga. Spennandi síðari hluti Íslandsmóts skákfélaga bíður okkar Fjölnismanna 28. feb – 2. mars 2019.

Skákmenn Fjölnis voru áberandi á Íslandsmótinu í atskák 2018 sem fram fór í nýbyggingu Amtbókasafnsins í Stykkishólmi dagana 18. og 19. nóvember. Af 18 þátttakendum voru 11 Fjölnismenn. Frammistaðan mjög góð og Grafarvogsbúar nældu sér í mörg verðlaun. Á eftir sigurvegaranum Jóni Viktori Gunnarssyni komu þeir Fjölnisfélagar Dagur Ragnarsson, Davíð Kjartansson og Erlingur Þorsteinsson í 2. - 4. sæti. Sigríður Björg Helgadóttir varð efst kvenna, Jón Árni Halldórsson efstur í flokknum 2000+ og Jóhann Arnar Finnsson efstur í flokki – 2000 stig.

Fjölnismenn héldu utan um Hraðskákmót skákfélaga annað árið í röð og fór mótið fram laugardaginn 29. desember í hátíðarsal Rimaskóla. Ellefu sexmanna skáksveitir tóku þátt í mótinu sem reyndist afar spennandi allt frá

fyrstu til síðustu umferðar. Félögin skiptust á um að halda forystunni og verma verðlaunasætin þrjú. Það var fyrnasterk A sveit Hellis sem stóð uppi sem sigurvegari, Hraðskákmeistari skákfélaga. Skáksveit Breiðabliks, Bolungavíkur og SR varð í 2. sæti og heimamenn í A sveit Fjölnis í 3. sæti.

Í lok ársins, voru þau Dagur Ragnarsson og Nansý Davíðsdóttir heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2018. Þetta var tilkynnt á fjölmennri verðlaunahátíð Fjölnis í Egilshöll 27. des.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir árið 2018. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk rekstrarstyrk frá ÍTR fyrir árið 2018 sem er deildinni nauðsynlegur við uppbyggingu barna og unglingastarfs og til þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Styrkur Jafnréttissjóðs Íslands, annað árið í röð, kom sér vel og var okkur mikill heiður til eflingar verkefninu „Sterkar skákkonur“. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn sem leiddi af sér enn eitt árangurs-og viðburðarríka skákárið. Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, Ragnari Bjarnþóri Fjeldsted, og skólaliðanum Skarphéðni Jóhannssyni fyrir aðstoð við undirbúning skákæfinga og skákmóta í skólanum.

*Reykjavík, 20. febrúar 2019*
*Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis*





# Sunddeild

Í Reykjavík eru sex sundfélög, Fjölnir, Ármann, Kr og Ægir eru almenns sundfélög og Öspin og ÍFR eru sundfélög fyrir fatlaða. Að mínu mati þá eru félögin að kroppa augun úr hvort öðru hér í Reykjavík þegar þau eru að slást um aðstöðuna sem er til staðar. Það er kannski eðlilegt að slást í staðinn fyrir að vinna saman en það er mín trú að með því að vinna saman þá náum við meiri árangri bæði félagslega og í árangri í sundi. Við sjáum að félögin í Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ sitja ein um yfirbyggða aðstöðu og þau ná að byggja upp öfluga starfsemi. Þetta hef ég haft að leiðarljósi síðastliðið ár, að saman geta félögin náð að byggja upp sport sem er skemmtilegt, gefandi og árangursríkt fyrir iðkendur.

Ragnar Friðbjarnarson ákvað á síðasta ári að endurnýja ekki samning sinn við okkur. Við það hófst leit að nýjum yfirþjálfara og stóð sú leit fram á vor þegar við náðum samningi við Jacky Pellerin sem þá var að hætta sem aðalþjálfari Ægis. Í stuttu máli þá hefur koma Jacky til okkar í Fjölni gjörbreytt félaginu frá því að vera minnsta félagið í Reykjavík í að vera það stærsta því fjöldi af nýjum eldri iðkendum fylgdi honum yfir til okkar. Núna



er helsta áskorun okkar í Fjölni að tryggja öflugt yngra starf til að standa undir öflugu afreksstarfi. Til þess höfum við sótt um að fá aðgang að Grafarholtslaug sem á að opna árið 2020. Bakland sunddeildar Fjölnis er stórt en aðstaðan er lítil, aðeins ein laug en hin félögin í Reykjavík hafa aðgang að fleiri en einni laug. Við höfum bent á þetta og erum vongóð um að á okkur verði hlustað en Aðalstjórn Fjölnis verður að fylgja þessu máli vel eftir því hin sundfélögin horfa líka vonaraugum á þessa nýju aðstöðu.




Iðkendum í Grafarvogslaug hefur einnig fjölgað og við þurfum að huga vel að þeim og hvernig við getum gert sundið þar skemmtilegt og spennandi svo börnin haldi áfram að stunda sund. Það hefur verið verkefni þessarar stjórnar að skilgreina betur hvernig við byggjum upp framganginn í sundinu. Sölunum fjölgar og fjölgar í Egilshöll og nýting íþróttasalar í Dalhúsum minnkar og minnkar því liggur beinast við að spyrja: má ekki breyta salnum í Dalhúsum í 50m innanhúslaug?

Við gáfum út Foreldrahandbók og settum á netið en þar eru gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra um það hvernig þeir geta stutt við börnin. Framgangurinn snýr hins vegar að börnunum, hvers þau mega vænta af því að æfa sund. Allt byrjar þetta með svokölluðum C-mótum, æfingabúðum í Dalhúsum og svo krakkamóti Fjölnis að hausti. Vorið byrjar einnig með C-móti, innanlandsferð eða skemmtikvöldi og svo ferð á Akranesmótið. Þegar börnin ná ákveðnum tímum í sundinu þá öðlast þau rétt til að fara á AMÍ sem haldið er í lok júní ár hvert. Fyrir börnin er þetta fyrsti hápunktur þess að æfa sund enda sérstakt að komast í hóp þeirra bestu í sínum aldursflokki. Þegar börnin ná 12 ára aldri eða góðri færni í sundi þá opnast sá möguleiki að komast erlendis að sumri. Farið er á hverju ári út og þá annað hvert ár er farið í æfingaferð en í keppnisferð hitt árið. Þegar börnin verða enn eldri bætist við önnur keppnisferð í jólafríinu sem þau taka þátt í. Þetta er það sem við í stjórninni erum að vinna út frá með það að markmiði að byggja upp og viðhalda spenningi fyrir því að æfa sund.

Að lokum vil ég nefna að stjórnin, eins og aðrir hópar, hefur sína lokuðu Facebook grúppu. Hún hét einfaldlega „Stjórnin“ en núna var nafninu breytt í „Sunddeild Fjölnis Stjórn og áhugasamir foreldrar“. Við erum ekki fjölmenn deild og með þessari breytingu viljum við safna saman þeim foreldrum sem eru áhugasamir um sundiðkun barna sinna. Þarna er vettvangur fyrir þá sem hafa skoðun á sundinu og vilja segja sitt álit en vilja ekki vera í stjórn. Með þessari breytingu vonast ég til að við náum til fleiri foreldra með betri samskiptum og góðar hugmyndir eigi farveg til að rætast. Ég býð ykkur öllum hér með í hópinn.

*Jóhannes H. Steingrímsson*





# Tennisdeild

**Aðalfundur Tennisdeildar Ungmennafélagsins Fjölnis haldinn 21. febrúar 2019
Á síðasta aðalfundi, þann 6. febrúar 2018 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:
Óskar Knudsen,
formaður og meðstjónendur:
Carola Frank, Guðrún Sigrún Jónsdóttir, Hera Björk Brynjarsdóttir og Teitur Marshall**

Ársreikningur félagsins er lagður fram á aðalfundi. Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn öll æfingagjöld tennisdeildarinnar í að greiða laun þjálfaranna. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

## 2. Aðstöðumál

Starfsemi Tennisdeildarinnar fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar eru þrír vellir. Fjölnisæfingar eru 4 sinnum í viku en æfingar í samstarfi við Þrótt, TFK, BH og TFG voru einng í boði fyrir Fjölnisfólk. Síðasta sumar var samstarf við Tennisdeild Þróttar og Tennishöllina um útiæfingar í aðstöðu Þróttar í Laugardal. Í Laugardal voru haldin fimm tveggja vikna barnanámsskeið ásamt venjubundnum æfingum deildarinnar tvisvar til þrisvar í viku.

## 3. Æfingar

Carola Frank er aðalþjáfari deildarinnar en ásamt henni eru Teitur Marshal, Anna Soffía Grønholm og Dominik Hobacher tennisþjálfarar og Alana Elín Steinarsdóttir þrekþjálfari sem nýtir æfinga aðstöðu í Egilshöll. Sameiginlegu æfingar áðurnefndra tennisfélaga hafa einnig verið í Tennishöllinni í Kópavogi. Þar þjálfuðu auk Carolu, Teiti, Önnu Soffíu og Dominik þeir Jón Axel Jónsson og Milan Dziak Kosicky.

## 4. Keppni

Hera Björk Brynjarsdóttir, er Íslandmeistari í einliðaleik og tvíliðaleik. Hún er jafnframt tenniskona ársins á Íslandi og íþróttamaður Fjölnis 2018. Hera er nú á námsstyrk í Bandaríkjunum og tekur því ekki þátt í eins mörgum mótum hér heima og áður. Georgina Athena Erlendsdóttir var í öðru sæti á Íslandsmótinu í tvíliðaleik, hún var einnig í fyrsta sæti í undir



16 ára og undir 18 ára flokkum á Stórmóti Víkings sem haldið var í júní. Eygló Dís Ármannsdóttir vann undir 12 ára flokkinn á Stórmóti Tennissambands Íslands sem haldið var í október. Ólafur Helgi Jónsson er Íslandsmeistari í einliðaleik 50 ára og eldri og í öðru sæti er Reynir Eyvindarson. Reynir var jafnframt í öðru sæti í tvíliðaleik.

5 Framtíðarhorfur

Æfingar í Tennishöllinni halda áfram en nú verða þær æfingar aðskildar æfingum hinna félagana. Stefnt er að því að fjölga æfingum í Tennishöllinni í Kópavogi, en á næstunni verður þar bætt við tveimur völlum. Næsta sumar er stefnt að því að halda sumarnámskeið bæði á tennisvöllunum við Egilshöll, en einnig á öðrum völlum ef samningar nást.

Tennisfélögin í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði hafa síðastliðin tvö ár haft samstaf við frístundaheimili í sínum sveitarfélögum. Þar er boðið upp á tennisnámskeið fyrir börn í 1. til 3. bekk og æfingar fara fram í íþróttahúsum skólanna einu sinni í viku. Við viljum feta þessa braut og hefja starf hér í hverfinu eftir þessari fyrirmynd hið fyrsta. Það eru nokkur ljón í veginum, helst það að skortur er á tennisþjálfurum sem ekki eru í venjulegri dagvinnu þegar börnin eru í frístund. Jafnframt vill deildin nýta þekkingu sem er innan þjálfarateymis deildarinnar til þess að halda námskeið fyrir börn frá tveggja og hálfs árs aldri.

Á þessu ári stefnum við að því að tennis verði kenndur í frístund hér í Grafarvogi, líkt og þegar er gert í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Einnig vonumst til að geta nýtt okkur aukið svigrúm í Tennishöllinni þegar völlum þar fjölgar.

*Óskar Knudsen*



# Siðareglur fyrir ungmennafélagshreyfinguna

Reglurnar veita leiðbeiningu um breytni og siðferðislega ábyrgð þeirra sem þær taka til. Þær byggja á þeim gildum sem UMFÍ vill að séu ráðandi í öllu starfi hreyfingarinnar:

## Virðing - jafnrétti – lýðræði – ábyrgð

Tilgangur þessara reglna er að hvetja og styðja stjórnendur UMFÍ, þ.e. stjórnarmenn, fulltrúa í nefndum, framkvæmdastjórn og starfsfólk UMFÍ, í störfum sínum fyrir hreyfinguna.

Við gerum okkur grein fyrir að okkur er trúað fyrir mikilvægum hagsmunum. Við viljum rísa undir þeirri ábyrgð. Við sinnum starfi okkar með hagsmuni og gildi UMFÍ að leiðarljósi og stöndum vörð um markmið og heiður hreyfingarinnar. Við gerum okkur grein fyrir að við erum fyrirmyndir þátttakenda í starfi hreyfingarinnar. Því sýnum við góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi fyrir UMFÍ sem og utan þess.

**4.** Við komum fram af heiðarleika, sanngirni og virðingu gagnvart öllum þeim sem við störfum með eða fyrir. Við leitumst við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og viðsemjendur okkar og höfum í huga að orð og athafnir okkar samrýmist starfi okkar fyrir UMFÍ.

**5.** Við gegnum störfum okkar af samviskusemi og trúmennsku. Við misnotum aldrei aðstöðu okkar gagnvart samskiptaaðilum með neinum hætti, okkur sjálfum eða aðilum nákomnum okkur til framdráttar. Komi upp sú staða að hætta sé á hagsmunaárekstrum tölum við opinskátt um það. Þannig greinum við frá hugsanlegum persónulegum hagsmunum sem aðrir gætu ætlað að hefðu áhrif á störf okkar. Við virðum og fylgjum reglum um hæfi til ákvarðana um málefni sem þannig er um farið.

**6.** Við förum ávallt vel með fjármuni og önnur verðmæti sem okkur er trúað fyrir eða höfum til umráða vegna starfa okkar. Við ráðstöfun þeirra höfum við hagsmuni UMFÍ og samstarfsaðila þess að leiðarljósi. Okkur er ekki heimilt að skuldbinda hreyfinguna umfram samþykktir. Fjármuni og eigur UMFÍ notum við aldrei nema í þágu hreyfingarinnar eða verkefna sem samræmast stefnu hennar.

**7**. Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun þeirra setjum við fram á einfaldan og skýran hátt og gerum aðgengilegar samstarfsfólki okkar, eftir því sem við á. Allar færslur á fjármunum skráum við með viðeigandi hætti og gerum tækar til endurskoðunar. Við fögnum athugasemdum og uppbyggilegri gagnrýni á okkar störf og nýtum hana til að gera enn betur í störfum okkar.

**8.** Við öflum aldrei styrkja með ólögmætum hætti eða blekkingum.

**9.** Við mannaráðningar gætum við þess að misnota ekki aðstöðu til að ráða skyld- eða venslafólk til starfa. Komi upp slík staða víkjum við sæti og beinum ákvörðunum til þess aðila sem nærtækt er að leysi okkur af.

**10.**Störf okkar rækjum við á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Við leitumst við að veita faglegar og réttar upplýsingar og komum okkur saman um hverjir skuli hafa fyrirsvar í daglegu starfi og stökum viðfangsefnum.

**11.**Við gætum fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem við fáum vitneskju um í störfum okkar og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 á við.

**12**.Við notum aldrei trúnaðarupplýsingar sem við öðlumst í starfi fyrir UMFÍ, okkur sjálfum eða okkur nákomnum til framdráttar eða í þágu eigin hagsmuna.

**13**.Við leggjum okkur fram við að skapa jákvætt andrúmsloft í starfi. Við gætum hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað, svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi.

**14.**Við forðumst að taka að okkur verkefni eða störf sem samræmast ekki eða ganga gegn skyldum okkar við UMFÍ og eru til þess fallin að draga óhlutdrægni okkar í starfi í efa. Ef vafamál rís um þetta, leitum við samþykkis viðeigandi aðila á vettvangi okkar.

**15**.Við leitumst við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi. Kynferðisleg áreitni og einelti er aldrei liðið.

**16.**Við leitumst við að létta hvert öðru störfin, auðvelda þátttöku í viðfangsefnum vettvangsins okkar. Við erum óhrædd við að nýta tækni og nýjar og hagkvæmar leiðir í því skyni.

**17.**Við þiggjum aldrei gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist m.v. aðstæður. Að sama skapi gefum við heldur ekki gjafir sem tengjast störfum okkar fyrir UMFÍ ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.

**18**.Í samskiptum við fjölmiðla sýnum við heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Við leitumst við að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er. Við fullyrðum ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkennum þegar þekking er takmörkuð, öflum þá frekari upplýsinga eða vísum fyrirspurnum annað.

**19.**Við kynnum okkur vel þessar siðareglur, lög og starfsreglur UMFÍ og aðrar gjörðir sem mikilvægt er að við þekkjum, svo við getum rækt störf okkar sem best. Við kynnum þær fyrir samstarfsfólki og öðrum sem við berum ábyrgð á, stöðu okkar vegna.

**20.**Við gerum okkur grein fyrir því að ef við brjótum þessar reglur er eðlilegt og rétt að viðeigandi aðilar vísi okkur úr starfi, tímabundið eða að fullu.

*Samþykkt á 48. sambandsþingi UMFÍ 2013 í Stykkishólmi*

# Gildin okkar

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum. Að sjálfsögðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna. Við erum stoltir meðlimir UMFÍ.

## Heilbrigði

Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni til heilbrigðs lífernis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, tóbaks, áfengis og eiturlyfja. Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

## Samkennd

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka. Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu koma

## Metnaður

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

# Íþróttaakademía Fjölnis 2018–2019

Íþróttaakademía Fjölnis [ÍAF] er starfrækt í Egilshöll frá klukkan 14-15 alla fimmtudaga.  Nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla í Grafarvogi stendur til boða að skrá sig í ÍAF sem valfag í sínum skóla.

Skólaárið 2018-2019 voru 16 nemendur skráðir í ÍAF úr þremur skólum, Rimaskóla, Vættaskóla og Foldaskóla.

## Námsmarkmið ÍAF eru:

**Þekking:**
Nemendur læri um gagnsemi þess að tileinka sér gott hugarfar, heilsusamlega næringu, svefn og réttar þjálfunaraðferðir.

**Leikni:**
Nemendur þjálfast í setningu markmiða, gerð matardagbókar, og einfaldrar styrkleika og veikleikagreiningar á eigin getu

**Hæfni:**
Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á líkamlegri og andlegri heilsu sinni sem íþróttamaður og einstaklingur.

Farið var í bæði bóklega og verklega tíma. Má þar t.d. nefna Styrkleikagreining á íþróttamanninum, markmiðssetningu, verklegar æfingar í hugþjálfunarsal, lyftingartækni, bandvefslosun og fótboltaæfingar. Íþróttafræðingar og íþróttasálfræðiráðgjafi ásamt fótboltaþjálförum standa að kennslunni í ÍAF.

Námsáætlun ásamt fleiri upplýsingum um starfsemi ÍAF má sjá á fréttasíðu og Facebook síðu ÍAF

Fréttasíða ÍAF

Facebook ÍAF

*Bestu kveðjur,*

*Anna Margrét verkefnastjóri ÍAF.*




**FJÖLNISMAÐUR Á2018 GETRAUNAKAFFI FJÖLNIS**

*Geir Kristinsson, Kolbeinn Kristinsson, Hjörleifur Þórðarson, Hallgrímur Andri Jóhannsson, Grétar Atli Davíðsson, Marinó Þór Jakobsson og Alexander Hugi Jósepsson.*

# Fjölnismaður ársins

**2018** Getraunakaffi Fjölnis
**2017** Óskar Hlynsson
**2016** Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
**2015** Hermann Kristinn Hreinsson
**2014** Brynjar Þór Friðriksson
**2013** Kristján Einarsson og Ásta Björk Matthíasdóttir
**2012** Steinar Ingimundarson
**2011** Helgi Árnason
**2010** Málfríður Sigurhansdóttir
**2009** Guðlaug Baldvinsdóttir og Hákon Óli Guðmundsson
**2008** Ólafur Þór Gunnlaugsson
**2007** Gunnar Már Guðmundsson
**2006** Kári Arnórsson
**2005** Birgir Gunnlaugsson
**2004** Bjarney Sigurðardóttir
**2003** Ragnar Torfason
**2002** Ingólfur Narfason
**2001** Stefán Kristjánsson
**2000** Jón Þorbjörnsson
**1999** Júlíus Hafsteinsson
**1998** Sigurrós Erlendsdóttir
**1997** Jón Magnússon
**1996** María Guðmundsdóttir
**1995** Jónína M. Þórðardóttir
**1994** Erla Gunnarsdóttir
**1993** Þór Steinarsson
**1992** Sigurður Óli Þorleifsson
**1991** Stefán Már Guðmundsson
**1990** Engin tilnefndur
**1989** Sigríður Bjarnadóttir
**1988** Agnethe Aðalsteinsdóttir


VELKOM
FJÖLNIR


VELKOM
FJÖLNIR
Þorgils G

# Íþróttafólk ársins

**2018** Hera Björk Brynjarsdóttir TDF
og Kristinn Þórarinsson SDF
**2017** Andrea Jacobsen HDF og Þórður Ingason KDF

**Íþróttamaður ársins 1990 - 2016**
**2016** Viðar Arí Jónsson KDF
**2015** Kristján Örn Kristjánsson HDF
**2014** Arndís Ýr Hafþórsdóttir FDF
**2013** Oliver Aron Jóhannesson SKA
**2012** Jón Margeir Sverrisson SDF
**2011** Aron Jóhannsson KDF
**2010** Jón Margeir Sverrisson SDF
**2009** Ægir Þór Steinarsson KKF
**2008** Sveinn Elías Elíasson FDF
**2007** Sigrún Brá Sverrisdóttir SDF
**2006** Sveinn Elías Elíasson FDF
**2005** Íris Anna Skúladóttir FDF
**2004** Kristín Rós Hákonardóttir SDF
**2003** Kristín Rós Hákonardóttir SDF
**2002** Kristín Rós Hákonardóttir SDF
**2001** Trausti Már Gunnarsson TKWD
**2000** Sigursteinn Snorrason TKWD
**1999** 10fl.kk KKF
**1998** Rakel Pétursdóttir TDF
**1997** Þorri Björn Gunnarsson HDF
**1996** Ólafur Dan Hreinsson FDF
**1995** Hrafnhildur Hannesdóttir TDF
**1994** 5.fl.kk KDF
**1993** 3.fl.kv. KDF
**1992** Hrafnhildur Hannesdóttir TDF
og Laufey Stefánsdóttur FDF
**1991** Ágúst Freyr Einarsson
**1990** Hrafnhildur Hannesdóttir TDF

# Formenn Fjölnis

## Þeir sem gengt hafa formennsku í Fjölni frá upphafi:

**2008 -**
Jón Karl Ólafsson

**2007 - 2008**
Ragnar Þórir Guðgeirsson

**2003 - 2007**
Guðlaugur Þór Þórðarson

**2000 - 2003**
Snorri Hjaltason

**1999 - 2000**
Friðrik Hansen

**1998 - 1999**
Jón Þorbjö rnsson

**1993 - 1998**
Snorri Hjaltasson

**1988 - 1993**
Guðmundur G. Kristinsson

# Heiðursforsetar

Snorri Hjaltason
Guðlaugur Þór Þórðarson

# Gullmerki

**2018**

32. Kristinn Sigurðsson

31. Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

29. Ásta Björk Matthíasdóttir

28. Kristján Einarsson

27. Valborg Guðrún Guðjónsdóttir

26. Willem Cornelis Verheul

25. Carola Moreno Frank

24. Óskar Knudsen

23. Helgi Árnason

**2017**

22. Óskar Hlynsson

**2016**

21. Ásgeir Heimir Guðmundsson

**2015**

20. María Guðmundsdóttir

19. Jón Magnússon

18. Hreinn Ólafsson

**2013**

17. Jón Margeir Sverrisson

**2012**

16. Kári Arnórsson

15. Erla Gunnarsdóttir

**2011**

14. Ragnar Þórir Guðgeirsson

**2010**

13. Guðlaugur Þór Þórðarson

**2009**

12. Stefán Már Guðmundsson

11. Guðmundur G. Kristinsson

10. Sigrún Brá Sverrisdóttir

**2008**

3. Snorri Hjaltason

**2007**

9. Snorri Snorrason

**2006**

8. Birgir Gunnlaugsson

7. Sigurður H. Leifsson

6. Guðmundur Árnason

**2005**

5. Jón Þorbjörnsson

4. Kristín Rós Hákonardóttir

**2004**

2. Kári Jónsson

1. Brynhildur Sigursteinsdóttir

# Silfurmerki

**2018**

165. Laufey Jörgensdóttir
164. Auður Ólafsdóttir
163. Guðmundur Búi Guðmundsson
162. Trausti Harðarson
161. Árni Heiðar Guðmundsson
160. Zoltan Józef Demény
159. Stefán Hafþór Stefánsson
158. Guðlaug Ingvarsdóttir
157. Ragnar Friðbjarnarson
156. Aðalsteinn Snorrason
155. Örn Arnarson
154. Smári Þór Baldursson

**2017**

153. Líney Björg Sigurðardóttir
152. Sighvatur Gunnar Haraldsson
151. María S Jensen Baldursdóttir
150. Matthías Leifsson
149. Örn Pálsson
148. Þorgils Garðar Gunnþórsson
147. Unnur Sigurðardóttir

**2016**

146. Hjalti Þór Vilhjálmsson
145. Gunnar Már Guðmundsson
144. Brynjar Friðriksson
143. Arnór Ásgeirsson
142. Hjalti Erdmann Sveinsson
141. Gunnar Valur Gunnarsson
140. Kristín Guðmundsdóttir
139. Björn Valdimarsson
138. Þorgerður Ósk Jónsdóttir

**2015**

137. Ólöf Inga Guðbjörnsdóttir
136. Sveinn Þorgeirsson
135. Halla Kari Hjaltested
134. Guðmundur Lúðvík Gunnarsson
133. Snorri Olgeirsson
132. Guðjón Ásmundsson
131. Sarah Buckley
130. Haukur Magnússon
129. Árni Hermannsson
128. Brynjar Guðbjartsson
127. Mary Björk Þorsteinsdóttir
126. Högni Rúnar R. Tómasson
125. Sigríður Klara Böðvarsdóttir

**2014**

124. Stefán Birkisson
123. Valborg Guðrún Guðjónsdóttir
122. Boris Bjarni Akbachev
121. Ingibjörg Grétarsdóttir
120. Ingibjörg Kristinsdóttir

**2013**

119. Valdimar Unnar Jóhannsson
118. Kristján Einarsson
117. Karl West
116. Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
115. Hermann Kristinn Hreinsson
114. Eyjólfur Ingi Hilmarsson
113. Björk Guðbjörnsdóttir
112. Ástþór Ingi Ólafsson
111. Ásta B. Matthíasdóttir

**2012**

**2011**

107. Anna Padolskia
106. Carola M. Frank
105. Kristján Gaukur Kristjánsson
104. Óskar Hlynsson
103. Stefán Jóhannsson

**2010**

102. Hafliði Halldórsson
101. Willem Cornelis Verheul
100. Guðbjörg Anna Jónsdóttir
99. Eggert Skúlason
98. Sigurbjörg Rósa Sigþórsdóttir
97. Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
96. Ólafur Pétur Pálsson
95. Ásgerður Káradóttir
94. Gréta María Grétarsdóttir
93. Guðni Sigurður Þórisson
92. Einar Hermannsson

**2009**

91. Ingibjörg Óðinsdóttir
90. Ragnar Þórir Guðgeirsson
89. Jóhannes Bárðarson

**2008**

88. Sævar Hilmarsson
87. Rúnar Ingibjartsson
86. Oddur Valur Þórarinsson
85. Anna Bergman
84. Hafþór Helgi Einarsson
83. Guðrún Heiðardóttir
82. Guðlaug Baldvinsdóttir

81. Þóra Melsted
80. Steinar Davíðsson
79. Jón Oddur Davíðsson
78. Þorfinnur Hjaltason

**2007**
77. Guðrún Indriðadóttir
76. Jóhannes Jónsson
75. Bjarney Sigurðardóttir
74. Halldór Örn Svansson
73. Sigurður Óli Þórleifsson
72. Sóley Stefánsdóttir
71. Atli ÞórÞorvaldsson

**2006**
70. Hrafn Jökulsson
69. Hólmfríður Þorsteinsdóttir
68. Hjalti G. Karlsson
67. Guðrún Jónsdóttir
66. Helga Friðriksdóttir

**2005**
65. Andrés Ellert Ólafsson
64. Sverrir Þorsteinsson
63. Helgi Árnason
62. Ásgeir Skúlason
61. Snorri Örn Arnaldsson
60. Hlynur Skúli Auðunsson
59. Vilhjálmur Árnason
58. Kári Arnórsson
57. Hákon Óli Guðmundsson
56. Kristján E. Ágústsson
55. Snorri Snorrason

**2004**
54. Einar Jónsson
53. Einar Baldvinsson
52. Ólafur Steinþórsson
51. Jóhann Már Hektorsson
50. Hallgrímur Gröndal
49. Þórunn Alfreðsdóttir
48. Ásgeir Heimir Guðmundsson
47. Bragi Gunnarsson
46. Kristinn Daníelsson
45. Gunnar Sigurðsson
44. Garðar Erlendsson
43. Málfríður Sigurhansdóttir
42. Þorsteinn R. Guðjónsson
41. Guðrún S. Jónsdóttir

**2003**
40. Þórður Marelsson
39. Helga Þorkelsdóttir
38. Magnús Jónsson
37. Kári Jónsson
36. Heiðar Sveinsson
35. Hörður Sverrisson
34. Steinar Ingimundarson
33. Ólafur Gunnlaugsson
32. Svanhvít Jóhannsdóttir

**2002**
31. Óskar Knudsen
29. Guðbjörg Gísladóttir
28. Bryngeir Torfason
27. Ragnar Torfason
26. Jón Magnússon
25. Ólafur Oddsson
24. Birgir Gunnlaugsson
23. Sigursteinn Snorrason
22. Júlíus Hafsteinsson
21. Ingi Pétur Ingimundarson
20. Jónína Ómarsdóttir
19. Árni Grétar Gunnarsson
18. Ólafur Kjartansson
17. Guðmundur Stefán Jónsson
16. Guðmundur Árnason
15. Guðmundur Ingi Ásmundsson
14. María Guðmundsdóttir

**2001**
13. Brynhildur Sigursteinsdóttir
12. Sigurður Leifsson
11. Brynjólfur Erlingsson

**2000**
10. Erla Gunnarsdóttir
9. Svavar Kristinsson
8. Hreinn Ólafsson

**1999**
7. Þórður Möller

**1998**
6. Jón Þorbjörnsson
5. Snorri Hjaltason
4. Ingólfur Narfason
3. Hannes Hjartarson
2. Pálmi Gíslason
1. Guðmundur Kristinsson

# Starfsmerki UMFÍ

**Hér má sjá nöfn allra þeirra sem hlotið hafa gull- eða starfsmerki frá Ungmennafélagi Íslands.**

**Gullmerki UMFÍ**

| | |
|---|---|
| Birgir Gunnlaugsson | 2006 |

**Starfsmerki UMFÍ**

| | |
|---|---|
| Laufey Jörgensdóttir | 2018 |
| Jón Karl Ólafsson | 2016 |
| Örn Pálsson | 2014 |
| Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir | 2014 |
| María Guðmundsdóttir | 2013 |
| Kristján Gaukur Kristjánsson | 2011 |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 2008 |
| Sigurður H. Leifsson | 2005 |
| Brynhildur Sigursteinsdóttir | 2002 |
| Snorri Hjaltason | 1998 |
| Jón Þorbjörnsson | 1998 |
| Ingólfur Narfason | 1996 |
| Stefán Már Guðmundsson | 993 |
| Guðmundur G. Kristinsson | 1992 |

# Gullmerki ÍBR

### Gullmerki Íþróttabandalags Reykjavíkur - ÍBR

| | |
|---|---|
| 2018 | Jón Karl Ólafsson |
| 2018 | Málfríður Sigurhansdóttir |
| 2018 | Birgir Gunnlaugsson |
| 2013 | Jón Þorbjörnsson |
| 2002 | Snorri Hjaltason |

## Heiðursviðurkenningar ÍBR eru í tveimur gráðum: Gullstjarna ÍBR og Gullmerki ÍBR

**Framkvæmdastjórn ÍBR er heimilt að heiðra forystumenn eða íþróttamenn, þegar ástæða þykir til, en þó má ekki veita sama manninum nema einu sinni hverja gráðu.**

Gullstjörnu ÍBR má sæma þann, sem unnið hefur um langt árabil að stjórnar- eða skipulagsmálum reykvískra íþróttasamtaka í heild eða einstakra íþróttafélaga innan bandalagsins, af einstökum dugnaði og kostgæfni. Heiðurskjal, undirritað af framkvæmdastjórn ÍBR, skal fylgja viðurkenningunni.

Gullmerki ÍBR má veita þeim, sem innt af hendi hafa langvarandi og mikil störf í þágu reykvískra samtaka eða íþróttafélaga innan ÍBR. Einnig reykvískum íþróttamönnum, sem vinna mikil afrek í alþjóðlegum íþróttamótum.

Tillaga um veitingu viðurkenningar ÍBR skal lögð fram skriflega á fundi framkvæmdastjórnar ÍBR.

Til þess að veita heiðursviðurkenningu ÍBR þarf samþykki ¾ framkvæmdastjórnar ÍBR.

Heiðursviðurkenningar skulu númeraðar og skráðar í sérstaka bók.

# Afreksfólk Fjölnis 2018

**Eins og fram hefur komið, þá eru margir glæsilegir fulltrúar deilda, sem koma til greina sem íþróttakona og íþróttakarl Fjölnis. Það má því segja, að valið snúist um að finna þá sem eru fremstir meðal jafningja hverju sinni. Við erum óendanlega stollt af öllum iðkendum okkar, enda felst auðlegð félags eins og Fjölnis í þeim sem kjósa að iðka sínar íþróttir hjá félaginu. Við erum með íþróttafólk í fremstu röð í öllum deildum félagsins. Þeir sem hafa verið valdir á þessu ári eru . .**

**Íþróttakona Fjölnis 2018 er Hera Björk Brynjarsdóttir, tennisdeild**

**Íþróttakarl Fjölnis 2018 er Kristinn Þórarinsson, sunddeild**

## Fjölnismaður ársins.

Eins og segir í reglugerð, þá er Fjölnismaður ársins kjörinn ár hvert af aðalstjórn félagsins.

Fjölnismaður ársins er valin með hliðsjón af framúrskarandi framlagi til félagsins í formi sjálfboðavinnu, hvatningu, unnið óeigingjarnt starf og eða annað sem tekið hefur verið eftir.

Deildir félagsins geta komið með ábendingar um einstaklinga, sem gætu komið til greina. Eins og alltaf þá komu margir til greina, enda eru handtök sem þarf að vinna nær endalaus og félagið byggir á því að eiga góða að sem leggja sitt á vogarskálar.

Við erum ungt félag, sem höfum vaxið mjög hratt á undanförnum árum. Það hefur verið mjög gefandi að sjá mikið af ungu fólki koma inn í starfið – ungt fólk sem verið hefur Fjölnisfólk allt sitt líf og hafa alltaf verið í félaginu. Fram til þessa hafa flestir sem starfa hjá félaginu verið fyrrverandi eitthvað J Unga fólkið sem tekur við hefur aldrei efast um félagið. Aðalstjórn ákvað, að Fjölnismenn ársins væru þeir sem standa á bak við Getraunakaffi Fjölnis. Ég vil biðja Geir og Kolbein Kristinssyni, Hjörleif Þórðarson, Hallgrím Andra Jóhannsson, Grétar Atli Davíðsson og Marinó Þór Jakobsson um að koma hingað til mín.

Þessir ungu menn eru fulltrúar alls þessa unga fólks, sem okkur langar til að heiðra og þakka fyrir þeirra framlag. Þeir tóku að sér að sjá um Getraunakaffi Fjölnis og hafa á stuttum tíma gert það að einu stærsta slíku hér á landi. Á laugardagsmorgnum kemur saman stór hópur fólks úr öllum deildum hér í Egilshöll og spjallar og fær sér kaffi um leið og það styrkir félagið með þátttöku í Getraunum. Það eru allir velkomnir og þetta er orðið fastur þáttur í helgum hjá mörgum Fjölnismönnum. Þið eruð vel að þessu komnir – til hamingju – og takk fyrir það sem þið hafið þegar gert – en það er eins og alltaf nóg að gera framundan.

## Fimleikadeild

**Íþróttakarl fimleikadeildar árið 2018 er Sigurður Ari Stefánsson**

Sigurður Ari er fæddur árið 2004 og hefur stundað fimleika frá 5 ára aldri með Fjölni. Hann er virkilega áhugasamur og góð fyrirmynd fyrir aðra iðkendur. Sigurður Ari hefur náð miklum árangri á árinu og varð í vor í öðru sæti í fjölþraut á Íslandsmótinu í þriðja þrepi karla. Sigurður Ari var valinn til að mæta á úrtökuæfingu fyrir unglingalandslið karla núna í nóvember 2018 en í unglingalandsliðinu eru drengir fæddir á árunum 2004 til 2001. Sigurður er núna kominn með rétt til að keppa í fyrsta þrepi eða frjálsum æfingum, fyrstur drengja hjá fimleikadeild Fjölnis.

**Íþróttakona fimleikadeildar árið 2018 er Ásta Kristinsdóttir.**

Ásta er fædd árið 2000 og er ein fremsta fimleikakona Fjölnis. Ásta keppir í hópfimleikum og var á árinu valin til að keppa fyrir hönd Íslands með kvennaliði okkar í hópfimleikum á Evrópumótinu í Portúgal í október s.l. Þar vann hún til silfurverðlauna, en íslenska liðið rétt missti af gullinu til Svía með aðeins 0.2 stigum. Ásta hefur áður unnið til verðlauna á erlendri grundu en hún vann gull með stúlknaliði Íslands á Evrópumótinu í hópfimleikum árið 2016. Ásta er mikil og góð fyrirmynd fyrir aðra iðkendur og er það mikill heiður fyrir fimleikadeild Fjölnis að hafa slíka íþróttakonu í landsliði Íslands í hópfimleikum.

## Frjálsíþróttadeild

**Íþróttakona frjálsíþróttadeildar árið 2018 er Vilhelmína Þór Óskarsdóttir**

Vilhelmína er tvítug frjálsíþróttakona sem hefur staðið sig mjög vel á árinu 2018. Hún hefur æft frjálsar íþróttir frá unga aldri og hefur einbeitt sér að keppni í hlaupum síðustu misseri. Hefur hún náð mjög góðum árangri í 60, 100, 200 og 400m hlaupum. Á árinu 2018 hljóp hún 400m á 57,19sek sem gefur 968 IAAF stig sem er frábær árangur. Hún hljóp 200m á 26,05sek, 100m á 12,82sek og 60m á 8,11sek. Allt eru þetta frábærir tímar og er hún í hópi bestu hlaupara landsins um þessar mundir. Vilhelmína eða Minna eins og hún er alltaf kölluð var valin í landslið Íslands á þessu ári og er þar í hópi 4x400m boðhlaupskvenna.

**Íþróttakarl frjálsíþróttadeildar árið 2018 er Hugi Harðarson**

Hugi er 31 árs gamall og hefur náð langt í hlaupum undanfarin ár. Áður fyrr keppti hann fyrst og fremst í langhlaupum en undanfarið hefur hann einbeitt sér meira að styttri hlaupum eins og 400m og 800m. Á þessu ári hljóp hann 800m á tímanum 1:56,56 sem gefur 895 IAAF stig sem er mjög góður árangur. Er það þriðji besti árangur karla innanhúss á þessu ári. Hann sigraði Stórmót ÍR í 800m hlaupi og varð annar á Reykjavík International Games.

## Handknattleiksdeild

**Íþróttakona handknattleiksdeildar fyrir árið 2018 er Elísa Ósk Viðarsdóttir.**

Elísa er uppalin Fjölniskona sem kom heim aftur fyrir síðustu leiktíð. Hún er gríðarlega kraftmikill og fjölhæfur leikmaður en hún getur leyst flestar stöður á vellinum og ekki nóg með það heldur á hún einnig talsverðan fjölda leikja í meistaraflokki í

knattspyrnu. Elísa er frábær fyrirmynd fyrir yngri leikmenn og góður liðsmaður. Hún er jákvæð og alltaf til í að læra nýja hluti og er mikill leiðtogi.

**Íþróttakarl handknattleiksdeildar fyrir árið 2018 er Brynjar Loftsson.**

Brynjar er uppalinn Fjölnismaður sem kom heim aftur fyrir nokkrum árum. Hann er mjög öflugur leikmaður og hefur á undanförnum árum sýnt frábæra takta á parketinu, meira að segja allt að því fimleikatakta í leik nú á dögunum. Brynjar er frábær fyrirmynd fyrir yngri leikmenn liðsins og glæsilegur fyrirliði. Það ættu allir að eiga einn Brynjar í horninu :)

## Íshokkídeild

**Íþróttakarl Íshokkídeildar fyrir árið 2018 er Kristján Albert Kristjánsson**

Kristján er tvítugur leikmaður Fjölnis-Bjarnarins. Kristján hefur verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands í íshokkí og er í æfingahópi í Senior liði Íslands. Kristján hefur vaxið gríðarlega sem leikmaður og félagi á síðustu misserum og er einn mikilvægasti leikmaður meistaraflokk félagsins. Kristján er ötull við að stunda æfingar ásamt því að sinna starfi í kringum deildina. Kristján er einn af þremur fyrirliðum liðsins og er ennþá að vaxa, spennandi leikmaður sem vert er að fylgjast vel með.

**Íþróttakona Íshokkídeildar fyrir árið 2018 e Karen Ósk Þórisdóttir**

Karen Ósk er 26 ára gömul leikmaður Fjölnis-Bjarnarins. Karen Ósk hefur um árabil verið einn mikilvægasti leikmaður Mfl. kvenna. Hún tók þátt í verkefni íslenska landsliðshópsins sl. vor sem landaði Bronsi á HM í sinni deild. Karen er liði sínu gríðarlega mikilvæg sem leikmaður inni á svellinu. Hún er mikill liðsmaður og hefur góð áhrif á alla sem í kringum hana eru. Karen er sem stendur í barneignum en mun að öllum likindum birtast inn á svellinu áður en um langt líður, enda öflugur íþróttamaður og góð fyrirmynd.

## Listskautadeild

**Íþróttakona listskautadeildar fyrir árið 2018 er Sólbrún Erna Víkingsdóttir**

Sólbrún hefur haldið áfram æfingu og keppni á listskautum, samfara háskólanámi og þjálfaranámi. Hún tók þátt í þremur alþjóðlegum þjálfaranámskeiðum, í Rússlandi, Eistlandi og hér á Íslandi. Hún hefur lagt mikið af mörkum til að auka gæði listskauta hér á landi með vinnu sinni að þjálfun yngri kynslóðar skautara.

## Karatedeild

**Íþróttakarl karatedeildar fyrir árið 2018 er Baldur Sverrisson**

Baldur hefur í gegnum langan feril í deildinni unnið ötullega og verið öðrum góð fyrirmynd. Það hefur svo sýnt sig í að hann er í dag vinsæll þjálfari yngri iðkenda og stuðningsmaður þeirra á mótum þar sem hann tekur jafnan að sér liðsstjórahlutverkið. En Baldur lauk fyrr á árinu 1. stigs þjálfararéttindum ÍSÍ eftir að hafa starfað sem aðstoðarþjálfari um árabil. Baldur er einn Afreksiðkenda deildarinnar og hefur sýnt góðan árangur sem keppnismaður í greininni. Enda kemur hann að jafnaði heim með verðlaun þegar hann tekur þátt. Þannig náði hann 2. sæti í Kata á Reykjavík International Games, 3. sæti á Íslandsmeistaramóti unglinga í kata. Og á Grand Prix mótaröðinni (3 mót) náði hann samanlagt 2. sæti í Kata og samanlagt 3. Sæti í Kumite. Metnaður og Virðing eru þau gildi sem Baldur hefur staðið fyrir í starfi sínu innan karatedeildarinnar.

**Íþróttakona karatedeildar fyrir árið 2018 er Eydís Magnea Friðriksdóttir**

Eydís hefur, þrátt fyrir ungan aldur sýnt mikið keppnisvilja. Árið í ár var henni gott, hún náði 3. sæti í Kata á Reykjavík International Games, 2. sæti á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kata. Á Grand Prix mótaröðinni náði hún samanlagt 1. Sæti í Kata og varð þar með Grand Prix meistari og í Kumite varð

hún í 3. sæti. Eydís er auk þess meðlimur í Afrekshópi deildarinnar og var valin til að taka þátt fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum í San Marino fyrr á árinu. Metnaður er það gildi sem Eydís hefur lifað í starfi sínu innan deildarinnar.

## Knattspyrnudeild

**Íþróttakarl knattspyrnudeildar fyrir árið 2018 er Torfi Tímóteus Gunnarsson.**

Torfi, sem er 19 ára gamall varnarmaður, spilaði 21 leik fyrir Fjölni í deild og bikar í sumar. Auk þess hefur hann spilað 6 leiki með U-21 árs landsliði Íslands. Torfi hefur vaxið gríðarlega sem knattspyrnumaður á undanförnum árum og er óumdeilanlega orðinn einn af betri knattspyrnumönnum landsins. Framtíðin er björt hjá Torfa, hann er flottur karakter, mikill Fjölnismaður og mjög vel að þessari tilnefningu kominn.

**Íþróttakona knattspyrnudeildar fyrir árið 2018 er Margrét Ingþórsdóttir**

Margrét Ingþórsdóttir, sem er 29 ára gamall markmaður, spilaði 16 leiki á sínu fyrsta tímabili fyrir Fjölni í deild og bikar í sumar. Margrét stóð sig frábærlega sem markvörður Fjölnis á tímabilinu. Hún stýrði vörninni fyrir fram sig eins og herforingi og var með stórar markvörslur þegar á þurfti að halda. Margrét er sterku leiðtogi, flottur karakter og vel að þessari tilnefningu komin.

## Körfuboltadeild

**Íþróttakarl körfuknattleiksdeildar fyrir árið 2018 er Róbert Sigurðsson**

Róbert er leikmaður í meistaraflokki karla. Róbert er uppalinn Fjölnismaður og hefur alla tíð spilað fyrir Fjölni að undanskildu einu tímabili. Róbert gegnir mikilvægu hlutverki í meistaraflokki karla sem drífandi fyrirliði bæði innan vallar sem utan. Róbert gegnir stöðu leikstjórnanda inni á vellinum og er því gert að stýra leik liðsins í takt við áherslur þjálfara. Við fögnum því að hafa Róbert í okkar liði.

**Íþróttakona körfuknattleiksdeildar fyrir árið 2018 er Margrét Ósk Einarsdóttir**

Margrét Ósk er leikmaður í meistaraflokki kvenna. Margrét kom til okkar fyrir þremur árum og um leið varð hún ein af Fjölnisfjölskyldunni. Margrét gegnir mikilvægu hlutverki hjá meistaraflokki kvenna sem drífandi fyrirliði bæði innan vallar sem og utan. Inni á vellinum er hún sterkur varnamaður og þriggja stiga körfurnar ófáar. Auk þess að vera leikmaður og fyrirliði meistaraflokks kvenna er Margrét einnig þjálfari hjá deildinni. Hún hefur þjálfað sl. 2 ár hjá okkur með góðum árangri og hefur iðkendafjöldinn aukist undir hennar stjórn. Margrét vekur eftirtekt í körfuboltasamfélaginu fyrir færni sína í þjálfun og þá sér í lagi út frá samskiptum og hvatningu til iðkenda sinna. Margrét hefur verið eftirsóttur körfuboltaþjálfari í hinum ýmsu æfingabúðum um allt land. Margrét var nýlega valin í þjálfarateymi U16 ára landslið kvenna. Við erum stolt af því að hafa Margréti Ósk í Fjölni.

## Skákdeild

**Íþróttakarl Skákdeildar fyrir árið 2018 e Dagur Ragnarsson**

Dagur er 21 árs liðsmaður A sveitar Fjölnis í 1. deild á Íslandsmóti skákfélaga, en nú þegar mótið er rúmlega hálfnað þá er A sveit Fjölnis efst. Dagur er einn af lykilmönnum sveitarinnar og á stóran þátt í toppsætinu sem Fjölnir situr nú í. Dagur er FIDE meistari og margfaldur Norðurlandameistari, bæði einn og með skáksveitum Rimaskóla. Dagur vann eitt mesta afrek ársins sem íslenskur skákmaður náði, þegar hann varð ásamt sænska stórmeistaranum Yuri Solodovnichenko efstur á fjölmennasta alþjóðlega skákmóti Norðurlanda, Västerås Open sem lauk 30. sept. sl. Hann stóð sig einnig vel á móti á eynni Mön. Við þessi tvö mót hækkaði Dagur mikið á stigum og rauf 2.300 eló-stigamúrinn. Dagur náði nýlega öðru sæti á Atskákmóti Íslands 2018 og hann er því í góðu formi í upphafi nýs árs. Hann er mikil fyrirmynd fyrir yngstu og efnilegustu skákmenn landsins og það er mikill akkur fyrir Skákdeild Fjölnis að hafa

hann og önnur efnileg Fjölnisungmenni í liði sínu. Þau halda öll tryggð við Skákdeild Fjölnis og geta ekki hugsað sér að tefla fyrir önnur íslensk skákfélög.

**Íþróttakona Skákdeildar fyrir árið 2018**
**Nansý Davíðsdóttir**
Nansý hefur sl. áratug vakið athygli fyrir að vera efnilegasta skákkona Íslands. Nansý sem er 16 ára gömul hefur margsinnis unnið Norðurlandamót, bæði með sveitum Rimaskóla og líka ein. Árið 2018 varð tímamótaár í skákiðkun Nansýjar því að hún var í fyrsta sinn valin í kvennalandslið Íslands, sem tók þátt í Ólympíuskákmótinu í Batuni í Georgíu nú í haust. Nansý var langyngst þeirra 5 kvenna sem skipuðu landsliðshópinn. Að loknum 11 umferðum var Nansý sú eina landsliðskvenna, sem hafði teflt allar umferðirnar og sýnir það vel hversu ótrúlega sterk og úthaldsgóð hún reynist við taflborðið. Nansý er ein sterkasta skákkona heims í sínum aldursflokki og sannaði það m.a. með því að verða Norðurlandameistari stúlkna 16 ára og yngri á NM stúlkna í Finnlandi í lok apríl. Það er gífurlegur fengur fyrir skákdeild Fjölnis að eiga Nansý í okkar einstaklega sterka og bráðefnilega skákhópi.

## Sunddeild

**Íþróttakarl sunddeildar fyrir árið 2018**
**Kristinn Þórarinsson**
Kristinn kom til baka til Fjölnis á árinu og er það mikið gleðiefni. Kristinn varð á árinu íslandsmeistari í 50 og 100 metra baksundi og einnig í 100 og 200 metra fjórsundi. Kristinn náði lágmörkum og tók þátt í heimsmeistaramótinu í 25 metra sundlaug og keppti þar í 50 metra baksundi og einnig í 100 og 200 metra fjórsundi.

**Íþróttakona sundadeildar fyrir árið 2018 er**
**Eygló Ósk Gústafsdóttir**
Eygló Ósk gekk einnig til liðs við Fjölni á árinu og er hluti af ört vaxandi afrekshóps félagsins í sundi. Eygló Ósk varð á árinu íslandsmeistari í 100 metra baksundi. Hún náði einnig lágmörkum til þátttöku á heimsmeistaramóti í 25 metra laug og keppti þar í 100 metra baksundi.

## Tennisdeild

**Íþróttakona tennisdeildar fyrir árið 2018 er**
**Hera Björk Brynjarsdóttir**
Hera hefur æft tennis með Fjölni frá 6 ára aldri og hefur haldið tryggð við félagið alla tíð. Hún hefur náð gríðarlega miklum árangri í tennis og hefur verið ein fremsta tenniskona Íslands í áraraðir. Hera varð Í slandmeistari í einliðaleik utanhúss 2018 og einnig Íslandmeistari í tvíliðaleik utanhúss 2018. Hera hefur æft og spilað tennis með Valdosta State University í Georgiu, USA á 100% námsstyrk.

Hera hefur verið mikil afrekskona í tennis og hefur unnið til margra titla bæði innanhúss sem utan á undanförnum árum. Hera er mikil og góð fyrirmynd fyrir aðra íþróttamenn.

Við óskum öllu þessu frábæra afreksfólki til hamingju.

*#FélagiðOkkar*




# Grafarvogur

**GRAFARVOGUR ER STÓRT HVERFI BÆÐI HVAÐ VARÐAR ÍBÚAFJÖLDA EN EINNIG LANDSVÆÐI OG ERU ÍBÚAR UM 18.112 MANNS Á 6.216 HEIMILUM. Í HVERFINU ER MIKIL HVERFISVITUND OG LÍTA MARGIR ÍBÚAR Á GRAFARVOG SEM EINSKONAR BÆ INNAN BORGARMARKANNA.**

Það sem einkennir hverfið er mikil nánd við náttúruna. Þar ber helst að nefna svæði eins og Gufunesið, Grafarvoginn og ánna Korpu. Hverfið markast einnig af langri og fallegri sjávarsíðu sem umlykur hverfið að stórum hluta. Íbúarnir nýta sér óspart þessar náttúruperlur til útivistar og íþróttaiðkunar.

## Ströndin og hæðirnar eru einkenni Grafarvogs

Sú staðreynd að umdæmið hefur langa strandlengju skilgreinir eðli allra nágranna innan Grafarvogs. Önnur einkenni eru hæðirnar, sem gerðu allt svæðið fullkomið fyrir einbýlishús. Í suðurhlutanum er útsýn yfir Reykjavík  og gömlu borgina frá flestum húsum.  Þó að íbúarþróun Gravarvogs hafi þróað sterkt hverfi, var næstum eins og héraðinu tiltekið sveitarfélag. Ein af ástæðunum gæti verið stærð og samsetning viðskipta- og íbúðarhverfa sem miðlar tilfinningu að þetta er ekki bara úthverfi heldur einnig samfélag með sjálfsmynd þess.

## Frábær bær í Reykjavík með hverfum sem hafa góða aðgang að útivist

Í Grafarvogi eru frábær tækifæri til útivistar. Gönguleiðir meðfram ströndinni eru fallegar og er frábært útsýni yfir gamla bæinn í Reykjavík og nærliggjandi fjöll. Í Grafarvogi finnur þú einnig krefjandi golfvöll sem staðsettur er við gamla bæinn á Korpúlfsstöðum.  Bærinn er mikilvægur staður í sögu Íslands vegna mikils mjólkurbús sem var byggt þar snemma á síðustu öld af einum af frumkvöðlum Íslands, Þór Jenssen.  Aðalbyggingin stendur ennþá, og hýsir nú Golfklúbb Reykjavíkur og vinnustofur fyrir listamenn.

## Upplýsingar um hverfið

*https://reykjavik.is/skrifstofaogsvid/grafarvogur*

**Til Grafarvogshverfis teljast,**
Hamrar,
Foldir,
Hús,
Rimar,
Borgir,
Víkur,
Engi,
Spöng,
Staðir,
Höfðar,
Bryggjuhverfi,
Geirsnef,
Gufunes og
Geldinganes.


GUFUNES
Mynd: Sigosig


KELDUR
480 íbúðir
Mynd: Sigosig


MÓAVEGUR 2-4
156 íbúðir
Félagsbústaðir með 20% íbúða
Áætlað upphaf framkvæmda: Janúar 2018
Áætluð fyrsta afhending: Maí 2019
Áætluð framkvæmdalok: Desember 2019
Mynd: Yrki Arkitektar


ELLIÐAÁRVOGUR
Mynd: Sigosig


GUFUNES
Mynd: Ivantspijker

# Lög Fjölnis

**Lög félagsins**
**Lög Ungmennafélagsins Fjölnis, samþykkt á aðalfundi 12. mars 2015.**

## NAFN, HEIMILI, TILGANGUR OG AUÐKENNI FÉLAGSINS

**1. grein**
Félagið heitir Ungmennafélagið Fjölnir. Heimili félagsins og varnarþing er í Grafarvogi, Reykjavík.

**2. grein**
Tilgangur félagsins er:
að reyna eftir mætti að vekja löngun hjá félagsmönnum til að vinna að frelsi, framförum og heill sjálfra sín og þjóðarinnar af mannúð og réttlæti
að vernda þjóðlega menningu
að auka áhuga félagsmanna og almennings á líkamsrækt og stuðla að alhliða íþróttaiðkun
að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tómstundastarfi
að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna, s.s. vímuefna
að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „Íslandi allt"

**3. grein**
Markmiðum sínum hyggst félagið ná með virku og öflugu félagsstarfi, íþróttaæfingum, námskeiðum og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru hverju sinni.

**4. grein**
Allir iðkendur, stjórnarmenn deilda, Fjölniskorthafar og starfsmenn félagsins teljast félagsmenn. Einnig getur hver sá orðið félagi, er sækir skriflega um inngöngu í félagið og gangast vill undir lög þess. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til skrifstofu félagsins, sem jafnframt sér um innheimtu félagsgjalda.

**5. grein**
Búningur félagsins skal vera háður samþykki stjórnar hverju sinni.

**6. grein**
Merki félagsins er skjöldur með tveimur F-um, sem vísa hvort á móti öðru. Breytingar á merki félagsins eru háðar samþykki aðalfundar.

## STJÓRNUN FÉLAGSINS

**7. grein**
Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Allir félagsmenn 16 ára og eldri sem ekki skulda félagsgjöld til félagsins hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Boða skal aðalfund minnst með sjö daga fyrirvara og auglýsa á sem víðtækastan hátt. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn tillögum að lagabreytingum og framboði til stjórnarsetu rennur út.

**DAGSKRÁ AÐALFUNDAR SKAL VERA:**

a) Skýrsla stjórnar
b) Reikningar félagsins
c) Lagabreytingar
d) Kjör formanns
e) Kjör stjórnarmanna
f) Kjör skoðunarmanna reikninga
g) Önnur mál

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi félagsins undir dagskrárliðnum „lagabreytingar" og þá með fulltingi 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til breytinga á

lögum félagsins, undirritaðar af flutningsmönnum, skulu sendar aðalstjórn félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Sami frestur gildir um tillögur um stjórnarmenn.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála nema ef mál falla undir 4. mgr. 7. gr. laga þessara. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað af fundarmönnum. Ef atkvæði standa á jöfnu falla mál niður.

**8. grein**

Stjórn félagsins er skipuð að lágmarki 7 mönnum. Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Allir félagsmenn félagsins sem eru fjárráða geta boðið sig fram til formanns. Formaður félagsins getur ekki samtímis verið formaður deildar.

Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda. Stjórn fer með umboð og vald aðalfundar á milli aðalfunda án heimildar til lagabreytinga. Á aðalfundi eru kosnir 2 skoðunarmenn reikninga en í þeirra stað má kjósa 1 löggiltan endurskoðanda.

**9. grein**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn er ábyrg gagnvart aðalfundi fyrir fjárreiðum og eignum félagsins. Deildarstjórnir eru ábyrgar fyrir rekstri sinna deilda gagnvart stjórn og aðalfundum deilda. Reikningar félagsins skulu liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund til skoðunar fyrir félagsmenn.

**10. grein**

Formaður félagsins eða framkvæmdastjóri rita félagið samkvæmt undirrituðum fundarsamþykktum stjórnar. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð og allar fjárskuldbindingar félagsins og deilda þess eru háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að skuldbinda félagið eða deildir þess með persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allir samningar gerðir í nafni Ungmennafélagsins Fjölnis eða deilda þess skulu áritaðir af formanni eða framkvæmdastjóra félagsins.

**11. grein**

Ef reikningar félagsins eru felldir í atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal fundinum slitið strax og boðað til framhaldsaðalfundar innan 4 vikna. Stjórn leggur fyrir framhaldsaðalfund nýja reikninga til samþykktar. Framhaldsaðalfund skal boða á sama hátt og aðalfund og gilda um hann sömu reglur og hefur hann sama vald og um aðalfund væri að ræða.

**12. grein**

Stjórn tilnefnir fulltrúa félagsins á sambandsþing heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til starfa eftir því sem þurfa þykir.

**13. grein**

Stjórn skiptir öllum tekjum sem ekki koma inn á svið deilda, þ.m.t félagsgjöldum og Lotto.

**14. grein**

Fulltrúar stjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi félagsins og deilda þess. Stjórn skal halda samráðsfundi með formönnum deilda á minnst 3 mánaða fresti. Alla stjórnarfundi félagsins, sem og félags- og aðalfundi, skal skrá í fundargerðarbækur.

**15. grein**

Heiðursveitingar UMFF eru: Silfurmerki, Gullmerki, heiðursfélagi UMFF og heiðursforseti UMFF. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir um heiðursveitingar og setur nánari reglur um þær. Tilkynna skal um heiðursveitingar á aðalfundi.

Stjórnun deilda og meistaraflokka

**16. grein**

Aðalfundir deilda skulu haldnir fyrir lok mars ár hvert. Reikningsár deilda er almanaksárið. Með boðun, dagskrá, kjörgengi og atkvæðarétt aðalfunda deilda skal fara eins og um aðalfund félagsins væri að ræða utan lagabreytingaákvæði en aðalfundir deilda hafa ekki heimild til lagabreytinga.

Allar deildir félagsins skulu skila samþykktum reikningum deilda minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórn er heimilt að setja vinnureglur sem varða bókhald deilda, bókhaldsskil og uppgjör og víkja deildarstjórn frá störfum ef störf hennar brjóta í bága við reglur um fjárreiður félagsins. Skal stjórn félagsins þá taka við störfum deildarstjórnar þar til hægt er að halda aðalfund viðkomandi deildar og kjósa nýja deildarstjórn.

Hafi deild ekki haldið aðalfund innan tilskilinna tímamarka, eða ekki náð að skila samþykktum reikningum fyrir undangengið reikningsár til stjórnar minnst tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins, telst deildin hafa vanrækt að halda aðalfund á tilsettum tíma og skal þá stjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

**17. grein**

Stjórn hverrar deildar skal skipuð minnst fimm mönnum, formanni sem kosinn er á aðalfundi viðkomandi deildar og fjórum meðstjórnendum, ásamt tveimur til vara einnig kjörnum á aðalfundinum.

Endurskoðandi/skoðunarmenn reikninga félagsins hafa eftirlit með reikningum deilda. Deildarstjórn skiptir sjálf með sér verkum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda.

Deildarstjórn getur sett sér og deild sinni vinnureglur brjóti þær ekki í bága við lög félagsins. Deildarstjórn skal halda félagaskrá í samráði við stjórn félagsins.

**18. grein**

Heimilt er að starfrækja meistaraflokka innan félagsins að uppfylltum skilyrðum laga þessara, en einungis utan reksturs hefðbundins barna- og unglingastarfs (í samræmi við kröfur ÍSÍ um aðskilnað þessara rekstrareininga). Rekstur meistaraflokka skal vera bókhalds- og félagslega sjálfstæður og með sér kennitölu.

Deildarstjórn getur ein óskað eftir því við stjórn að meistaraflokkar sé starfræktir í þeirri íþróttagrein sem deildina varðar. Stjórn metur rekstrar- og félagslegan grundvöll fyrir slíkum rekstri og veitir eða hafnar heimild til reksturs. Veiti stjórn leyfi til rekstursins skal stjórn félagsins skipa stjórn meistaraflokks samkvæmt tilnefningu deildarstjórnar og ber stjórn mfl ábyrgð á viðkomandi rekstri gagnvart stjórn félagsins. Stjórn félagsins hefur heimild til að setja reglur um leikmannasamninga og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd þeirra.

Uppgjör vegna reksturs meistaraflokka skal kynnt sérstaklega á aðalfundi félagsins ár hvert en vera hluti af rekstrar- og efnahagsreikningi félagsins. Stjórn meistaraflokks skal leggja fram rekstrar- og tekjuáætlun fyrir hvert keppnistímabil fyrir sig til stjórnar til samþykktar og er hún bindandi fyrir stjórn meistaraflokksins. Stjórn meistaraflokks er óheimilt að skuldbinda félagið með nokkrum hætti nema með samþykki framkvæmdastjóra.

**19. grein**

Ósk félagsmanna um stofnun nýrrar deildar skal bera fram við stjórn félagsins. Stjórn tekur ákvörðun um stofnun nýrrar deildar á grundvelli markmiða UMFF.

Ef engin starfsemi er í deild getur stjórn ákveðið að leggja deildina niður tímabundið eða endalega. Eignir / skuldir viðkomandi deildar verða þá í vörslu stjórnar eða renna í aðalsjóð félagsins.

**ÖNNUR ÁKVÆÐI**

**20. grein**

Ungmennafélagið Fjölnir er aðili að ÍBR og með beina aðild að UMFÍ og er félögum skylt að virða lög þeirra.

**21. grein**

Til að félagið verði lagt niður þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og skal þá stjórnin boða til aukaaðalfundar sem verður einnig að samþykkja tillöguna með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Verði félagið lagt niður skal afhenda eigur þess til Íþróttabandalags Reykjavíkur til varðveislu, en ef hliðstætt félag verður stofnað innan hverfisins síðar skulu eignir þess afhentar hinu nýja félagi til afnota.

**22. grein**

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á aðalfundi félagsins og falla þá jafnframt úr gildi fyrri lög félagsins.

# Umf. Fjölnir

## Ársreikningur samstæðu

# 2018

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sundurliðun eftir deildum 2018 | 6-7 |
| Sundurliðun eftir deildum 2017 | 8-9 |
| Skýringar | 10-13 |

# Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

**Til stjórnar og félagsmanna í Ungmennafélaginu Fjölni.**

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Ungmennafélagsins Fjölnis vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Ungmennafélagið Fjölni við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Kópavogur, 19. mars 2019

**Deloitte ehf.**

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur UMF Fjölnis árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og deilda þess, sem voru 10 í lok ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 746,7 millj.kr. á árinu. Tap af rekstrinum nam 22,5 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 169,5 millj.kr. í lok ársins 2018. Eigið fé í lok ársins nam 112,9 millj.kr.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins Fjölnis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Fjölnis staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2019

**Í stjórn**

Jón Karl Ólafsson (sign)
formaður

Sveinn Ingvarsson (sign)
varaformaður

Styrmir Freyr Böðvarsson (sign)
ritari

Asta Björk Matthíasdóttir (sign)
meðstjórnandi

Elísa Kristmannsdóttir (sign)
meðstjórnandi

Hreinn Ólafsson (sign)
meðstjórnandi

Jósep Grímsson (sign)
meðstjórnandi

**Framkvæmdastjóri**

Guðmundur L. Gunnarsson (sign)

# Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr. | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Aðalsjóður 2018 | Aðalsjóður 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Framlög og styrkir | | 363.159 | 333.607 | 307.722 | 290.168 |
| Tekjur af mótum | | 48.724 | 53.066 | 2.132 | 4.217 |
| Æfingagjöld | | 206.061 | 191.906 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 128.770 | 117.101 | 21.816 | 18.252 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 746.714 | 695.680 | 331.670 | 312.637 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 3 | (360.575) | (327.792) | (62.336) | (54.371) |
| Styrkir til deilda | | 0 | 0 | (19.055) | (18.450) |
| Þáttaka í mótum | | (97.011) | (79.121) | (2.145) | (1.236) |
| Mannvirkjakostnaður | | (215.287) | (204.184) | (210.201) | (199.223) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (10.698) | (8.707) | (6.892) | (5.947) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (80.096) | (98.135) | (27.009) | (22.099) |
| **Rekstrargjöld samtals** | | (763.668) | (717.938) | (327.639) | (301.326) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | (16.955) | (22.258) | 4.031 | 11.311 |
| Fjármunatekjur | 4 | 641 | 955 | 280 | 185 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (6.170) | (4.941) | (2.128) | (1.354) |
| | | (5.528) | (3.986) | (1.848) | (1.169) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | (22.483) | (26.243) | 2.183 | 10.142 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2018

| Eignir | | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 126.905 | 129.103 | 124.433 | 126.014 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 6 | 4.600 | 5.400 | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | | 100 | 100 | 100 | 100 |
| | | 131.605 | 134.603 | 124.533 | 126.114 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur | 7 | 36.149 | 42.380 | 8.008 | 6.172 |
| Handbært fé | 7 | 1.787 | 15.861 | 22.559 | 14.967 |
| | | 37.935 | 58.240 | 30.567 | 21.139 |
| **Eignir** | | 169.540 | 192.844 | 155.100 | 147.252 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 112.941 | 137.070 | 137.590 | 136.251 |
| Eigið fé | | 112.941 | 137.070 | 137.590 | 136.251 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 9 | 56.599 | 55.774 | 17.510 | 11.001 |
| | | 56.599 | 55.774 | 17.510 | 11.001 |
| Skuldir | | 56.599 | 55.774 | 17.510 | 11.001 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 169.540 | 192.844 | 155.100 | 147.252 |

# Yfirlit deilda árið 2018

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlög og styrkir | 294.814 | 39.997 | 1.507 | 277 | 6.711 | 955 | 0 | 0 | 280 | 2.884 | 2.277 | 349.703 | 0 | 349.703 |
| Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda | 12.908 | 13.153 | 0 | 150 | 3.000 | 150 | 150 | 0 | 0 | 0 | 3.000 | 32.511 | (19.055) | 13.456 |
| Félags- og æfingagjöld | 0 | 53.109 | 15.015 | 93.965 | 13.003 | 6.744 | 5.701 | 1.908 | 578 | 0 | 16.038 | 206.061 | 0 | 206.061 |
| Húsaleiga á íþróttamannvirki | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.086 | 0 | 0 | 0 | 5.086 | 0 | 5.086 |
| Mótatekjur | 2.132 | 24.954 | 1.089 | 7.649 | 3.795 | 933 | 33 | 0 | 0 | 0 | 8.139 | 48.724 | 0 | 48.724 |
| Lottó og getraunir | 0 | 1.548 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.548 | 0 | 1.548 |
| Fjáraflanir | 0 | 44.703 | 2.736 | 15.558 | 9.094 | 1.112 | 543 | 0 | 0 | 50 | 9.062 | 82.858 | 0 | 82.858 |
| Tekjur af félagaskiptum | 0 | 16.625 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16.625 | 0 | 16.625 |
| Aðrar tekjur | 21.816 | 0 | 0 | 0 | 0 | 196 | 641 | 0 | 0 | 0 | 0 | 22.652 | 0 | 22.652 |
| | 331.670 | 194.090 | 20.347 | 117.600 | 35.602 | 10.090 | 7.068 | 6.994 | 858 | 2.934 | 38.515 | 765.769 | (19.055) | 746.714 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun, orlof, dagpeningar | 49.007 | 22.134 | 8.338 | 78.761 | 15.429 | 6.337 | 1.296 | 0 | 0 | 0 | 0 | 181.301 | 0 | 181.301 |
| Ökutækjastyrkur | 525 | 185 | 0 | 1.619 | 742 | 0 | 480 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.551 | 0 | 3.551 |
| Launatengd gjöld | 10.211 | 4.439 | 1.476 | 16.368 | 2.878 | 1.146 | 274 | 0 | 0 | 0 | 0 | 36.791 | 0 | 36.791 |
| Verktakagreiðslur | 2.593 | 91.146 | 4.630 | 1.882 | 12.234 | 120 | 1.921 | 2.351 | 1.102 | 10 | 20.944 | 138.932 | 0 | 138.932 |
| Kostnaður vegna keppenda og þjálfara | 0 | 13.739 | 0 | 1.150 | 993 | 148 | 36 | 0 | 0 | 190 | 3.290 | 19.545 | 0 | 19.545 |
| Greiðslur vegna félagaskipta | 0 | 2.616 | 0 | 0 | 88 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 605 | 3.309 | 0 | 3.309 |
| Leikja/mótakostnaður og sérsambönd | 350 | 18.079 | 2.664 | 8.722 | 4.730 | 1.044 | 1.125 | 0 | 0 | 1.819 | 4.899 | 43.433 | 0 | 43.433 |
| Ferðakostnaður | 1.795 | 29.719 | 1.267 | 8.501 | 7.506 | 14 | 100 | 0 | 0 | 300 | 4.377 | 53.578 | 0 | 53.578 |
| Búningar og merkingar | 185 | 2.364 | 163 | 2.726 | 227 | 0 | 197 | 80 | 0 | 0 | 1.298 | 7.241 | 0 | 7.241 |
| Áhöld og tæki | 1.468 | 701 | 0 | 179 | 899 | 0 | 108 | 29 | 0 | 0 | 256 | 3.640 | 0 | 3.640 |
| Styrkir til deilda | 19.055 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 19.055 | (19.055) | 0 |
| Rekstur húsnæðis og valla | 210.201 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.086 | 0 | 0 | 0 | 215.287 | 0 | 215.287 |
| Sjoppa á leikvöllum | 0 | 2.710 | 0 | 77 | 169 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 303 | 3.260 | 0 | 3.260 |
| Sími, prentun og skrifstofukostnaður | 6.892 | 2.142 | 82 | 517 | 1.066 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.698 | 0 | 10.698 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | 10.450 | 6.182 | 220 | 3.376 | 386 | 954 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.015 | 25.583 | 0 | 25.583 |
| Námskeið og annar kostnaður | 14.906 | 524 | 318 | 765 | 589 | 4 | 47 | 0 | 0 | 0 | 364 | 17.518 | 0 | 17.518 |
| | 327.639 | 196.681 | 19.158 | 124.643 | 47.935 | 9.767 | 5.584 | 7.546 | 1.102 | 2.319 | 40.351 | 782.723 | (19.055) | 763.668 |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | 4.031 | (2.590,519) | 1.189 | (7.044) | (12.332) | 324 | 1.484 | (552) | (244) | 615 | (1.836) | (16.955) | 0 | (16.955) |
| Vaxtatekjur | 280 | 24 | 13 | 293 | 4 | 11 | 4 | 4 | 1 | 2 | 4 | 641 | 0 | 641 |
| Vaxtagjöld | (2.128) | (1.199) | (260) | (1.311) | (550) | (113) | (2) | (143) | (14) | (2) | (446) | (6.170) | 0 | (6.170) |
| **Afkoma ársins** | 2.183 | (3.766) | 942 | (8.061) | (12.879) | 222 | 1.485 | (691) | (256) | 616 | (2.277) | (22.483) | 0 | (22.483) |

# Yfirlit deilda árið 2018

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 124.433 | 0 | 0 | 2.472 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 126.905 | 0 | 126.905 |
| Óefnislegar eignir | 0 | 4.600 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.600 | 0 | 4.600 |
| Eignarhlutur í öðrum félögum | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| Viðskiptakröfur | 6.450 | 9.023 | 1.339 | 7.092 | 4.326 | 989 | 104 | 35 | 36 | 200 | 2.905 | 32.499 | 0 | 32.499 |
| Kortakröfur | 378 | 296 | 46 | 281 | 90 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 207 | 1.297 | 0 | 1.297 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.180 | 300 | 0 | 872 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.352 | 0 | 2.352 |
| Bankainnstæður | 22.559 | 0 | 7.658 | 8.845 | 0 | 4.057 | 3.369 | 0 | 619 | 1.676 | 0 | 48.782 | (46.996) | 1.787 |
| | 155.100 | 14.219 | 9.043 | 19.562 | 4.416 | 5.046 | 3.473 | 35 | 655 | 1.876 | 3.112 | 216.536 | (46.996) | 169.540 |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | 137.590 | (4.722) | 8.249 | 10.166 | (32.716) | 3.627 | 3.372 | (173) | 655 | 1.876 | (14.983) | 112.941 | 0 | 112.941 |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 4.634 | 0 | 0 | 31.984 | 0 | 0 | 208 | 0 | 0 | 10.169 | 46.996 | (46.996) | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 2.343 | 4.808 | 394 | 3.495 | 2.699 | 620 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.641 | 19.999 | 0 | 19.999 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 15.167 | 9.498 | 400 | 5.901 | 2.449 | 799 | 100 | 0 | 0 | 0 | 2.285 | 36.599 | 0 | 36.599 |
| | 155.100 | 14.219 | 9.043 | 19.562 | 4.416 | 5.046 | 3.473 | 35 | 655 | 1.876 | 3.112 | 216.536 | (46.996) | 169.540 |
| | 0 | (0) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (0) | 0 | (0) |

# Yfirlit deilda árið 2017

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlög og styrkir ............................................ | 290.168 | 26.434 | 1.876 | 783 | 7.132 | 1.370 | 15 | 0 | 75 | 2.600 | 3.155 | 333.607 | 0 | 333.607 |
| Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda ................ | 0 | 12.000 | 0 | 150 | 2.500 | 150 | 150 | 0 | 0 | 0 | 3.500 | 18.450 | (18.450) | 0 |
| Félags- og æfingagjöld ...................................... | 0 | 47.317 | 14.037 | 85.424 | 14.194 | 7.194 | 4.638 | 1.785 | 2.244 | 0 | 15.074 | 191.906 | 0 | 191.906 |
| Húsaleiga á íþróttamannvirki .............................. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.961 | 0 | 0 | 0 | 4.961 | 0 | 4.961 |
| Mótatekjur ....................................................... | 4.217 | 28.240 | 1.421 | 5.859 | 3.359 | 1.691 | 445 | 0 | 0 | 105 | 7.728 | 53.066 | 0 | 53.066 |
| Lottó og getraunir ............................................. | 0 | 261 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 261 | 0 | 261 |
| Fjáraflanir ........................................................ | 0 | 39.449 | 468 | 18.381 | 8.431 | 2.034 | 1 | 0 | 0 | 290 | 10.503 | 79.557 | 0 | 79.557 |
| Tekjur af félagaskiptum .................................... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur ..................................................... | 18.252 | 2.471 | 1.438 | 5.660 | 1.036 | 694 | 736 | 0 | 0 | 0 | 2.035 | 32.323 | 0 | 32.323 |
| | 312.637 | 156.172 | 19.241 | 116.257 | 36.652 | 13.133 | 5.985 | 6.746 | 2.319 | 2.995 | 41.995 | 714.130 | (18.450) | 695.680 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun, orlof, dagpeningar .................................... | 40.257 | 29.585 | 3.909 | 71.018 | 19.589 | 5.703 | 1.123 | 0 | 0 | 0 | 548 | 171.733 | 0 | 171.733 |
| Ökutækjastyrkur ............................................... | 431 | 0 | | 1.253 | 1.303 | 0 | 270 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.257 | 0 | 3.257 |
| Launatengd gjöld .............................................. | 8.115 | 4.962 | 669 | 13.285 | 3.307 | 946 | 208 | 0 | 0 | 0 | 88 | 31.580 | 0 | 31.580 |
| Verktakagreiðslur ............................................ | 5.568 | 78.541 | 7.635 | 1.463 | 5.330 | 282 | 1.765 | 1.595 | 1.131 | 0 | 17.911 | 121.222 | 0 | 121.222 |
| Kostnaður vegna keppenda og þjálfara ............... | 0 | 16.926 | 1.559 | 8.329 | 1.636 | 439 | 451 | 0 | 400 | 510 | 3.559 | 33.810 | 0 | 33.810 |
| Greiðslur vegna félagaskipta ............................. | 0 | 1.215 | | 0 | 380 | 0 | 0 | 0 | 0 | 251 | 646 | 2.491 | 0 | 2.491 |
| Leikja/mótakostnaður og sérsambönd ................. | 569 | 20.937 | 2.135 | 5.544 | 6.438 | 864 | 330 | 0 | 0 | 1.120 | 7.471 | 45.408 | 0 | 45.408 |
| Ferðakostnaður ................................................. | 666 | 17.447 | 89 | 6.356 | 3.835 | 1.803 | 44 | 0 | 0 | 644 | 2.829 | 33.713 | 0 | 33.713 |
| Búningar og merkingar ...................................... | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Áhöld og tæki ................................................... | 2.418 | 1.515 | 106 | 777 | 442 | 786 | 190 | 27 | 0 | 0 | 0 | 6.261 | 0 | 6.261 |
| Styrkir til deilda ............................................... | 18.450 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 18.450 | (18.450) | 0 |
| Rekstur húsnæðis og valla ................................. | 199.223 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.961 | 0 | 0 | 0 | 204.184 | 0 | 204.184 |
| Sjoppa á leikvöllum .......................................... | | 741 | | 0 | 80 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 234 | 1.055 | 0 | 1.055 |
| Sími, prentun og skrifstofukostnaður .................. | 5.947 | 990 | 367 | 1.064 | 0 | 0 | 117 | 0 | 0 | 0 | 221 | 8.707 | 0 | 8.707 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar ............................... | 652 | 13.909 | 545 | 7.484 | 3.002 | 1.870 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.270 | 32.733 | 0 | 32.733 |
| Námskeið og annar kostnaður ........................... | 19.029 | 700 | 0 | 1.291 | 82 | 62 | 621 | 0 | 0 | | | 21.785 | 0 | 21.785 |
| | 301.326 | 187.468 | 17.014 | 117.864 | 45.426 | 12.756 | 5.119 | 6.583 | 1.531 | 2.525 | 38.776 | 736.388 | (18.450) | 717.938 |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | 11.311 | (31.296) | 2.227 | (1.607) | (8.774,043) | 376 | 866 | 163 | 788 | 470 | 3.219 | (22.258) | 0 | (22.258) |
| Vaxtatekjur ...................................................... | 185 | 679 | 8 | 58 | 3 | 5 | (0) | (0) | 3 | 4 | 12 | 955 | 0 | 955 |
| Vaxtagjöld ........................................................ | (1.354) | (911) | (269) | (1.525) | (262) | (125) | (55) | (50) | (59) | (1) | (330) | (4.941) | 0 | (4.941) |
| **Afkoma ársins** ...................................................... | 10.142 | (31.528) | 1.966 | (3.074) | (9.033) | 256 | 810 | 113 | 731 | 472 | 2.900 | (26.243) | 0 | (26.243) |

# Yfirlit deilda árið 2017

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 126.014 | 0 | 0 | 3.090 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 129.103 | 0 | 129.103 |
| Óefnislegar eignir | 0 | 5.400 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.400 | 0 | 5.400 |
| Eignarhlutur í öðrum félögum | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| Viðskiptakröfur | 5.930 | 13.509 | 1.063 | 10.117 | 4.071 | 1.170 | 92 | 44 | 36 | 0 | 3.745 | 39.777 | 0 | 39.777 |
| Kröfur á aðrar deildir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kortakröfur | 61 | 79 | 30 | 948 | 338 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 143 | 1.599 | 0 | 1.599 |
| Aðrar skammtímakröfur | 180 | 0 | 0 | 824 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.004 | 0 | 1.004 |
| Bankainnstæður | 14.967 | 35 | 7.600 | 12.717 | 0 | 2.784 | 1.860 | 474 | 1.003 | 1.260 | 0 | 42.701 | (26.840) | 15.861 |
| | 147.252 | 19.023 | 8.693 | 27.696 | 4.408 | 3.955 | 1.952 | 518 | 1.039 | 1.260 | 3.888 | 219.683 | (26.840) | 192.844 |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | 136.251 | (156) | 7.308 | 18.227 | (19.837) | 3.405 | 1.887 | 518 | 911 | 1.260 | (12.706) | 137.070 | 0 | 137.070 |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 0 | 0 | 0 | 21.119 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.721 | 26.840 | (26.840) | 0 |
| Skuldir við aðrar deildir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 4.758 | 584 | 2.629 | 2.409 | 306 | 15 | 0 | 0 | 0 | 5.733 | 16.434 | 0 | 16.434 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 11.001 | 14.421 | 801 | 6.839 | 717 | 243 | 49 | 0 | 128 | 0 | 5.140 | 39.340 | 0 | 39.340 |
| | 147.252 | 19.023 | 8.693 | 27.696 | 4.408 | 3.955 | 1.952 | 518 | 1.039 | 1.260 | 3.888 | 219.683 | (26.840) | 192.844 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ungmennafélagið Fjölnir er íþrótta- og æskulýðsfélag í Grafarvogi, Reykjavík, með starfsemi í 10 deildum. Félagið skiptist í aðalsjóð, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, skákdeild, sunddeild, taekwondodeild og tennisdeild.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Ungmennafélagsins Fjölnis fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings aðalsjóðs og ársreikninga deilda sem eru undir stjórn aðalstjórnar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Laun og verktakagreiðslur

| | **Samstæða** | | **Aðalsjóður** | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Laun og bifreiðastyrkur | 184.853 | 174.990 | 49.532 | 40.688 |
| Launatengd gjöld | 36.791 | 31.580 | 10.211 | 8.115 |
| Verktakagreiðslur | 138.932 | 121.222 | 2.593 | 5.568 |
| | 360.575 | 327.792 | 62.336 | 54.371 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | **Samstæða** | | **Aðalsjóður** | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Vaxtatekjur | 641 | 955 | 280 | 185 |
| | 641 | 955 | 280 | 185 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | | | |
| Vextir og dráttarvextir | (6.170) | (4.941) | (2.128) | (1.354) |
| | (6.170) | (4.941) | (2.128) | (1.354) |
| | (5.528) | (3.986) | (1.848) | (1.169) |

# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| **Samstæða** | Mannvirki | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 118.111 | 17.590 | 135.701 |
| Eignfært á árinu | 0 | | 0 |
| Staða í árslok | 118.111 | 17.590 | 135.701 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 0 | 6.598 | 6.598 |
| Afskrift ársins | 0 | 2.198 | 2.198 |
| Staða í árslok | 0 | 8.796 | 8.796.202 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 118.111 | 10.992 | 129.103 |
| Bókfært verð í árslok | 118.111 | 8.794 | 126.905 |

## 6. Aðrar óefnislegar eignir

| **Samstæða** | Eignfærð leikmannakaup | Samtals |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða í ársbyrjun | 5.400 | 5.400 |
| Afskrifað á árinu | (800) | 0 |
| Staða í árslok | 4.600 | 4.600 |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 5.400 | 5.400 |
| Bókfært verð í árslok | 4.600 | 4.600 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

| **Viðskiptakröfur og aðrar kröfur** | **Samstæða** | | **Aðalsjóður** | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
| Innlendar viðskiptakröfur | 32.499 | 39.777 | 6.450 | 5.930 |
| Greiðslukortakröfur | 1.297 | 1.599 | 378 | 61 |
| Aðrar kröfur | 2.352 | 1.004 | 1.180 | 180 |
| | 36.149 | 42.380 | 8.008 | 6.172 |

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
| Bankainnstæður í íslenskum krónum ............ | 1.787 | 15.861 | 22.559 | 14.967 |
| | 1.787 | 15.861 | 22.559 | 14.967 |

## 8. Eigið fé

| Samstæða | Endurmats reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2017 ..... | 8.200 | 149.131 | 157.331 |
| Endurmat leikmanna ..... | 1.500 | 0 | 1.500 |
| Aðrar breytingar ..... | | 4.482 | 4.482 |
| Hagnaður ársins ..... | 0 | (26.243) | (26.243) |
| Eigið fé 1.1. 2018 ..... | 9.700 | 127.370 | 137.070 |
| Endurmat leikmanna ..... | (800) | 0 | (800) |
| Aðrar breytingar ..... | (2.100) | 1.255 | (845) |
| Tap ársins ..... | 0 | (22.483) | (22.483) |
| Eigið fé 31.12. 2018 ..... | 6.800 | 106.142 | 112.941 |

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
| Viðskiptaskuldir ..... | 19.999 | 16.434 | 2.343 | 0 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ..... | 36.599 | 39.340 | 15.167 | 11.001 |
| | 56.599 | 55.774 | 17.510 | 11.001 |

## 10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 19. mars 2019